

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

27.júní 2024

Vindorkugarður á Grjótháls: Viðbrögð við umsögnum um matsáætlun

Hrjónur ehf. hefur móttengið umsagnir frá umsagnaraðilum og almenningi við matsáætlun fyrir vindorkugarð á Grjóthálsi í landi Hafþórsstaða og Sigmundarstaða í Borgarbyggð. Matsáætlun var í kynningu frá 20. mars til 22. apríl. Hér á eftir er brugðist við umsögnum sem borist hafa, en alls voru þær frá 9 umsagnaraðilum og 43 umsagnir frá almenningi, landeigendum og félagasamtökum.

Umsagnir sem krefjast viðbragða Hrjóna ehf. hafa borist frá eftirfarandi aðilum:

Efnisyfirlit

Umsagnir umsagnaraðila	3
Umsögn Borgarbyggðar	3
Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands	4
Umsögn Landsnets	5
Umsögn Minjastofnunar	6
Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands	7
Umsögn Samgöngustofu	9
Umsögn Umhverfisstofnunar	9
Umsögn Veðurstofu Íslands	14
Umsögn Vegagerðarinnar	15
Umsagnir almennings	16
1. Almenn mótmæli	16
2. Sjónræn áhrif og ásýnd	23
3. Jarðvegsrask	28
4. Örplast	29
5. Niðurrif, frágangur og endurvinnsla	33

6. Fugla og dýralíf.....	34
7. Ísing	38
8. Efnistaka	38
9. Laxveiði.....	39
10. Grjóthálsvegur/ferðaleiðir/innviðir	42
11. Áhrif á nálæga byggð.....	44
12. Landslag og óbyggð víðerni/ ósnortið land	49
13. Samfélag – Ferðapjónusta og útivist	52
14. Forsendur raforkuframleiðslu og raforkuþörf	57
15. Framkvæmd umhverfismats-samræmi við skipulag og áætlanir	60
16. Rannsóknir og athuganir	67
17. Eignarhald.....	67
18. Breyting á framkvæmd	69
19. Mengunarhætta	72
20. Ljósmeignun	73
21. Landamerki	74
22. Gróðurfar	75
23. Hljóð og titringur.....	75
24. Gögn	76
25. Mótvægisaðgerðir.....	77
26. Kolefnisspor	77
27.Samráð og leyfi	77
28. Vatnafar	79
29. Flugöryggi.....	79
Yfirlit yfir athugasemdir félagasamtaka og almennings.....	80

Umsagnir umsagnaraðila

Umsögn Borgarbyggðar

Nr. 1 - Umsögn Borgarbyggðar	Viðbrögð
<p>Sveitarstjórn staðfestir bókun skipulags- og byggingarnefndar og gerir ekki athugasemd við matsáætlun fyrir framkvæmdir við vindorkugarð á Grjóthálsi.</p> <p>"Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við matsáætlun fyrir framkvæmdir við Vindorkugarð á Grjóthálsi og vísar til endanlegrar afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Nefndin telur að vel sé gert grein fyrir hvernig staðið verði að umhverfismati framkvæmdarinnar, skilgreiningu á valkostum, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismati og framsetningu umhverfismatskýrslu. Þau leyfi sem framkvæmdin er háð og fellur undir Borgarbyggð eru framkvæmdaleyfi og skipulagsáætlanir er liggja þurfa fyrir áður en framkvæmdir hefjast. Borgarbyggð vill áréttta að endurskoðun aðalskipulags stendur yfir þar sem m.a. er gert ráð fyrir stefnumörkun er varðar virkjanaframkvæmdir þar á meðal virkjun vindorku. Borgarbyggð hyggst einnig láta vinna greiningu á mögulegum staðsetningum vindorkuvera í sveitarfélaginu með það að markmiði að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag".</p>	<p><i>Umsögn Borgarbyggðar er í samræmi við það sem fram kemur í matsáætlun og krefst ekki viðbragða.</i></p>

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Nr. 2 - Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands	Viðbrögð
<p>Breytingar á fyrri áformum Heilbrigðiseftirlitið hefur skilning og telur mikilvægt að unnt sé að velja vindmyllur í samræmi við framþróun tækni þannig að ef koma fram tegundir sem eru öflugri og hagkvæmari svo ekki sé talað um hljóðlátari eða heppilegri vegna umhverfisáhrifa þá sé leyfisferlið ekki bundið við tiltekna gerð ef svo kann að vera.</p>	<p><i>Umsögnin krefst ekki viðbragða.</i></p>
<p>Matsskylda framkvæmdar og leyfi Varðandi starfsleyfi þá er ekki útilokað að starfsleyfi geti náð til áhrifasvæðis s.s. vegna vöktunar áhrifaþátta ef löggjöf heimildar það. Þetta gæti t.d. átt við ef framkvæmdin hefði áhrif í samræmi við lög um stjórn vatnamála t.d. á yfirborðsvatn eða grunnvatn. Þá væri líklegt að með starfsleyfi fyrir virkjun myndi vera vísað í sjálfstætt plagg sem fæli í sér samþykkt vöktunaráætlun og hefði því meiri sveigjanleika en starfsleyfið sjálft. aðalforsenda útgáfu starfsleyfis er að það sé í samræmi við skipulag.</p>	<p><i>Umsögnin krefst ekki viðbragða.</i></p>
<p>Landsskipulagsstefna 2015-2026 Mikilvægt er að staðsetning vindorkuvera taki mið af gildandi landskipulagsstefnu og þeirra þátta sem stefnan gerir ráð fyrir að séu sérstaklega greind vegna byggingu vindorkuvera. Hún sé jafnframt í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun.</p>	<p><i>Fjallað verður um samræmi við Landsskipulagsstefnu og lög um verndar- og orkunýtingaráætlun (Rammaáætlun) í umhverfismatsskýrslu. Virkjunarkosturinn er til umfjöllunar í 5.áfangu rammaáætlunar, eins og fram kemur í kafla 2.4 í matsáætlun.</i></p>
<p>Aðalskipulag Enn sem komið er er framkvæmdin ekki á dagskrá en fram kemur að stefnumarkandi vinna standi yfir við endurskoðun á aðalskipulaginu sem tekur sérstaklega til vindorku. Ekki liggur fyrir hvar eða hvernig vegir verða lagðir en í matsáætlun þarf að fjalla um áhrif af veglagningu. Fram kemur að vegir verða u.þ.b. 12 km.</p>	<p><i>Veglagning er hluti af verkefninu, en notast verður við núverandi línuveg upp að svæðinu og hann styrktur. Innan framkvæmdasvæðis verða lagðir vegir að hverri vindmyllu. Fjallað verður um fyrirkomulag vega sem og möguleg áhrif veglagningar á mismunandi umhverfisþætti í umhverfismatsskýrslu.</i></p>
<p>Rammaáætlun Fram kemur að framkvæmdin er ekki á dagskrá skv. Rammaáætlun 4. Verkefnið er kynnt sem eitt af mörgum mögulegum verkefnum í verkefnisstjórn Rammaáætlunar í 5. áfanga og er háð niðurstöðu þess.</p>	<p><i>Í kafla 2.4 segir að tíu vindmyllur hafi verið til mats í 4.áfangu rammaáætlunar, og í tillögudrögum verkefnisstjórnar hafi verið mælt með verkefninu í nýtingarflokk. Þessi tillaga er svo ein af þeim virkjunarkostum sem eru til skoðunar hjá verkefnisstjórn Rammaáætlunar í 5.áfangu.</i></p>
<p>Verndarsvæði Ef engin vatnsverndarsvæði eru innan tilgreind innan framkvæmdasvæðisins væri gott væri að tilgreina það sérstaklega og nálægð við næstu vatnsverndarsvæði eða eftir atvikum vatnstökusvæði ef sérstök verndarsvæði hafa ekki verið skilgreind. Einnig þarf að athuga í tengslum við skipulagsgerð hvort þar gætu framtíðarvatnsverndarsvæði.</p>	<p><i>Í umfjöllun um verndarsvæði í umhverfismatsskýrslu verður fjallað sérstaklega um vatnsvernd í samræmi við umsögn Heilbrigðiseftirlitsins.</i></p>
<p>Áætlun um mat á umhverfisáhrifum Gera þarf grein fyrir öllum þáttum er varðar möguleg áhrif á almenning, sérstaklega á það við hvað varðar búsetu, íveru í sumarhúsum og útivist. Fjallað er um sjónræn áhrif í skýrslunni en rétt er að fjalla einnig um hljóðvist í</p>	<p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um hljóðvist sbr. umfjöllun í kafla 5.3 í matsáætlun. Í kafla 3.2.7 í matsáætlun er fjallað um frágang. Í umhverfismatsskýrslu verður frekari umfjöllun um frágang, tengt niðurrifi</i></p>

Nr. 2 - Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands	Viðbrögð
<p>tengslum við þetta. Hljóð getur valdið ónæði þó að hljóðstyrkur sé leyfilegur skv. reglugerð um hávaða. Stöðugur niður gæti þannig haft verulega neikvæð áhrif á fólk. Fjalla þarf um þau byggingarefni sem framkvæmdin er byggð úr. Hvernig þau geta brotnað niður og mögulega haft neikvæð áhrif í næsta nágrenni eða grunnvatni. Þó svo að framkvæmdareitur sé utan við skilgreiningu verndarsvæða (utan hverfisverndarsvæða ætti að skoða hvort svæðið hafi einhverja sérstöðu svo sem ef það fellur undir skilgreiningu á óbyggðu víðerni. Ef svo er þá er það svæði sem verða æ sjaldgæfari í heiminum og má reikna með að virði slíkra svæði muni aukast mikið í framtíðinni. Þá þyrfti að taka þetta inn í umhverfismatið ef mögulega er verið að fórna framtíðarmöguleikum.</p>	<p><i>og endurnýtingu efnis, en eins og staðan er í dag er unnt að endurnýta meirihluta vindmylluspaða. Einnig má geta þess að EU stefnir á að banna urðun á spöðum árið 2025¹. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um byggingarefni vindmylla og mögulegt niðurbrot þeirra.</i></p> <p><i>Eins og fram kemur í kafla 5.1.2 verður gerð grein fyrir óbyggðum víðernum í nágrenni framkvæmdar og lagt mat á möguleg áhrif vindorkugarðsins á þessi svæði.</i></p>
<p>Áætlun um mat á umhverfisáhrifum – 5.5.1</p> <p>Tilgreina ætti ef það eru tegundir innan framkvæmdasvæðis sem hafa hátt verndargildi skv. vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar. Undirritaður telur ekki útilokað að vindmyllur geti haft neikvæð áhrif á virði nálægs lands og fasteigna vegna sjónræna áhrifa og vegna breytinga á hljóðstigi. Kanna ætti í umhverfismati viðhorf íbúa á svæðinu og ferðapjónustuaðila til vindorkugarðs á þessum stað.</p>	<p><i>Eins og fram kemur í kafla 5.5 hefur Náttúrufræðistofnun Íslands kortlagt vistgerðir á svæðinu og verður fjallað um niðurstöður þess og lagt mat á áhrif á vistgerðir í umhverfismatsskýrslu. Þar á meðal vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar.</i></p> <p><i>Ekki er ástæða til að ætla að virði eigna á svæðinu minnki með tilkomu vindorku, en sá þáttur er þó ekki hluti af umhverfismati verkefnisins. Unnir verða útreikningar á hljóðstigi og borið saman við reglugerðarmörk. Miðað við hávaða frá vindmyllum almennt og útbreiðslu hávaða, er mjög ólíklegt að breytingar verði á hljóðstigi í nálægri byggð.</i></p> <p><i>Eins og fram kemur í kafla 5.8.2 verður könnun á meðal notenda svæðisins s.s. íbúa, sumarhúseigenda, útivistarfólks og ferðamanna sem verður grundvöllur fyrir mati á áhrifum á samfélag útivist og ferðamenn.</i></p>

Umsögn Landsnets

Nr. 3 - Landsnets	Viðbrögð
<p>Tenging við flutningskerfi</p> <p>Í kafla 3.2.6 í matsáætluninni er fjallað um tengingu við flutningskerfið. Landsnet tekur undir og ítrekar mikilvægi þess að samráð verði haft við fyrirtækið um tengimöguleika og að fjallað verði um það í umhverfismatsskýrslu. Landsnet leggur á það mikla áherslu að greining á mögulegum tengingum við</p>	<p><i>þau málefni sem Landsnet fjallar um hér eru atriði sem ýmist verður fjallað frekar um í umhverfismatsskýrslu eða við frekari undirbúning verkefnisins í leyfisveitingaferli.</i></p>

¹ https://environment.ec.europa.eu/topics/waste-and-recycling/implementation-waste-framework-directive_en
https://environment.ec.europa.eu/topics/waste-and-recycling/landfill-waste_en

Nr. 3 - Landsnets	Viðbrögð
<p>flutningskerfið, og útfærslum þar á, fari fram í samráði við Landsnet eins og lýst er í skilmálum fyrirtækisins um tæknilegar kröfur til vinnslueiningar, sbr. 7. kafla netmála Landsnets (https://www.landsnet.is/vidskipti/netmalar/). Brýnt er að huga sérstaklega að því að tengimöguleikar falli að framtíðarhugmyndum Landsnets um uppbyggingu flutningskerfisins á svæðinu. Enn fremur þarf að kanna sérstaklega hvort mögulegar jarðstrengslagnir frá vindorkuverinu að tengipunkti við flutningskerfið hafi áhrif á afhendingargæði raforku. Landsnet mun óska eftir niðurstöðum kerfisgreininga framkvæmdaraðila á hlítingu vindorkuversins við netmála Landsnets (skilmála D1) og ef þurfa þykir óska eftir frekari gögnum og greiningum frá framkvæmdaraðila.</p>	
<p>Holtavörðuheiðarlína 1 Eins og fram kemur í kafla 3.2.6. liggur nú ein háspennulína í gegnum skipulagssvæðið og önnur er í undirbúningi, þ.e. Holtavörðuheiðarlína 1. Lagt hefur verið mat á nokkra valkosti vegna þeirrar línu, sem fara um eða nærri fyrirhuguðum vindorkugarði. Stefnt er að því að aðalvalkostur Landsnets (sem tekur til staðsetningu línunnar) liggja fyrir og verði kynntur nú í byrjun sumars, þegar umhverfismatsskýrsla línunnar verður auglýst. . Um er að ræða mjög mikilvægar tengingar í meginflutningskerfi Landsnets og því þarf að vera öruggt að rekstur þeirra verði áfram tryggður, bæði á framkvæmda- og rekstrátíma vindorkugarðsins. Helgunarsvæði raflína má kynna sér í leiðbeiningum Landsnets, Hápsennulínur- aðgát skal höfð. (https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932)</p>	<p><i>Framkvæmdaraðili er sammála umsögn Landsnets og mun vinna í samræmi við þann aðalvalkost sem verður fyrir valinu.</i></p>
<p>Áhætta á staðsetningu vindmylla nálægt háspennulínunum Landnet telur mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu fyrirhugaðs vindorkuvers verði metið hvort og hversu mikil áhætta er af staðsetningu og rekstri vindmylla nálægt háspennulínunum s.s. vegna flutninga vindmyllueininga, efnisflutninga, strenglagna og vinnu nærri henni. Einnig m.t.t. veðurfarslegra áhrifa svo sem mögulegs ískasts og myndunar vindstrengja frá vindmyllunum sem geti haft áhrif á rekstur loftlínunnar og mastra. Við endanlega verkhönnun þarf að vera búið að ganga úr skugga um að tilhögun vindmyllanna ógni ekki afhendingaröryggi og að persónuöryggi verði tryggt á framkvæmda- og rekstrartíma þeirra. Landsnet bendir á í Noregi hefur við verið gengið út frá ákveðinni reiknireglu til að ákvarða ásættanlega fjarlægð vindmylla frá öðrum mannvirkjum, t.d. raflínum, m.t.t. ískasts, en hún er 1x (hæð spaða í hæstu stöðu + þvermál snúningsflatar spaða).</p>	<p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um þessa þætti sem Landsnet bendir á. Þegar ljóst er hver verður aðalvalkostur Landsnets verður unnt að fara yfir staðsetningu vindmylla m.t.t. fjarlægðar á milli línu og vindmylla og eins varðandi flutning vindmylluhluta á framkvæmdasvæði. Hér er þó hægt að staðfesta að unnið verður út frá þeirri reiknireglu í Noregi sem Landsnet bendir á við ákvörðun á fjarlægð vindmylla frá öðrum mannvirkjum og í þessu tilviki raflínum Landsnets.</i></p>

Umsögn Minjastofnunar

Nr. 4 – Umsögn Minjastofnunar	Viðbrögð
<p>Staðsetning mannvirkja og fornleifar</p> <p>Ekki liggur fyrir áætlun um staðsetningu mannvirkja innan úttektarsvæðanna og eru allir minjastaðir innan svæðanna taldir í stórhættu þar til annað kemur í ljós. Minjastofnun Íslands mun úrskurða þegar þar að kemur hvort minjar megi víkja í framkvæmdum og sömuleiðis um til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að fornminjar séu í yfirvofandi hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.</p> <p>Bent skal á að í 21.gr. laga um menningarminjar (Nr.80/2012) stendur m.a.: <i>Fornleifum sbr. 3.mgr.3.gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, á enginn, hvorki landeigandi, ábúandi framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands</i>".</p> <p>Einnig minnir stofnunin á 2.mgr.24.gr. sömu laga sem hljóðar svo: <i>"Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvífalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auði er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands"</i>.</p>	<p><i>Staðsetning mannvirkja innan framkvæmdasvæðis er sýnd á mynd 4.2. Á myndinni er ekki sýnd afstaða fornleifa, en úttekt á fornleifum er lokið. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um staðsetningu fornleifa m.t.t. mannvirkja og metið hvort mögulegt er að þær verði fyrir áhrifum, en rannsóknir nýttar til að komast hjá áhrifum á fornleifar.</i></p>

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands

Nr. 5 - Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands	Viðbrögð
<p>Vatnafar og lífríki ferskvatns og örplast</p> <p>Saknað er umfjöllunar um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á vatnafar og lífríki ferskvatns innan og í nágrenni við framkvæmdasvæðið m.a. vegna mengunarhættu. Þá ætti að kanna betur örplastmengun frá starfsemi vindmylla og hættu á áhrifum af slíkri mengun á lífríki.</p>	<p><i>Í kafla 5.4.2 er sagt að metin verði möguleg áhrif mengandi efna á yfirborðsvatn og einnig möguleg áhrif framkvæmda á rennsli yfirborðsvatns.</i></p> <p><i>Í ljósi athugasemda og áhyggja sem fram hafa komið í umsögnum um matsáætlun þá mun verða umfjöllun um örplast í umhverfismatsskýrslu. Sú umfjöllun mun byggja á reynslu og rannsóknnum erlendis frá m.a. frá Noregi sjá t.d. hér:</i></p>

Nr. 5 - Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands	Viðbrögð
	<p>https://www.nve.no/energi/energisystem/vindkraft/kunnskapsgrunnlag-om-virkninger-av-vindkraft-paa-land/forensning/.</p> <p>Reynslan sýnir að umfang örplasts sem berst frá vindmyllum er öllu jafna óverulegt. Á ofangreindri síðu kemur fram að um 200 gr. berast frá hverri vindmyllu á ári. Til að setja í samhengi kemur fram í þessari skýrslu samfunnsaksept_v4.pdf (fornybarnorge.no) að um 1900 gr. berist frá dekkjum frá hverju ökutæki í Noregi á ári.</p> <p>Fjallað verður um mögulega mengun frá örplasti, hvert gæti orðið umfang slíkrar mengunar og hvaða umhverfisþættir gætu orðið fyrir áhrifum og hvort þörf er á mótvægisáðgerðum.</p> <p>Að auki mun í umhverfismatsskýrslu vera lagðir fram útreikningar á kolefnisspori verkefnisins í heild sinni og umfjöllun þar að lútandi.</p>
<p>Fuglar</p> <p>Fuglar eru sérstaklega viðkvæmir fyrir áhrifum af vindorku, bæði vegna búsvæðaeýðingar en sérstaklega áflugshættu. Farið hefur verið í ítarlegar fuglarannsóknir af ýmsum toga á svæðinu sem að mati Náttúrufræðistofnunar ættu að reynast fullnægjandi til að meta áhrif vindorkuáformanna á fuglalíf. Þó er ekki með öllu skýrt hvort ratsjarmælingar ná einungis yfir eitt ár, 2022, vegna bilunar búnaðar, eða hvort nýrri gögn t.d. frá 2023 séu til staðar. Að mati Náttúrufræðistofnunar dugar eins árs mælisería af ratsjargögnum tæplega. Einnig má benda á að Náttúrufræðistofnun býr yfir nýrri upplýsingum um ferðir hafarna sem ættu að gagnast. Við mat á hljóðmengun ætti að taka tillit til áhrifa af slíkri mengun á fugla.</p>	<p>Varðandi ratsjarmælingar þá fóru þær fram allt árið 2022, en ekki árið 2023. NÍ bendir á að 1 árs mælisería af ratsjargögnum dugi tæplega, en ekki eru lögð fram frekari gögn fyrir þeirri ályktun. Áður en rannsóknir hófust var haft samráð við Náttúrufræðistofnun um ratsjarmælingar og var talið að eitt ár myndi duga. Til grundvallar þá lágu sjónarhólmælingar Náttúrustofu Vesturlands sem fram fóru í mars-maí árið 2020 og einnig rannsóknarferðir NÍ til að kanna hvort rjúpur safnist þarna fyrir á haustin, sem reyndist ekki vera raunin. Nú er ratsjarrannsóknnum lokið og niðurstöður liggja fyrir og er minnst á þær í kafla 5.6.1 í matsáætlun en þar segir m.a.: "Helstu niðurstöður rannsókna er að þéttleiki mófugla í varpi innan rannsóknasvæðisins var mjög lítill og sömuleiðis var lítið um vatnafugla. Eitt hrafnspár var við varp innan rannsóknarsvæðisins. Búsvæðaskerðing vegna vindorkugarðsins er ekki talin hafa merkjanleg áhrif á þessar tegundir. Niðurstaða mats á áflugshættu umferðarfugla var að helst er árekstrarhætta fyrir heiðlóu en árekstrarhætta er þó óveruleg miðað við stofnstærð og að ekkert virkt arnaróðal er í 10 km rás né algengar farleiðir arna." Þær athugasemdir sem fram hafa farið á svæðinu gefa ekki tilefni til frekari rannsókna á svæðinu að mati framkvæmdaraðila.</p> <p>Framkvæmdaraðili mun hafa samband við NÍ vegna gagna um hafarni til þess að öðlast fyllri upplýsinga fyrir mat á áflugshættu.</p> <p>Hvað varðar möguleg áhrif hljóðmengunar á fugla, þá er það eitthvað sem rannsóknaraðilar hafa hvergi rekist á í sambærilegum verkefnum erlendis. Varðandi hljóðvistarútreikninga er stuðst við reglugerð um hávaða þar sem viðmið eru hýbýli manna. Óvíst er hvaða viðmið ætti að nýta í slíkri umfjöllun, en vindgnauð er í mörgum tilvikum mun hærra en hávaði frá</p>

Nr. 5 - Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands	Viðbrögð
<p>Ásýnd</p> <p>Staðsetning vindorkugarðsins er nálægt fjölförnum þjóðleiðum og í landshluta þar sem þéttleiki íbúa- og frístundabyggðar er fremur mikill fyrir dreifbýli. Svæðið hlýtur því að teljast næmt fyrir landslags- og ásynðaráhrifum. Stefnt er að landslagsgreiningu og -kortlagningu og nokkuð ítarlegri ásynðargreiningu. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þær áformuðu athuganir og greiningar sem stefnt er að til að meta áhrif á landslag og ásynnd en nauðsynlegt er að matið nái yfir öll mannvirki sem framkvæmdin felur í sér þ.m.t. vegi. Þá er mikilvægt að áætla eins og hægt er samlegðaráhrif við áætlaða Holtavörðuheidalínu 1 þegar kemur að ásynðaráhrifum. Einnig ætti að setja ásynðar- og landslagsáhrif í samhengi við áhrif á samfélagslega þætti s.s. ferðabjónustu, búsetu o.fl.</p>	<p><i>vindmyllum. Með þessu væri þá einnig verið að setja fordæmi fyrir annars konar framkvæmdir s.s. vegaf framkvæmdir um umfjöllun um áhrif hávaða á fugla.</i></p> <p><i>Staðsetning vindorkugarðs er m.a. valin m.t.t. legu nálægt núverandi innviðum s.s. háspennulínu og aðkomuvegi, sem dregur úr þörf fyrir frekari mannvirki.</i></p> <p><i>Áhrif á ásynnd eru metin út frá búsetu, áningarstöðum, vegum og stöðum þar sem fólk fer um. Fjallað verður nánar um það í umhverfismatskýrslu.</i></p> <p><i>Eins og fjallar er um í kafla 4.4 verður horft til samlegðaráhrifa með fjórum öðrum vindorkukostum sem eru í undirbúningi. Einnig verður unnt að taka tillit til fyrirhugaðrar Holtavörðuheidalínu 1, þegar staðsetning hennar hefur verið ákveðin.</i></p>

Umsögn Samgöngustofu

Nr. 6 - Umsögn Samgöngustofu	Viðbrögð
<p>Flugljós</p> <p>Samkvæmt matsáætlun er áætlað að huga betur að áhrifum á flug nærri umræddu svæði. Vakin er athygli á, að í stað ákvörðunar Samgöngustofu nr. 1/2019 er útgáfa reglugerðar innviðaráðuneytisins um sama efni fyrirhuguð á næstunni. Mógulega verður CS ADR-DSN.Q.851 Marking and lighting of wind turbines og CS ADR-DSN.Q.852 Marking and lighting of overhead wires, cables, supporting towers, etc. í https://www.easa.europa.eu/en/downloads/98016/en fylgt í væntanlegri reglugerð.</p>	<p><i>Ekki þörf á viðbrögðum.</i></p>

Umsögn Umhverfisstofnunar

Nr. 7 - Umsögn Umhverfisstofnunar	Viðbrögð
<p>Votlendi</p> <p>Fram kemur að innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis séu votlendissvæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.</p>	<p><i>Í kafla 5.5.2 í matsáætlun kemur fram að öll vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, verða kortlögð á rannsóknarsvæðinu. Komi til þess að ekki verði komist hjá röskun á votlendi</i></p>

Nr. 7 – Umsögn Umhverfisstofnunar	Viðbrögð
<p>Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. náttúruverndarlaganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruferibæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á vistkerfi eða jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Mikilvægt er að í umhverfismati komi fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á votlendi, sem er óhjákvæmileg á þessu svæði. Stofnunin telur að rökstyðja þurfi vel brýnu nauðsyn þess að þessi staðsetning sé valin þegar aðrar staðsetningar eru mögulegar sem uppfylla náttúruverndarlög og valda ekki röskun á votlendi.</p> <p>Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt.</p> <p>Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.</p> <p>Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.</p> <p>Að auki bendir stofnunin á að verndun votlendis er aðgerð I.4 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum en aðgerðin felur í sér að koma í veg fyrir frekari framræslu votlendis hér á landi.</p>	<p><i>sem heyrir undir 61.gr. verður settur fram rökstuðningur fyrir brýnni nauðsyn á vali á staðsetningu vindmylla. Hönnun og staðsetning framkvæmdaþátta mun taka tillit til kortlagningar votlendis og höfuðáhersla lögð á að lágmarka rask og leggja fram mótvægisáðgerðir s.s. gerð flotvega ofl. sjá m.a. hér:</i></p> <p>https://www.tensor.no/bruksomrader/markeder/fornybare-ressurser.</p> <p><i>Fjallað verður nánar um þennan þátt í umhverfismatskýrslu.</i></p>
<p>Ásýnd</p> <p>Í greinargerðinni kemur fram að notast verður við GLVIA-leiðbeiningarnar við mat á sjónrænum áhrifum vegna vindorkugarðs á Grjóthálsi. Mat á sjónrænum</p>	<p><i>Reynt verður að sýna vegagerð innan vindorkugarðs á ásýndarmyndum þar sem sjónarhorn gefa til kynna að vegir verði sýnilegir.</i></p>

Nr. 7 – Umsögn Umhverfisstofnunar	Viðbrögð
<p>áhrifum er gert út frá völdum útsýnisstöðum (ásýndarmyndum). Matið byggir annars vegar á greiningu á viðkvæmni útsýnis, sem skiptist í næmni sjónrænna viðtaka og gildi útsýnisins, og hins vegar umfangi breytinga á sjónrænum þáttum frá völdum útsýnisstöðum. Sjónrænir viðtakar er sá hópur fólks sem getur orðið fyrir beinum áhrifum vegna breytinga á sjónrænum eiginleikum og útsýni.</p> <p>Útbúin verða ljósmyndapör sem sýna útsýni frá ákveðnum sjónarhornum fyrir og eftir framkvæmdir. Teknar eru ljósmyndir frá völdum útsýnisstöðum, t.a.m. við vegi, á gönguleiðum, við mannabústaði eða á öðrum þekktum áningarstöðum þar sem fólk á leið um og er líklegt til að koma auga á viðkomandi mannvirki. Fyrir hvern myndatökustað verður útbúið sama sjónarhorn í tölvulíkani þar sem fyrirhuguð mannvirki eru sett inn. Þessum tveimur myndum verður svo skeytt saman þannig að setja meggi fram sem raunverulegasta mynd af vindmyllunum, eftir að framkvæmdum er lokið. Við framsetningu myndefnis fyrir mat á áhrifum á ásýnd, þ.e. sýnileikakort og ásýndarmyndir, er stuðst við leiðbeiningar NatureScot. Að auki verður í umhverfismatsskýrslu gerð grein fyrir mögulegum áhrifum lýsingar innan vindorkugarðsins á ásýnd og myrkurgæði. Verður það gert með því að útbúa ásýndarmyndir að næturlagi frá völdum sjónarhornum og mat lagt á möguleg áhrif út frá þeim.</p> <p>Framsetning myndefnis - Áhrifamat</p> <p>Umhverfisstofnun telur framsetning mynda vera ágæta en Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að vindmyllan sjálf hafi mesta áhrif á ásýnd þá eru önnur mannvirki eins og vegir sem hafa áhrif þó svo að vægi þeirra sé minna. Umhverfisstofnun telur æskilegt, að vinnuvegir séu einnig settir inn á myndefni á sléttu landi. Hins vegar telur stofnunin það nauðsynlegt að settir séu vegir inn á myndefni þegar gert er ráð fyrir vindmyllum í hlíðum eða ósléttu landi eins og á við í þessu tilfalli.</p> <p>Þó svo að framkvæmdin sé afturkræf að því leiti að hægt sé að taka niður vindmyllurnar getur vegagerð og efnistaka haft veruleg og óafturkræf áhrif. Auk þess vill Umhverfisstofnun benda á að mikilvægt er að hafa í huga að ljósmyndir gefa ekki alveg rétta mynd af áhrifum vindmylla vegna hreyfingar spaðanna. Því bendir stofnunin á þann möguleika að setja inn hreyfimyndir inni í skýrslur og annað kynningarefni.</p> <p>Einnig telur stofnunin æskilegt að sýnd sé stærðarviðmið á skýringarmyndum, en Hallgrímskirkja hefur oft verið notuð til stærðarviðmið, auk þess er æskilegt að sýna mismuninn á stærð á núverandi vindmyllum og þeim vindmyllum sem á að setja upp. Einnig bendir stofnunin á þann möguleika að, ef Hallgrímskirkja er ekki notuð sem viðmið að staðsetja vindmyllu inni í þéttbýli til að meta áhrifin</p>	<p><i>Tekið er undir að hreyfimyndir eru góður framsetningarmáti, en ekki er þó gert ráð fyrir því í leiðbeiningum og verður það ekki hluti af gögnum þessa verkefnis.</i></p> <p><i>Sýnd verður mynd í umhverfismatsskýrslu með þeim viðmiðum sem UST bendir á þ.e. Hallgrímskirkju og vindmyllum úr fyrri áformum verkefnis.</i></p>

Nr. 7 – Umsögn Umhverfisstofnunar	Viðbrögð
<p>Örplast Umhverfisstofnun vill benda á að þekking á örplasti hefur aukist töluvert á undanförunum árum þar sem stærstu uppsprettur losunar örplasts á landi eru dekkjaslit, vegryk auk þess kemur plast frá sjávarútvegi og fiskeldi. Í skýrslu sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun Noregs1 árið 2020 kemur fram að myndun örplasts í Noregi er um 19.000 tonn. Í sömu skýrslu kemur fram áætlað losun á bilinu 10 til 170 tonn frá vindmyllum, miðað við þær 1000 vindmyllur sem voru starfandi á því ári. Auk þess kemur fram að matið varðandi örplast frá vindmyllum sé byggt á mjög takmörkuðum grunni. Umhverfisstofnun leggur því til að framkvæmdaraðili leiti upplýsinga hjá framleiðendum og fái t.d. upplýsingar um sliti á blöðum og fjalli um áhrif örplasts í umhverfismatinu. Auk þess þarf að fjalla um þær mótvægisáðgerðir sem fyrirhugaðar eru m.a. við viðgerðir og viðhald á blöðum.</p>	<p>Í ljósi athugasemda og áhyggja sem fram hafa komið í umsögnum um matsáætlun þá mun verða umfjöllun um örplast í umhverfismatsskýrslu. Sú umfjöllun mun byggja á reynslu og rannsóknum erlendis frá m.a. frá Noregi sjá t.d. hér: https://www.nve.no/energi/energisystem/vindkraft/kunnskapsgrunnlag-om-virkninger-av-vindkraft-paa-land/forurensning/.</p> <p>Reynslan sýnir að umfang örplasts sem berst frá vindmyllum er öllu jafna óverulegt. Á ofangreindri síðu kemur fram að um 200 gr. berast frá hverri vindmyllu á ári. Til að setja í samhengi kemur fram í þessari skýrslu samfunnsaksept_v4.pdf (fornybarnorge.no) að um 1900 gr. berist frá dekkjum frá hverju ökutæki í Noregi á ári.</p>
<p>Niðurrif Í greinargerð segir að líftími vindmyllanna er um 25 ár eða mögulega aðeins lengri, að þeim tíma liðnum verði tekin ákvörðun um áframhald orkunýtingar eða niðurrif. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um hvernig niðurrifi verði háttáð komi til þess. Líklega mun niðurrif vindorkugarðsins hafa á móta umhverfisáhrif og uppsetning hans, en áhrifin munu vara í skemmri tíma. Umhverfisstofnun telur það mikilvægt að gerð verði ítarleg grein fyrir um umfang úrgangs sem fylgir uppbyggingu og síðar viðhaldi og niðurrifi og frágangi á svæðinu.</p>	<p>Fjallað verður um niðurrif í umhverfismatsskýrslu og þar á meðal þá þætti sem UST bendir á.</p>
<p>Skuggavarp, blikkljós og glampaáhrif Í greinargerð kemur fram að umfang sjónrænna áhrifa verði metið með því að rýna í hversu mikið útsýni frá völdum útsýnisstöðum breytist og hversu merkjanlegar breytingarnar kunna að vera. Matið verður gert út frá ásýndarmyndum frá viðkomandi stöðum þar sem metið er hvernig fyrirhuguð framkvæmd birtist í umhverfinu, hversu mikill hluti vindmyllanna sést, hversu margar, nálægð við áhorfandann o.s.frv. Skoðað verður hvort skuggaflökt og glampaáhrif hafi áhrif á ferðaleiðir og híbýli í nálægð fyrirhugaðs vindorkugarðs. Um er að ræða áhrif sem geta orðið þegar spaðar vindmylla skyggja með ákveðnum takti á sólarljós. Stuðst verður við erlendar leiðbeiningar varðandi þessi atriði og myndir unnar sem gefa til kynna umfang þessara áhrifa. Skuggavarp gæti fallið undir sjónræn áhrif líkt og blikkljós frá vindmyllum, en mikilvægt sé að framkvæmdaraðili skoði hvort ekki væri eðlilegra að hafa skuggavarp sér matsþátt. Í umhverfismati þyrfti því að skoða áhrif skuggavarps og fjalla um mótvægisáðgerðir vegna skuggavarps t.d. með því að stöðva vindmylluna á þeim tímum sem skuggi myndast, til dæmis að morgni og að kvöldi, til þess að draga úr áhrifum á íbúa og aðra sem verða fyrir áhrifum.</p>	<p>Í matsáætlun er gert ráð fyrir að skuggavarp verði kafli undir sjónrænum áhrifum í umhverfismatsskýrslu. Tekið verður tillit til athugasemdar UST og skoðað hvort æskilegra sé að hafa skuggavarp sem sér umhverfisþátt í umhverfismatsskýrslu.</p> <p>Í umfjöllun um skuggavarp verður m.a. horft til norskra leiðbeininga en þar segir að skuggavarp að húsum megi ekki vera meira en 30 min á dag og að hámarki 8 klist á ári. Ef tími fer yfir þessi mörk stöðvast vindmylla sjálfkrafa.</p>

Nr. 7 – Umsögn Umhverfisstofnunar	Viðbrögð
<p>Ískast</p> <p>Í greinargerð er ekki fjallað um áhrif ískast frá vindmyllunum, þá frá vélarhúsi eða spöðum. Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að fjallað sé um þessa þætti í umhverfismati. Á heimasíðu Vatns- og orkumálastofnun Noregs (NVE)² segir að líkurnar á að einstaklingur slasist af ís/klaka sem fellur niður frá vélarhúsi eða kastast frá spöðum eru litlar, en afleiðingarnar geta verið miklar. Því er mikilvægt að framkvæmdaraðili geri áhættumat og vinni að mótvægisáðgerðum. Auk þess þarf að fjalla um mótvægisáðgerðir eins og uppsetning upplýsingaskilta fyrir ferðamenn, öryggisfjarlægðir og aðra upplýsingagjöf. Í skýrslu sem var gefin út árið 2019 af Vatns- og orkumálastofnun Noregs sem nefnist „Forslag til nasjonal ramme for vindkraft“³ segir að það eru fjölmargir þættir sem geta haft áhrif á ískast. Almenna regla sé sú að fjarlægðin skal vera summa hæð vindmyllu og þvermál spaða. Í Noregi árið 2019 eru fjarlægðin að jafnaði um 200 metrar. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að á upplýsingaskilti hjá vindorkuveri í Bjerkreim í Noregi þar sem fjarlægðin skal vera 300 metrar (https://www.aftenbladet.no/meninger/debatt/i/EQvAYp/vindkraftanlegg-paa-trollaasen-og-moifjellet-i-bjerkreim-faar-storekonsekvenser-for-naboene).</p>	<p>Í kafla 3.2.3 er fjallað um ískast en þar segir: "Þar verður m.a. fjallað um (í umhverfismatsskýrslu) veðurfarslegar aðstæður og ísingarhættu og hvort þörf verði á afsingarbúnaði, sem og þol vindmylla gagnvart aftakaveðri."</p> <p>Áhættumat vegna ísingarhættu og ískasts verður hluti af umhverfismati.</p> <p>Á þessu stigi er þó hægt að staðfesta að vindmyllur verða búnar afsingarbúnaði. Að auki hægja vindmyllur sjálfkrafa á sér ef ís tekur að myndast, sem dregur úr áhættu á ískasti. Sett verður upp viðvörðunarskilti til vegfarenda varðandi þessa áhættu. Einnig verður sett upp rauntíma vefsíða þar sem áhætta af ískasti er metin og geta vegfarendur hlaðið niður QR kóða sem verður á skiltum á rekstrartíma verkefnisins.</p> <p>Sjá t.d. þessa vefsíðu til nánari upplýsingar: https://www.vindteknikk.com/services/wind-energy/icerisk/</p> <p>Fjallað verður nánar um þennan þátt í umhverfismatsskýrslu.</p>
<p>Fuglalíf</p> <p>Varðandi áhrif á fuglalíf telur Umhverfisstofnun að rannsaka þurfi tap og breytingar á bússvæðum (varpárangur), áhrif á farleiðir og breytingar á hegðun og áflugshættu. Í rannsókn sem var unnin á áhrif vindorkugarðs á fuglalífs á Smølu á árunum 2006 til 2016 fundust 464 fuglar sem drápust við árekstur á vindmyllurnar sem eru 68 talsins á svæðinu. Meira en helmingur þeirra var rjúpur, eða 192 og hafarnir 71.5. Skoða þarf hver áhrif hávaði hefur á búsvæði fuglanna þar sem að fuglar nota söng sem til samskipta eins og viðvörðunarhljóð.</p>	<p>Eins og fram kemur í kafla 5.6.2 í matsáætlun fólust punkttalningar í talningum á mófuglum, vatnafuglum og klófuglum og var sérstaklega litið til varpfugla. Mat á áflugshættu umferðarfugla var metin með ratsjármælingum.</p> <p>Hvað varðar möguleg áhrif hljóðmengunar á fugla, þá er það eitthvað sem rannsóknaraðilar hafa hvergi rekist á í sambærilegum verkefnum erlendis. Varðandi hljóðvistarútreikninga er stuðst við reglugerð um hávaða þar sem viðmið eru hýbýli manna. Óvíst er hvaða viðmið ætti að nýta í slíkri umfjöllun, en vindgnauð er í mörgum tilvikum mun hærra en hávaði frá vindmyllum. Með þessu væri þá einnig verið að setja fordæmi fyrir annars konar framkvæmdir s.s. vegafamkvæmdir um umfjöllun um áhrif hávaða á fugla.</p>
<p>Hávaði</p> <p>Umhverfisstofnun vill benda á heimasíðu Norsku Lýðheilsustofnunarinnar, en þar sem fjallað er um áhrif hljóðvistar frá vindmyllum (https://www.fhi.no/ml/miljo/stoy/stoy--fra-vindturbiner-helseskadelig/). Þar kemur m.a. fram að skortur sé á rannsóknum og þekkingu vegna hávaða frá vindmyllum á lýðheilsu fólks miðað við t.d. umferðarhávaða, en hávaðinn getur valdið óþægindum, svefntruflunum, haft áhrif á geðheilsu og valdið hjarta- og æðasjúkdómum.</p> <p>Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða segir að viðmið heilsuspillandi hávaða er 85 desíbel(A) LAeq (jafngildishljóðstig í 8 klst). Þegar heilsuspillandi áhrif hávaða eru metin, skal sérstaklega hafa í huga eftirfarandi atriði: Styrk hávaðans mældan í</p>	<p>Eins og fram kemur í kafla 5.3.2 verða útbúin hljóðvistarkort fyrir vindorkugarðinn. Unnir verða útreikningar í hljóðhermiforríti, byggt á gögnum um hljóð frá vindmylluframleiðendum. Þau gildi sem fást verða borin saman við viðmiðunargildi í reglugerð um hávaða og möguleg áhrif metin á þau svæði sem gætu verið viðkvæm fyrir hávaða en nálægustu hús eru í 1,5-2 km fjarlægð. Við mat á áhrifum verður eins og áður segir horft til íslenskra reglugerða um hávaða. Þau viðmið sem Umhverfisstofnun bendir á verða einnig skoðuð og kortlögð.</p>

Nr. 7 – Umsögn Umhverfisstofnunar	Viðbrögð
<p>desíbelum(A), tónhæð hávaðans, hvort hávaðinn er stöðugur eða breytilegur, daglega tímalengd hávaðans, tíma sólarhringsins er hávaðinn varir, heildartímabil, sem ætla má að hávaðinn vari (dagar/vikur) og að börn eru viðkvæmari fyrir hávaða en fullorðnir.</p> <p>Umhverfisstofnun vill einnig vekja athygli á skýrslu sem nefnist „Environmental noise guidelines for the European Region“ sem gefin var út af WHO (Environmental noise guidelines for the European Region (who.int)), þar sem kemur fram á bls. 77 að lagt er til að hávaði frá vindmyllum sé undir 45 dB Lden. Hávaði yfir 45 db sé heilsuspillandi hávaði.</p>	

Umsögn Veðurstofu Íslands

Nr. 8 – Veðurstofu Íslands	Viðbrögð
<p>Vindmælingar</p> <p>Í kafla 3.2.3 um Veðurfar og vind kemur fram að “Til að staðfesta áætlaðan vind og fá áreiðanlegri upplýsingar um vindinn hefur verið aflað gervihnattaupplýsinga er varðar vindbreytileika.”Ekki er ljóst hvað er átt við, þ.e. hvers konar gögn er um að ræða. Þetta þyrfti að skýra.</p>	<p><i>Verkfræðistofan Norconsult var fengin til að lesa út veðurgögn í 80 m hæð yfir landi, fyrir einn punkt á Grjóthálsi. Hnit punktsins eru: "N64.785, V21.416", en punkturinn var valinn m.t.t. til raunverulegs landslags og landslags í líkani, og er sá punktur sem samsvarar best aðstæðum nærri efsta punkti á veginum yfir hálsinn.</i></p> <p><i>Unnin hafa verið eftirfarandi gögn sem greint verður betur frá í umhverfismatsskýrslu:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <i>a) Vindrós sem lýsir vindafari.</i> <i>b) Meðalvindhraði og breytileiki innan árs.</i> <i>c) Meðalvindhraði og breytileiki innan sólarhrings, fyrir allt árið.</i> <i>d) Meðalvindhraði og breytileiki innan sólarhrings, fyrir sumarmánuðina.</i> <i>e) Tíðni vindátta og breytileiki innan sólarhrings, fyrir sumarmánuðina.</i> <i>f) Tíðni vindátta innan árs.</i>
<p>Framkvæmdasvæði</p> <p>Í kafla 3.2.1 um Framkvæmdasvæði er vitnað í mynd 1.1. fyrir “afmörkun framkvæmdasvæðis (alls um 370 ha), mögulegar staðsetningar vindmylla og kranaplön við vindmyllur, efnistökusvæði, mögulega staðsetningu safnstöðvar, vega o.fl.” en mynd 1.1. er yfirlitskort þar sem framkvæmdasvæði er eingöngu brot af kortinu og ekki að sjá mögulegar staðsetninga t.d. vindmylla og kranaplana.</p>	<p><i>Mynd 1.1 sýnir afmörkun svæðis á stærri skala. Hvað varðar nánari afmörkun hefði verið réttara að vísa í mynd 4.2 sem sýnir mögulega staðsetningu vindmylla og vega á þessu stigi. Þegar rannsóknum er lokið og er unnt að staðsetja alla þætti framkvæmdar nánar og verður það sýnt í umhverfismatsskýrslu m.t.t. þeirra umhverfispátta sem eru til umfjöllunar í umhverfismati.</i></p>
<p>Skuggaflökt</p>	<p><i>Í kafla 5.2.2 í matsáætlun er fjallað um skuggaflökt. Þar segir: " Skoðað verður hvort skuggaflökt og glampaáhrif hafi áhrif á ferðaleiðir og hóbýli í nálægð</i></p>

Nr. 8 – Veðurstofu Íslands	Viðbrögð
<p>Í matsáætluninni er lýsing á mati á ásýnd og hljóðvist en ekki er minnst á flókt á sólarljósi. Eðlilegt er að kanna hvort slíkt flókt hafi áhrif fyrir norðan framkvæmdasvæði þegar sól er lág og lofti.</p>	<p><i>fyrirhugaðs vindorkugarðs. Um er að ræða áhrif sem geta orðið þegar spaðar vindmylla skyggja með ákveðnum takti á sólarljós. Stuðst verður við erlendar leiðbeiningar varðandi þessi atriði og myndir unnar sem gefa til kynna umfang þessara áhrifa".</i></p>

Umsögn Vegagerðarinnar

Nr. 9 – Vegagerðarinnar	Viðbrögð
<p>Umferðaröryggi Stofnunin óskar eftir upplýsingum sem geta varðað umferðaröryggi svo sem nálægð framkvæmdasvæðis við vegi, sjónræn truflun vegfarenda, ískast og möguleika á ókyrrð í lofti sem getur haft áhrif á umferðaröryggi. Huga þarf að sjónrænum áhrifum á vegfarendur sem geta haft áhrif á umferðaröryggi.</p>	<p><i>Framkvæmdin er það langt frá Þjóðvegi 1 að ekki er að vænta beinna truflana vegna þess. Á framkvæmdatíma verður þó aukin umferð um Þjóðveginn í tengslum við uppsetningu og flutning vindmylla um 2 mánaða skeið. Um flutning vindmylla gilda sérstakar aðferðir þar sem fleiri en eitt ökutæki er notað til að fylgja stórum flutningsökutækjum eftir. Sú umferð verður skipulögð vel fyrirfram og sótt um leyfi í samvinnu við Vegagerðina og þar til bær yfirvöld þannig að sem minnst truflun verði á daglegri umferð um Þjóðveginn og áhætta verði sem minnst. .</i></p>
<p>Flutningar Einnig er óskað eftir að framkvæmdaraðili gerir grein fyrir í umhverfismatskýrslu hvernig á að koma íhlutum (farmi) á leiðarenda. Þá er m.a. átt við burð vega og brúa, ásamt áætlun um fyrirhugaða breikkun vega og vegamóta vegna flutninganna. Leggja þarf fram ferla sem sýna breiddarþörf ökutækja, t.d. í vegamótum. Stofnunin þarf að skoða borð þeirra búa sem fara þarf um og athuga hvort flutningur sé mögulegur. Rétt er að taka fram að mögulegt tjón á innviðum Vegagerðarinnar sem verður af flutningunum verður á kostnað framkvæmdaraðila.</p>	<p><i>Búið er að vinna forathugun á flutningsleið vindmylluhluta. Fjallað verður um þá athugun í umhverfismatskýrslu sem inniheldur umfjöllun um þá þætti sem Vegagerðin bendir á. Einnig verður unnið ítarlegra mat í samráði við Vegagerðina þegar nær dregur framkvæmdum. Framkvæmdaraðili er sammála því að verði tjón á innviðum vegna flutninga verður það bætt af framkvæmdaraðila.</i></p>

Umsagnir almennings

1. Almenn mótmæli

Umsögn	Viðbrögð
<p>Anna Ólafsdóttir</p> <p>Umrædd áætluð sýnir á óþolandi hátt græðgi einstaklinga. Í þessu tilfalli að erlend stórfyrirtæki með íslenska húskarla komist í peningaáskrift af raforkuneti almennings, fái uppþótarorku frá almenningi og fyrirgreiðslu hins opinbera til þess að selja einkavædda raforku í sérlegri og nýstofnaðri raforkukauphöll. Síðan fylgir áætlun um að byggja stóra verksmiðju á Grundartanga til að vinna úr raforkunni á Grjóthálsi, líka erlendir aðili. Þeir fara hér um á skítugum skónum. Ég sem íbúi í Borgarbyggð sem hef margoft farið um Grjótháls akandi og 3var gangandi. Þekki þetta fallega umhverfi og get ekki fyrirgefið þeim sem vilja setja þar upp vindmyllur í yfirstærð, enn hærri og stærri en áður var ráðgert. Meira en tugur vindmylla þar sem Hallgrímskirkja myndi verða eins og grýta við hliðina á þeim. Vil ekki búa í sveitarfélagi þar sem svona fyrirbæri er samþykkt. Ekki heldur í landi og með þjóð sem horfir aðgerðarlaus upp á svona yfirgang við landið okkar.</p>	<p><i>Umsagnir í þessum lið falla undir almenn mótmæli gegn vindorku og vindorkugarði á Grjóthálsi og krefjast almennt ekki efnislegra viðbragða. Þó má geta þess að þetta verkefni felst í uppbyggingu sjálfbærrar raforku í samræmi við stefnu stjórnvalda á Íslandi.</i></p> <p><i>Sem svar við athugasemd Önnu Ólafsdóttur um verksmiðju á Grundartanga þá standa Hljónur ehf. ekki fyrir verksmiðju á Grundartanga.</i></p> <p><i>Uppsetning vindmylla er að mestu afturkræf framkvæmd þar sem vindmyllur eru teknar niður að líftíma loknum.</i></p> <p><i>Skipulagsvald er í höndum sveitarfélagsins og verður ekkert verkefni reist nema fyrir hendi sé meirihlutavilji í sveitarfélaginu. Í þessu verkefni er gert ráð fyrir að nærsamfélagið njóti ávinnings. Landeigendur þurfa þó ekki samþykki einstakra landeigenda fyrir rannsóknum á sínu eigin landi.</i></p>
<p>Anna Sigríður Einarsdóttir</p> <p>Ég mótmæli harðlega áformum um uppsetningu á vindmylluferlíkjum í einni fegurstu sveit landsins, Norðurárdal. Umhverfisáhrif af svona mannvikjum og neikvæð áhrif á mannlíf og náttúru dalsins eru óumdeilanleg og óafturkræf. Okkur ber skylda til að skila landinu af okkur til komandi kynslóða fyrir þau að njóta. Okkur ber líka skylda til að vernda okkar aðal atvinnugrein; ferðaþjónustuna. Það er ekki bara ásýnd landsins sem er í húfi og hún skiptir öllu máli, það eru líka tekjur þjóðarbúsins í húfi. Þetta má aldrei verða.</p>	
<p>Arnór Orri Hermannsson</p> <p>Löndin í kringum okkur eru að færast frá þessari mjög svo kostnaðar sömu og mengandi stóriðju sem stendur ekki undir sér. Hættum að láta fyrrum útrásar víkinga plata okkur trekk í trekk og stoppum þessa geðveiki. Fólk ætti að kynna sér málið betur á MÓTVINDUR ÍSLAND á facebook. Ég segi NEI! Engar vindmyllur á Íslandi!</p>	
<p>Eiður Ólafsson á Glitstöðum</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Ég er mótfallinn vindmyllum og í byggð eiga þær alla vega alls ekki að vera...</p> <p>Ég hvet sveitarstjórn Borgarbyggðar að taka á þessu máli líkt og sveitarstjórn tók á mál varðandi Löngufjörur en þar samþykkti sveitarstjórn að virða vilja íbúanna enda taldi hún hagsmuni íbúanna sína hagsmuni -lesið umsagnir nágretta jarðanna Hafþórsstaða/Sigmundarstaða, það vill þetta enginn, stoppið þetta bara strax.</p>	
<p>Einar Guðbjartur G. Pálsson</p> <p>Þessari framkvæmd verður að mótmæla, ég geri það hér með kröftuglega.</p>	
<p>Guðmundur Gíslason</p> <p>Góðan dag. Má til að nefna að almennt eru flestir eða 99% landsmanna á móti vindmyllum. Landið ber ekki svona fyrirbæri. Að auki virðist þær nota mörg þúsund lítra af olíu á ári. Vindur og kæling (ís myndun) vera stórhættuleg millunum þessum, Hef ekki séð tryggingar fyrir niðurrifi ef fyrirtækið fer á hausin og ég sem skattgreiðandi vill alls ekki borga það. Fuglar í stórum stíl mun lenda í spöðunum og Fálkastofnin mun hreynlega þurkast út. Þegar allt er talið er EINSÝNT að ekki ber að veita þessi leyfi enda er allt neikvætt og EKKERT jákvætt. Hef sjálfur ekki aðstöðu til að reikna allt út en tala bara frá hjartanu, EKKI VEITA LEYFI FYRIR VINDMILLUM.</p> <p>Með virðingu Guðmundur Gíslason</p>	
<p>Guðrún Jónsdóttir</p> <p>Ég geri alvarlegar athugasemdir við framlagðar fyrirætlanir um vindorkuver á Grjóthálsi. Það geri ég sem íbúi til áratuga, en einnig sem leiðsögumaður og unnandi óspilltrar náttúru sem landsgæða. Ég legg eindregið til að ákvörðun verði tekin um núllkost, þ.e. að ekki verði farið í þau náttúruspjöll sem fyrirtækið Hrójónur ehf hefur farið fram á.</p>	
<p>Júlíus Geir Gíslason</p> <p>Glæpur gegn náttúru Íslands. Þetta er ljótt, með háa bilannartíðni og þeir sem setja slíkt upp verð farnir á hausinn eftir uppsetningu og því situr ríkið eða Borgarbyggð uppi með það að viðhalda/laga/fjarlægja ruslið.</p> <p>https://www.upstreamonline.com/exclusive/worlds-largest-offshore-wind-farm-unprofitable-for-equinor-say-government-funded-researchers/2-1-1098012?zephir_sso_ott=dS9orm</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Farkostur ehf. og Lövenskjöld ehf. Fyrirliggjandi athugasemdum er komið á framfæri og allur réttur áskilinn til frekari viðbragða, þ.m.t. til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum. Sem eigandi jarðanna Sveinatungu, Gestsstaða, Háreksstaða og Sandalstungu lýsa félögin eindreginni afstöðu gegn byggingu vindorkuvers í friðsælli sveit sem við það myndi breytast í iðnaðarsvæði með tilheyrandi mengun og ónæði.</p>	
<p>Hjörleifur L. Hilmarsson Vindmyllur er að mínu mati mesti viðbjóður sem hægt er að reisa í Íslensku landslagi og á aldrei að leiva öll raforkuframleiðsla á að vera á vegum ríkisins og ég er þeirrar skoðunar að það séu landráð að erlendir aðilar fái að framleiða rafmagn á Íslandi</p>	
<p>Hrafnhildur Sverrisdóttir Ég, Hrafnhildur Sverrisdóttir, mótmæli harðlega fyrirhugaðri uppbyggingu á vindorkuveri á Grjóthálsi, auk þess sem ég geri eftirfarandi athugasemdir við matsáætlun fyrir vindorkuverið. Undirrituð er alin upp að Hvammi í Norðurárdal, er ein af eigendum Hreðavatns, og hefur sterkar taugar til svæðisins. Auk þess er undirrituð arkitekt og starfa hjá skipulagsfulltrúa Reykjavíkur. Þekking mín á skipulagsmálefnum og uppbyggingu mannvirkja, bæði í dreifbýli og þéttbýli, er mikil.</p>	
<p>Jessica Leigh Andrésdóttir Sem mjög tíður gestur/húsfreyja í Þverárhlíð mótmæli ég alfarið því að setja vindmyllur á Grjótháls. Grjóthálsinn er að mestu leyti ósnortið landslag. Það væri mikil synd að skemma fallega útsýnið með háværum og stórum vindmyllur.</p>	
<p>Kristín Elfa Guðnadóttir Eini tilgangur vindtúrbinuverksmiðja er gróði fyrir örfáa, hérlanda og útlenda. Við hin berum tapið, sem og náttúran, sem ber að líta á sem sjálfstæðan aðila að þessu máli. Þá eru ótalin börn og ófæddir Íslendingar sem einnig bera skaða af þessum spjöllum. Spjöllin eru sjónræn og hljóðræn og þau eru náttúruspjöll á fleiri vegu. Fuglalíf líður fyrir framkvæmdina. Sk. shadow flicker veldur mörgum hugar (og tauga) angri. Líftími túrbínanna er takmarkaður og eftir situr skaðlegt brotajárn. Undursamlegri náttúruupplifun gesta og heimafólks er gert að víkja, hún skiptir ekki máli. Og ágóðinn? Fé í vasa fámenns hóps gróðafíkla. Klúbburinn aurapúkinn ræður verður að víkja. Það er komið nóg. Nei takk.</p>	
<p>Kristín Ingólfssdóttir og Einar Sigurðsson Undirrituð, eigendur jarðarinnar Lunds í Þverárhlíð í Borgarbyggð, gerum alvarlegar athugasemdir við matsáætlun vegna áformaðra stóriðjuframkvæmda á jörðunum Hafþórsstöðum og Sigmundarstöðum eins og fram kemur í meðfylgjandi greinagerð.</p>	
<p>Laufey Valsteinsdóttir Einnig að mikið ósætti er við áætlanir framkvæmdaraðila í nærsamfélaginu. Gera verður ráð fyrir að þeir sem verða fyrir tjóni af þeim sökum muni krefja hlutaðeigandi um fullar bætur fyrir tjón sitt. Við teljum að Skipulagsstofnun</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>ætti að leggja framangreint til grundvallar álitni sínu um matsáætlun framkvæmdaraðila.</p>	
<p>Monkia Abendroth Ég vinn sem leiðsögumaður og veit að fólk þú leitast að og hrifst að náttúrunni, sem er óspillt. Ekki mikið eftir af heiminum Nei takk við þetta vindorkuver á Grjóthálsi</p>	
<p>Rósa Erlendsdóttir Sem Íslendingur, Vestlendingur og meiri vinur náttúru en fjárgróða mótmæli ég harðlega vindmylluuppsetningu á Grjóthálsi. Ég hef kynnt mér gögn og sé hversu skelfilegur skaði fylgir á lífríki og náttúru, fyrir utan sjónmengun. Það er ótrúlegt að þessi framkvæmd hafi svo mikið sem komið til tals, hvað þá í umsagnaferli. Þetta má ekki, ég bið, ekki leyfa þessa illu framkvæmd!!!</p>	
<p>Rósa Ívarsdóttir vindmillur eru viðurstyggelegt umhverfis slys sem eyðileggur náttúruna og drepur fuglalífrikið og önnur dýr. Skammarleg eyðilegging og náttúruspjöll.</p>	
<p>Sigríður Bjarnadóttir Eins og fram hefur komið frá fyrsta fundi varðandi raforkuver á Grjóthálsi, þá hefur mikill meirihluti íbúa, landeigenda og annarra hagsmunaaðila lýst sig mjög eindregið á móti þessari framkvæmd. Það er því vonandi að þessi framkvæmd verði aldrei að veruleika.</p>	
<p>Páll Hrannar Hermannsson Vindorkuver á Grjóthálsi í Borgarfirði – aðför að náttúru landsins.</p> <p>Með því að reisa vindorkuver á Grjóthálsi í Borgarfirði er vegið freklega að óspilltri náttúru landsins og íbúum þess. Ekki einungis á því svæði sem vindorkuverið skal standa, heldur einnig öllu því svæði sem sjónræn umhverfisáhrif ná til og er það svæði gríðarstórt. Það er mikilvægt að líta á Borgarfjörðinn sem eina heild, þetta er stórbrotið og fagurt svæði og einstakt. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um fegurð og gæði Borgarfjarðar, því allir hugsandi menn sem bera hag náttúru landsins fyrir brjósti og hafa snefil af heiðarleika og sjálfsvirðingu, vita að þetta svæði þarf að vernda gegn þessum eyðileggjandi áformum. Vindorkuverið hefur frá fyrstu kynningu aukist verulega að umfangi þannig að halda mætti að íbúar og aðrir hafi verið blekkir frá upphafi.</p> <p>En áform þeirra sem sækjast í það að reisa vindorkuver á Grjóthálsi og annars staðar á landinu eru þess eðlis að þau þjóna ekki markmiðum varðandi orkuskipti hér á landi nema að litlu leyti. Tilgangur þessa vindorkvers og annara er að þjóna hagsmunum erlendra fjárfesta sem vilja komast í auðfenginn gróða þar sem núverandi ríkisstjórn og ráðherra umhverfis- og auðlinda eru einstaklega hliðhollir slíkum áformum. Raforkan sem framleidd yrði á Grjóthálsi er ætlað að fara í framleiðslu á rafeldsneyti til útflutnings. Nú þegar eru erlendir aðilar orðnir stórtækir eigendur í „smá virkjunum“ sem eru undanþegnar mati á umhverfisáhrifum og nýta sér þá gloppu til fulls.</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Samkvæmt skýrslum innlendra verkfræðistofa þá hefur EU stórar áætlanir um að auka notkun rafeldsneytis en framleiðsla þess mun að mjög litlu leyti vera innan EU heldur vera flutt inn annars staðar frá. Bygging vindorkuvera á Íslandi er hluti af þessu plani og verður algjörlega á kostnað náttúru Íslands og íbúa þess og ber því að hafna alfarið að auðlindir landsins verði misnotaðar á þennan hátt.</p>	
<p>Sigurður Jónar Gíslason og Margrét Guðjónsdóttir Allir nágarnar í Þverárhlíð og Norðurárdal hafa mótmælt þessum áformum tveggja sveitunga okkar. Á réttur meirihluti landeigenda í nágrenninu bara að vera fótum troðinn og ekkert hlustað á þá?</p>	
<p>Vilhjálmur Diðriksson og Ágústa Gunnarsdóttir Sem eigandi þriggja jarða í Þverárhlíð og hlutaeigandi í Stóru- og Litlu Þverá þá mótmæli ég öllum fyriráætlunum um vindmyllugarð í bakgarðinum hjá mér uppá Grjóthálsi. Bærinn á Helgavatni er líklega næst fyrirhuguðum vindmyllugarði í beinni loftlínu og verði þessi óskapnaður að veruleika þá verð ég og aðrir íbúar á Helgavatni fyrir mestum óþægindum af hljóð og ljósamengun sem þessi óskapnaður mun valda, svo ekki sé talað um sjónmengunina sem þetta veldur.</p>	
<p>Vilhjálmur diðriksson og Ágústa Gunnarsdóttir Ég get ómögulega skilið hvernig eiginhagsmunir og hagnaðarsjónarmið tveggja einstaklinga eiga að fótum troða lífsafkomu og hagsmuni allra sveitunga þeirra. Fasteigna- og jarðarverð mun lækka á svæðinu og jafnvel verða með öllu óseljanlegt. Sem jarðeigandi, bóndi og laxveiðiáreigandi, gerum við þá kröfu á sveitastjórn Borgarbyggðar að hún muni bæta okkur það tjón sem við verðum fyrir ef að þessum framkvæmdum verður, ásamt því að áskilja okkur allan rétt til frekari skaðabóta.</p>	
<p>Kristín Helga Gunnarsdóttir Meðfylgjandi skjal er matsáætlun gegn árás á náttúru, ósnortið heiðaland og fjölbreytta atvinnustarfsemi. Hér er um að ræða mat á áhrifum á náttúru og samfélag, unnið í eigin tíma og fjármagni eins og öll okkar mót á mötin öll, en horft er til þess að það kallist að einhverju leyti á við það keypta plagg sem kallað er eftir umsögn um núna. Undir þessa matsáætlun rita eigendur jarðarinnar Króks í Norðurárdal þótt baklandið sé mun stærra. Fyrir hönd eigenda skógræktarjarðarinnar Króks í Norðurárdal: Kristín Helga Gunnarsdóttir.</p> <p>Texti úr viðauka:</p> <p>Mótvindur- Ísland og landeigendur í Norðurárdal og Þverárhlíð</p> <p>Aldrei stóriðja á Grjóthálsi- við segjum nei við náttúruspjöllum í þágu erlandra orkufyrirtækja. Matsáætlun gegn árás gegn náttúru, ósnortið heiðarland og fjölbreytta atvinnustarfsemi. Mat á áhrifum á náttúru og samfélag.</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>“Áformað er að reisa vindorkugarð á Grjóthálsi við Holtavörðuheiði, á jörðunum Hafþórsstöðum og Sigmundarstöðum í Borgarbyggð, með uppsett heildarafl um 66-100 MW Gert er ráð fyrir að fjöldi vindmylla verði á bilinu 10-14 vindmyllur og að afl hverrar vindmyllu verði 6,6-7,2 MW.”</p> <p>Nær allir íbúar og landeigendur í nærbyggð og fjærbyggð við þessa tvo bæi í Borgarbyggð eru alfarið á móti framkvæmdinni og hafa lýst sig andvíga henni í ræðu og riti á sveitarstjórnarstigi, við ríkisvald og skipulagsyfirvöld í löngu þróunarferli sem þó virðist ekkert lát vera á. Þessi áform um stófelld náttúruspjöll og umbyltingu á ásýnd sveitar og tilvist samfélags myndu skaða aðra atvinnustarfssemi í héraði og önnur áform annars fólks sem þarna býr og ætlar að búa. Vindorkuver á Grjóthálsi (ekki garðar og lundir) myndu rústa einstöku heiðalandi og ósnortnum víðernum í alfaraleið, rétt við þjóðveginn og breyta nærliggjandi jörðum og náttúruperlum í ónýt iðnaðarsvæði.</p> <p>1.1 Þátttakendur í umhverfismati</p> <p>“Matsáætlun þessi er unnin af COWI (áður Mannviti). COWI (áður Mannvit) hefur mikla sérfræðiþekkingu á íslenskum lögum og reglugerðum um umhverfismál og er þar af leiðandi vel í stakk búð til þess að upplýsa framkvæmdaraðila um megináherslur og ferla á því sviði. COWI (áður Mannvit) er einnig með mikla reynslu í mati á umhverfisáhrifum og hefur tekið þátt í sambærilegum verkefnum í tengslum við vindorkugarða.”</p> <p>Matsáætlanir okkar byggja á sjónarmiðum fjölmenns samfélags fólks sem býr í Borgarbyggð, hefur yfirsýn yfir landið sitt aftur í tímann og líka fram í tímann, en fær ekki greitt litla stund fyrir að meta eigur annarra og víðerni komandi kynslóða. Hér er á ferðinni stór og fjölbreyttur hópur fólks, þverskurður samfélags með innsýn og þekkingu á ótal hliðum tilvistar, einnig varðandi stórframkvæmdir – en ekki eingöngu leigða álitsgjafa sem hafa ekki síst sína skammtímahagsmuni að leiðarljósi í fyrirhuguðum gjörningum. Matsáætlun okkar byggir líka á náttúruverndarsamfélaginu, en þeir landsmenn skipta þúsundum og tugþúsundum sem gera sér grein fyrir gildi þess að vernda heiðaland og náttúru fyrir samfélag og framtíð og þekkja fégræðgi og skammtímahugsun þegar hún mætir á staðinn. Í okkar röðum er mikil þekking á íslenskri náttúru og umhverfisvernd og er þessi fólksfjöldi í stakk búinn til þess að upplýsa framkvæmaaðila og alla aðra um áherslur á náttúru og lífríki og einnig aðra starfssemi í sveitarfélaginu og áhrif sem slík orkuver myndu hafa á náttúru og mannlíf í Borgarbyggð.</p> <p>Græna lygin – gráa lausnin</p> <p>Listin að stela hugtökum: hvað er græn orka? Það þarf að minnsta kosti tvö þúsund tonn af steypu og stáli undir hverja vindtúrbinu, að ógleymdum vegalagningum í ósnortnu landi og vegauppyggingu til að koma stóriðjunni út í náttúrunna. Er hægt að tala um græna orku um leið og ekki er tekið á</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>orkusóun og orku óreiðu? Er í lagi að fórna náttúru fyrir ímyndaða örvæntingu og án þjóðarsamtals um stóru sýnina?</p> <p>Að vernda náttúru Samkvæmt milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna í loftslagsmálum er verndun náttúru næst áhrifamesta aðgerðin sem jarðarbúar geta gripið til gegn loftslagsvánni. Ísland hlýtur að spila þar eitt af stóru hlutverkunum í veröldinni. Samt tala ráðamenn um að brjóta land, ryðja náttúru fyrir hin svokölluðu grænu orkuskipti sem valdablokkir hafa gripið á lofti og tileinkað sér til að auka áfram neyslu og gróða. Og náttúran blæðir.</p> <p>Við höfumst svo ólíkt að. Sumir brjóta land, aðrir friða og rækta land. Það er ójafnt gefið þegar sjálfvirkar peningamaskínur eru ræstar til að berjja áfram risaverkefni. Enginn heldur á heildarsýninni og allir eru í raun aðeins að huga að eigin afkomu litla stund. Þá þurfa einstaklingar sífellt að fara af stað, aftur og aftur, og berjast í eigin tíma og fjármagni fyrir sinni tilvist og jafnvel fyrir stóru myndinni. Það er mikill lýðræðishalli og því verða þessar glærur ekki fleiri þótt þær gætu orðið að heilli bók og mörgum bindum um náttúru, mannlíf, græna framtíð og græðgi – fyrirferð mannskepnunnar. Svo ekki sé minnst á siðfræði og heimspeki sem er svo ábótavant í framkvæmdageiranum.</p>	
<p>Kristín Helga Gunnarsdóttir Raunveruleikinn í nábýli við vindorkuver í nágrannalöndunum: Græna lygin: Það er ekkert grænt við sambýlið við stóriðju í vindorku – ekkert grænt fyrir náttúru og lífríki, mannlega tilvist og alla aðra atvinnustarfsemi í sveitinni. mengun-áreiti-innrás. Ljósáreiti um nætur, alvarleg ógn við fuglalíf, örplastmengun við tætingu spaða, sjónmengun og hljóðmengun, óafturkræf röskun á heiðalandi...</p>	
<p>Bjarki Vilhjálmsson og Þuríður Inga</p> <p>Við erum ein af ábúendum á jörðinni Helgavatni og við leggjumst á mótum þessari framkvæmd, vegna þess að þetta er í mínu næsta nágrenni og er gríðarleg sjón, hljóð og umhverfis mengun sem hlýst uppsetningu slíkra mannvirkja.</p>	
<p>Halldór Zoéga Sem íbúi í Borgarfirðinum leggst ég alfarið gegn þeirri árás á Íslenska náttúru sem fyrirætlanir um vindorkuver á Grjóthálsi við Holtavörðuheiði lýsa. Borgarfjórðurinn er ein fallegasta sveit landsins og rétt við fyrirhugað orkuver er Norðurá, ein fallegasta á landsins. Vindmylluver er ekki eitthvað sem unnendur Íslenskrar náttúru hafa áhuga á að sjá, en fyrirhugað orkuver mun verða sýnilegt frá nær öllum Borgarfirðinum. Ekki verður eingöngu af þessu vindorkuveri sjónmengun, nótt sem nýtan dag, heldur verður einnig af svona vindorkuveri hljóðmengun, sem rannsóknir sýna að getur haft umtalsverð neikvæð áhrif á heilsu fólks.</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Þessar fyrirætlanir geta ekki kallast annað en rugl og enn eitt stefnulausa feigðarflanið í íslenskum orkumálum, á kostnað náttúrunnar</p>	
<p>Veiðifélag Norðurár Veiðifélag Norðurár leggst alfarið gegn öllum áformum um vindorkuver í Norðurárdal og Þverárhlið. Veiðifélag Norðurár skorar á þar tilbær stjórnvöld að heimila ekki framkvæmdir við mælímastur á Grjóthálsi þar sem slíkt mastur væri umfangsmikið mannvirki og náttúrulýti, auk þess sem framkvæmdin væri kostnaðarsóm og myndi kalla á áframhaldandi skuldbindingu og aukna kröfu um byggingu vindorkuvers.</p>	<p><i>Áréttað er að hér er til umfjöllunar matsáætlun vegna vindorkugarðs en ekki uppsetning mælímasturs. Uppsetning mælímasturs er í öðru ferli. Uppsetning mælímasturs er ekki sjálfkrafa skuldbinding um uppsetningu vindorkugarðs. Slíkt mun svara enn frekar spurningum um vindafar á svæðinu og hjálpa til við staðsetningu vindmylla innan svæðis, komi til uppsetningu þeirra. Mastur er tekið niður að tveimur árum liðnum.</i></p>

2. Sjónræn áhrif og ásýnd

Umsögn	Viðbrögð
<p>Arnór Orri Hermannsson</p> <p>Vindmillum fylgir óhemju mikil mengun sem felst í sjónmengun, háfaða mengun, Gríðar mikið af plast ögnum sem tæstast af spöðum og dreifast um stórt svæði í kring, miklu jarðraski í formi vega og malarplana sem og hundruð tonna af steipu í sökkjana undir þessa turna.</p>	<p><i>Athugasemdir undir þessum lið eiga það sameiginlegt að snúast um ætluð sjónræn áhrif fyrirhugaðs vindorkugarðs. Almenn má segja að eins og fram kemur í matsáætlun verður m.a. fjallað um sjónræn áhrif í umhverfismatskýrslu. Áhrif verða metin og settar fram mótvægisáðgerðir ef áhrif teljast vera umtalsvert neikvæð.</i></p> <p><i>Vindmyllur eru há mannvirki og sbr. upplýsingar í matsáætlun er reiknað með 180 m háum vindmyllum með spaða í hæstu stöðu. Fræðilegur sýnileiki vindorkugarðs er sýndur á mynd 5.1 í matsáætlun, en myndin sýnir hvar einhver hluti vindmylla er sýnilegur en sjónræn áhrif minnka með fjarlægð.</i></p> <p><i>Alls eru settir fram 16 myndatökustaðir. Þeir næstu eru í um 3 km fjarlægð og allt upp í 40 km fjarlægð.</i></p>
<p>Bjarki Vilhjálmsson og Þuríður Inga</p> <p>Sjónmengun sem hlýst af þessari framkvæmd er gífurleg jafnt fyrir okkur hér í Þverárhlið, Norðurárdal og mest allan borgarfjörðinn. Ég vona að fólk sé að átta sig á því hve gífurleg mannvirkji þetta eru! 150 m háar.</p>	
<p>Eiður Ólason</p> <p>Grjóthálsinn er að mestu ósnortið land og mjög verðmætt sem slíkt. Mikil sjónmengun verður af þessum fyrirhuguðu vindmyllum og samræmast þær illa í landslagi sem býr yfir miklum fjölbreytileika og er einstakt.</p>	
<p>Einar Guðbjartur G. Pálsson</p> <p>Vindorkuver á Grjóthálsi mun verða áberandi lýti í landslagi Borgarfjarðar og sjást allsstaðar að úr héraðinu. Sjónmengunin verður því lík að við það verður ekki unað. Vindmyllum hefur verið hampað sem afturkræfum orkumannvirkjum en það stenst ekki nánari skoðun, til þess verða framkvæmdirnar of viðamiklar</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Guðmundur Ebenezer Guðjónsson</p> <p>Þá er verið að skapa sjónmengun og eyðileggja hljóðvist í mörg hundruð milljóna túrisma sem skapar störf og tekjur inn í samfélagið í sveitinni hjá veiðimönnum í Þverá og Norðurá.</p>	
<p>Guðrún Jónsdóttir</p> <p>Stórum vindtúrbínunum fylgir mikil vegagerð, stórar steyptar undirstöður fyrir hvert mastur og hávaðamengun sem skerðir nýtingu lands í kring. Áform Hríjóna ehf ganga gegn sjálfbærri landnýtingu og eru ekki í takt við skipulagsáherslur sveitarfélagsins hingað til. Furðulegt er að svo langt sé gengið í undirbúningi nú þegar. Grjótháls er sýnilegur af stóru svæði og vindmyllur skaða ásýnd Borgarfjarðar stórlega. Þær munu sjást af vegum, gönguleiðum, fjöllum og heiðum og eyðileggja upplifun almennings af landslaginu. Sjónræn áhrif yrðu beinlínis hræðileg og búsetugæði verulega rýrð.</p>	
<p>Sigríður Bjarnadóttir</p> <p>Athugasemdir við kafla 3.2 framkvæmdalýsing og 5.2 ásýnd í matsáætlun.</p> <p>3.2 Framkvæmdalýsing</p> <p>Þessi kafli er hryðjuverkalýsing gegn náttúrunni, hversu mikil mannvirki og umstang í kringum þær spilla náttúrunni. Þótt að ekki sé búið að staðsetja ferlíkin eru þær af því líkri stærðargráðu að enginn dalur er að fara fela þær, og stærð þeirra er ekki einungis hægt að meta í hæð frá jörðu þar sem augað sér breidd líka.</p> <p>5.2. Ásýnd</p> <p>Áhrif íbúa í byggð yrði í lágmarki. Hvernig áform eru uppi um að lágmarka þennan lið hef ég ekki hugmyndarflug til að ímynda mér, hvað varðar sjónmengun, hljóðmengun og annars konar mengun á að lágmarka á slíkri stóriðju. Þeir koma þá fram með þá framúrstefnulegu athugasemd að birtustig, úrkoma og skýjafar geti dregið úr sýnileika, hverjum hefði dottið það í hug?</p> <p>Annað sem okkur finnst rétt að taka fram er að þegar talað er um að þessi framkvæmd sé ekki í byggð og hafi engin áhrif eða lítil á íbúa þá verður maður alveg kjafstopp yfir yfirgangi og tillitelesi við íbúa dreyfbylisins. Finnst allavega alger vanvirðing að láta svona frá sér þegar þetta er okkar heimili og láta manni líða eins og fólkíð hér sé ekki til eða allavega 3. flokks hyski sem ekki þarf að taka tillits til.</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Guðrún Sigurjónsdóttir</p> <p>Vindorkuverið hefur stækkað mikið frá því sem kynnt var fyrir íbúum í nærsamfélaginu fyrir fimm árum síðan. Bæði hefur vindmyllum fjölgað og þær hækkað. Þetta vindorkuver kemur til með að vera mjög áberandi og sjást víða. Frá vissu sjónarhorni munu þessar vindmyllur og vindmyllurnar sem eru fyrirhugaðar í Hvammi í Norðurárdal nánast þvera dalinn og loka honum. Þetta allt geri ég athugasemd við.</p>	
<p>Sigurður Jónas Gíslason og Margrét Guðjónsdóttir</p> <p>Hvernig ásýnd Borgarbyggðar breytist verði vindorkuver samþykkt þar sem framkvæmd verður sýnileg víða um hérað.</p> <p>Hvernig hljóð og ljósamengun mun trufla íbúa í næsta nágrenni við vindmyllurnar, ásamt því að um mikla sjónmengun verður að ræða.</p>	
<p>Sveinn Ragnarsson</p> <p>Mótmæli þessum áformum um vindmyllur á Grjóthálsi, sem nágrenni og ferðaþjónustu bóndi. Þessir turnar munu blasa við um allan Borgarfjörð og ásýnd náttúrunnar verður ekki söm verði þessi áform að veruleika. Það er í raun óásættanlegt og undarlegt að landeigendur þessara jarða láti sér detta í hug að ætla þjóða nágrönnum sínum og ferðamönnum sem leið eiga um héraðið upp á slíka sjónmengun.</p>	
<p>Málfríður Kristjánsdóttir</p> <p>Breytt ásýnd Borgarbyggðar</p> <p>Drottning og vörumerki Borgarfjarðar er fjallið Baula. Fyrirhugað vindorkuver verður á 370 ha óröskuðu svæði gegnt Baulu í yfir 200m hæð. Vindmyllur og vegir blasa við öllum sem aka þjóðveg 1. Kyrrð í dalnum verður rofin og ásýnd hans gjörbreyt á samt upplifun af útivist.</p>	
<p>Monika Abendroth</p> <p>Með framkvæmdum á þessum stað:</p> <p>Sjónmengun og hljóðmengun: að setja upp 10-14 vindtúrbinum, cirka 180m á hæð, það sést víðar um Borgarbyggð, það samræmist illa með ferðaþjónustu, og blikkandi ljós á nóttunni samræmist illa við norðurljósaskoðun.</p>	
<p>Kristín Helga Gunnarsdóttir</p> <p>Hinn loðni stærðarsamanburður</p> <p>Ótal blekkingar solumaskínunnar miðað við þessa skýringarmynd matsáætlunar er til dæmis bíllinn á myndinni 11 metra hárf ef vindtúrbinan fer í 180 metra</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>hæð. Áform á Grjóthálsi eru líkt og fjórtán 300 manna Airbus farþegaþotur á blikkandi snúningi í 180 metra hæð yfir sveitinni.</p> <p>Vesturlandið undir Samkvæmt korti orkufyrirtækisins mun orkuverið á Grjóthálsi sjást um allt hérað og yfir í önnur hérað, nokk sama á hvaða tindi fálk stendur í vestur-héraðum.</p>	
<p>Hraunbær I & II og Hvassafell I & II</p> <p>Sjónmengun yrði gríðarlega af þessu raforkuveri. Gera verður kröfu um að myndir verði gerðar sem sýna ásýnd frá næstu bæjum við raforkuverið og t.d. frá Þjóðvegi 1 gengt Hafþórstöðum. Það er aumt að sjá hvernig reynt er að gera lítið úr þessum þætti í matsáætlunni, eingöngu myndir úr töluverðri fjarlægð. Tölvugerð mynd sem sýnir bíl í kolröngum hlutföllum (5-6x of stór) miðað við vindmyllu er ekki sæmandi verfræðistofu sem vill láta taka sig alvarlega.</p>	<p><i>Alls eru 7 staðir í 3-7 km fjarlægð, frá útsýnisstöðum og Þjóðvegi. Mynd frá Grábrók í 7,3 km fjarlægð ætti að gefa tilfinningu fyrir því hvernig ásýnd er úr þeirri fjarlægð sem hér er bent á. Ekki er því talin þörf á að bæta við myndatökustað frá þessu sjónarhorni.</i></p>
<p>Farkostur ehf. og Lövenskjöld ehf.</p> <p>Fjölga þarf myndatökustöðum til að varpa ljósi á sjónmengun vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar m.a. frá lögbýlum og helstu veiðistöðum við Norðurá nærri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Nálægð iðnaðarsvæðis við staði þar sem fólk nýtur nálægðar við náttúru verður að meta með fullnægjandi hætti. Á það við bæði sjónræn áhrif og hljóðræn áhrif.</p>	<p><i>Í matsáætlun eru lagðir fram 16 myndatökustaðir frá 3,6 km fjarlægð og að rúmlega 40 km. Alls eru sjö staðir í 3-7 km fjarlægð. Einn af þeim stöðum er við veiðihús við Háreksstaði í Norðurá. Einnig er gert ráð fyrir myndum frá veiðihúsi í Þvera í 4,4 km fjarlægð og veiðistaðnum Klukknastræng í 6,6 km fjarlægð. Talið að er að þessir staðir nægi til að gefa til kynna sýnileika frá laxveiðiám á svæðinu.</i></p>
<p>Guðrún Jónsdóttir og Davíð Aðalsteinsson</p> <p>Fyrirhugað vindorkuver mun hafa mikil sjónræn áhrif á upplifun laxveiða í Þverá og Norðurá. Mikilvægt er að greina til hlítar viðkvæmni viðtaka sjónrænna áhrifa sem í þessu tilviki eru laxveiðifólk. Það sama á við áhrif á hljóðvist.</p>	
<p>Gunnlaugur Auðunn Júlíusson</p> <p>5. Eins og kemur fram á forsiðumynd skýrslunnar þá mun fyrirhugaður vindorkugarður vera staðsettur þannig á Grjóthálsi að það hallar frá garðinum niður að Norðurá. Norðurá er eins og flestum, sem málið varðar ætti að vera kunnugt, ein af stóru laxveiðiám Borgarfjarðar og þar með landsins. Í Norðurá eru 170 merktir veiðistaðir og meðalveiði síðustu 10 ára eru um 2000 laxar. Því ætti að liggja í augum uppi að fjalla þarf sérstaklega um möguleg umhverfisáhrif á hina verðmætu og vel þekktu laxveiðiá Norðurá í skýrslu um</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>„Mat á umhverfisáhrifum“ vegna uppbyggingu fjölda vindorkuvera á Grjóthálsi.</p>	
<p>Guðmundur Ebenezer Guðjónsson.</p> <p>Fyrirhugað vindorkuver mun hafa mikil sjónræn áhrif á upplifun laxveiða í Þverá og Norðurá. Mikilvægt er að greina til hlítar viðkvæmni viðtaka sjónrænna áhrifa sem í þessu tilviki eru laxveiðifólk. Það sama á við áhrif á hljóðvist.</p>	
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir</p> <p>Gerð er athugasemd við að ekki verði sérstaklega hugað að áhrifum á ásynd Baulu sem einkennisfjalls Borgarfjarðar.</p> <p>Gerð er athugasemd við að ekki séu valdir myndatökustaðir frá öllum lögbýlum sem vindorkugarðurinn mun sjást frá. Svo virðist á tillögum að myndatökustöðum að nánast eingöngu sé miðað við ferðamenn og aðra vegfarendur en ekki þá sem dvelja á svæðinu til lengri tíma.</p>	
<p>Páll Hrannar Hermannson</p> <p>Fyrir utan ýmis konar umhverfisáhrif og áhrif á vistkerfi þá hafa vindorkuver gríðarleg sjónræn umhverfisáhrif. Sýnileiki þeirra er mikill þar sem þau standa teinrétt á yfirborði jarðar og teygja sig a.m.k. 150 – 200 metra upp í loftið. Við erum þá að tala um tæpar 3 Hallgrímskirkjur á hæð (kirkjan er 74,5 m á hæð). Vindorkuver munu eyðileggja þá fjallasýn og upplifun þeirra sem unna ósnortinni náttúru svæðisins.</p>	
<p>Kapall hf – Magnea Björg Skúladóttir</p> <p>Ný matsáætlun gerir ráð fyrir 180m háum vindmyllum með spaða í hæðstu stöðu og er það hærra en stefnt var að í fyrstu. Umsagnaraðili telur mikilvægt að beta hljóð-, ljós- og sjónmengun af þeim háu mannvirkjum, enda stóð upphaflega til að hafa vindmyllurnar ekki hærra en um 150m vegna mengunar, sem þó hefði orðið. Þá telur umsagnaraðili mikilvægt að mat verði unnið á þeim mengunaráhrifum sem verða á nánast umhverfi og jörðum er lúta að lífríki og nýtingarmöguleikum nágretta. Ef kemur í ljós að landeigendur í nágrenni vindorkuversins verði fyrir áhrifum skal skilgreina þau áhrif og þær mótvægisáðgerðir og bætur sem framkvæmdaaðili sér fyrir sér að inna af hendi.</p> <p>Út frá því korti sem birt er í matsáætlun verkefnisins er ljós að vindorkuverið mun standa á landi sem er í um 250m hæð yfir sjávarmáli og allt upp í 275m en hæðsti toppur Grjótháls er um 300m yfir sjávarmáli. Því er ljóst að vindorkuverið mun standa mjög hátt og gnæfa yfir Borgarfirði um öllum áttum en matsáætlun sýnir sýnileika kort fyrir vindorkuverið. Matsáætlun tekur fram</p>	<p><i>Vindmyllur eru há mannvirki og verða áberandi í umhverfinu. Turninn sjálfur verður um 100 m hár, en vindmyllur verða um 180 m þegar spaðar eru í hæstu stöðu.</i></p> <p><i>Hvað varðar flugöryggisljós, þá er á þessu stigi ekki búið að ákveða hvert fyrirkomulag slíkrar lýsingar gæti orðið, en slíkt er gert í samráði við Samgöngustofu eins og fram kemur í kafla 2.6 í matsáætlun. Einn af kostum þess að staðsetja vindorkugarð á Grjóthálsi er að talið er að lítil flugumferð sé yfir Grjótháls. Þannig gætu kröfur um lýsingu orðið minni en á öðrum stöðum þar sem flugumferð er meiri. En greining á þessum þætti verður í umhverfismatsskýrslu.</i></p> <p><i>Unnið verður mat á skuggaflökki.</i></p> <p><i>Kort sem sýnir fræðilegan sýnileika í matsáætlun er í grófum skala og sýnir stórt svæði og því ekki unnt að hafa inni öll örnefni þ.m.t. bæjarnöfn. Valdir</i></p>

Umsögn	Viðbrögð
<p>að gera verði rannsókn á sýnileika og áhrifum hans á samfélagið en umsagnaraðili óskar eftir að einnig verði rannsakað hver áhrif af slíkri sjónmengun verða á markaðsvirði fasteigna í nærumhverfi vindorkuvers. Nú þegar hefur verið gerð rannsókn í Noregi á markaðsvirði fasteigna í nálægð við vindorkuver sem sýnir með afgerandi hætti að fasteignaeigendur í nágrenni vindorkuvera bera fjárhagslegt tjón af því að vindorkuver rísi í nálægð.</p>	<p><i>eru staðir sem gefa til kynna sýnileika frá mismunandi sjónarhornum frá 3,6 km til 40,6 km. Óljóst er hvað átt er við texta um fjarlægð vindorkugarðs við nærliggjandi íbúðarhús og bústaði.</i></p>
<p>Kristín Ingólfssdóttir og Einar Sigurðsson</p> <p>Vindmyllurnar yrðu hver um sig með hæstu mannvirkjum á Íslandi. Með því að setja 180 metra há möstur ofan á Grjóthálsinn sem sjálfur er 200 metrum hærrí en landið í kring (250 m yfir sjávarmáli), er augljóst að sjónræn áhrif yrðu veruleg, í björtu vegna stærðar og fjölda mannvirkja og í myrkri vegna sterkra blikkljósa fyrir flugumferð. Lítið er gert úr flugumferð í matsáætlun en þeim sem búa á þessum slóðum er ljóst að þarna er mikilvæg flugleið fyrir smærri flugvélar á leið milli landshluta. Þá er ótalið skuggaflókt sem vænta má þar sem sól gengur til viðar og vindmylluspaðar skyggja á ljósið með truflandi takti. Við gerum athugasemd við að sýnileikakort sem fylgja matsáætlun taka ekki mið af nærliggjandi lögbýlum og sumarbústöðum. Við gerum einnig alvarlegar athugasemdir við texta um fjarlægð stóriðjunnar við nærliggjandi íbúðarhús og bústaði.</p>	

3. Jarðvegsrask

Umsögn	Viðbrögð
<p>Arnór Orri Hermannsson</p> <p>Vindmillum fylgir óhemju mikil mengun sem felst í sjónmengun, háfaða mengun, Gríðar mikið af plast ögnum sem tæstast af spöðum og dreifast um stórt svæði í kring, miklu jarðraski í formi vega og malarplana sem og hundruð tonna af steipu í sökklana undir þessa turna.</p>	<p><i>Eins og fram kemur í matsáætlun verður m.a. fjallað um jarðrask í umhverfismatskýrslu. Einnig verður umfjöllun um örplast. Eins og staðan er í dag þá eru vindmylluhlutar endurunnir erlendis og verður umfjöllun um það í umhverfismatskýrslu tengdar niðurrífi vindorkugarðsins.</i></p>
<p>Gunnlaugur Auðunn Júlíusson</p> <p>6. Það er öllum ljóst að hinar gríðarlegu framkvæmdir, sem óhjákvæmilegar eru á Grjóthálsi vegna uppbyggingu fyrirhugaðra vindorkuvera, munu hafa einar og sér áhrif á nánasta umhverfi sitt. Þar má t.d. nefna vegaframkvæmdir vegna flutninga á efni og tækjum. Spaðar vindorkuvera, af þeirri stærð sem hér um ræðir, eru um 80 metra langir. Hver lengdarmetri í þeim er um 250 kg þungur eða um 20 tonn samtals. Þeir verða fluttir í heilu lagi frá löndunarhöfn</p>	<p><i>Eins og fram kemur í kafla 3.2.5 er áætluð efnispörf í verkið allt að 250.000 m³. Efni verður tekið að mest úr námum innan framkvæmdasvæðis og skeringum, en ólíklegt er talið að allar námur verði fullnýttar. Einnig kemur fram að mögulega verði hægt að notast við bergfestur í einhverjum tilfellum sem dregur úr steypumagni í undirstöður. Fjallað verður nánar um efnispörf í umhverfismatskýrslu.</i></p>


Umsögn	Viðbrögð
<p>á byggingarstað á sérútbúnum flutningatrailerum. Slík tæki þurfa sérhannaða og séruppbyggða vegi vegna lengdar tækjanna og þunga þeirra. Þar duga engir línuslóðar eða grófir traktoravegir. Því munu gríðarmiklar jarðvegsframkvæmdir verða óhjákvæmilegir á Grjóthálsi vegna nauðsynlegrar vegalagningar og uppgraftrar vegna fótstykki vindorkuveranna. Uppgröftur úr hverri undirstöðu gæti numið allt að 5.000 rúmmetrum fyrir hvert vindorkuver miðað við þær upplýsingar sem koma fram í skýrslunni eða 65.000 – 70.000 m³ samtals. Eru þá ótalið annað jarðrask s.s. sprengingar og jarðvegsflutningar vegna vegagerðar, gerðar vinnusvæða og annarar nauðsynlegrar aðstöðu.</p>	<p><i>Eins og fram kemur í kafla 3.2.4 er gert ráð fyrir að þörf verði á styrkingu og aðlögun á malarvegum til þess að flutningur sé öruggur um veginn. Ef þörf er á breytingum á samgöngumannvirkjum verður fjallað um möguleg umhverfisáhrif þeirra breytinga í umhverfismatskýrslu. Í umhverfismatskýrslu verður gerð grein fyrir úttekt á þeim leiðum sem koma til greina vegna flutninga á íhlutum vindmylla.</i></p>
<p>Málfríður Kristjánisdóttir Matsáætlun um mat á umhverfisáætlun er ófullnægjandi Ger þarf nánari grein fyrir: Hve stóru svæði verður raskað en það verður mun stærra en 21 ha. (gr. 3. 2. 2.) Svæði sem fer undir vindmyllur, kranaplön geymslusvæði og vegi er 14 ha. Þá eru ekki meðtaldar skerðingar, svæði undir jarðstrengi og 5 nýjar grjótnámur og athafnasvæði við þær.</p>	<p><i>Ítarlegri upplýsingar um röskuð svæði verður í umhverfismatskýrslu. Miðað við þá þætti sem liggja fyrir á þessu stigi er reiknað með að rask muni nema um 21 ha eins og segir í matsáætlun og þar með talið þær námur sem á að nýta.</i></p>

4. Örplast

Umsögn	Viðbrögð
<p>Arnór Orri Hermannsson Vindmillum fylgir óhemju mikil mengun sem felst í sjónmengun, háfaða mengun, Gríðar mikið af plast ögnum sem tæstast af spöðum og dreifast um stórt svæði í kring, miklu jarðraski í formi vega og malarplana sem og hundruð tonna af steipu í sökkjana undir þessa turna.</p>	<p><i>Eins og fram kemur í matsáætlun verður m.a. fjallað um sjónræn áhrif, hávaða og jarðrask í umhverfismatskýrslu. Einnig verður umfjöllun um örplast.</i></p>
<p>Bjarki Vilhjálmsson og Þuríður Inga Við erum ung og ný flutt aftur í sveitina og erum að fullu að taka við rekstri stórs kúabús hér og kærur okkur lítið um það hafandi örplast fjúkandi yfir okkar börn okkur og bústofn þegar norðan áttin fer að blása. Nóg er af örplasti úti fisknum sem við borðum og þurfum ekki meira af því.</p>	<p><i>Í ljósi athugasemda og áhyggja sem fram hafa komið í umsögnum um matsáætlun þá mun verða umfjöllun um örplast í umhverfismatskýrslu. Sú umfjöllun mun byggja á reynslu og rannsóknum erlendis frá m.a. frá Noregi sjá t.d. hér: https://www.nve.no/energi/energisystem/vindkraft/kunnapsgrunnlag-om-virkningar-av-vindkraft-paa-land/forensning/.</i></p>
<p>Einar Guðbjartur G. Pálsson</p>	<p><i>Reynslan sýnir að umfang örplasts sem berst frá vindmyllum er öllu jafna óverulegt. Á ofangreindri síðu kemur fram að um 200 gr. berast frá hverri vindmyllu á ári. Til að setja í samhengi kemur fram í þessari skýrslu</i></p>

Umsögn	Viðbrögð
<p>Þegar síðan bætist við plastmengun af völdum niðurbrots og slits á vindmylluspöðum (með tilheyrandi örplastmengun) og erfiðleikar við förgun og endurvinnslu spaðanna auk fleiri umhverfisþátta er ljóst að þessari framkvæmd verður að mótmæla, ég geri það hér með kröftuglega.</p>	<p>samfunnsaksept_v4.pdf (fornybarnorge.no) að um 1900 gr. berist frá dekkjum frá hverju ökutæki í Noregi á ári.</p> <p><i>Eins og staðan er í dag þá eru vindmylluhlutar endurunir erlendis og verður umfjöllun um það í umhverfismatskýrslu tengdar niðurrifi vindorkugarðsins.</i></p>
<p>Farkostur ehf. og Lövenskjöld ehf.</p> <p>3. Í umfjöllun í matsáætluninni er hvorki vikið að lífríki í ám né að áhrifum örplastmengunar af völdum fyrirhugaðrar framkvæmdar á lífríki og vistkerfi. Skýrslur frá Noregi sýna að búast má við að örplast í tonnatali og tilheyrandi eiturefni þyrlist árlega frá fyrirhugaðri framkvæmd og skolist niður í Norðurá með tilheyrandi hættu fyrir lífríkið m.a. ungvíði laxfiska. Ekki er heldur vikið að áhrifum slíkrar mengunar á heilsu manna eða húsdýra. Gerð er athugasemd við þetta og bent á að vindmyllum fylgir örplastmengun sem leggja þarf mat á. Í 4. gr. laga nr. 111/2021 er skýrt kveðið á um að í umhverfismati skuli meta áhrif framkvæmdar á vatn (1. mgr. c liður) og líffræðilega fjölbreytni (1. mgr. b liður) þ.m.t. laxfiska í ám í næsta nágrenni við fyrirhugaða framkvæmd.</p> <p>Án umfjöllunar um þessa þætti verður ekki séð að umhverfismatið innihaldi þær athuganir sem sanngjarnt má telja sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021 svo unnt sé að taka afstöðu til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.</p>	
<p>Gunnlaugur Auðunn Júlíusson</p> <p>7. Spaðar vindorkuvera eru gerðir úr fiberefnum. Um 14% hvers vindorkuversvæng er epoxy efni eða 2,8 tonn samtals í þeim 14 vindorkuverum sem fyrirhugað er að reisa. Um 1/3 hluti þess, eða rúm 900 kg, er efnið bisphenol A (BPA). Eitt kíló BPA getur mengað 1 milljarð lítra vatns. Innihald drykkjarvatns af BPA má ekki vera hærra en 0,0000001 grömm í hverjum líter. Epoxyefnin í vængjum vindorkuvera hafa hingað til verið svo eitruð að það hefur ekki reynst mögulegt að þróa aðferð til að endurvinna spaðana. Þeir hafa því fram til þessa yfirleitt verið grafnir þegar nýtingartíma þeirra er lokið. Svo seint sem á árinu 2021 þá ályktaði Norðurlandaráð sérstaklega um, að hvetja þau hinna norrænu ríkja, sem málið varðar, að vinna saman að því að finna lausn á þessum vanda. Ystu endar á spöðum vindorkuvera, sem eru um 80 metra langir, snúast með a.m.k. 200 km hraða á klst. Þeir veðrast því með tímanum. Veðrun spaðanna eykst samhliða aukinni úrkomu. Ekki er endilega víst að veðrunin sé í réttu hlutfalli við aukið úrkomumagn heldur gæti hlutfallsleg aukning veðrunar verið meiri en sem nemur aukningu úrkomunnar. Spaðar vindorkuvera veðrast meir þegar úrkoma er í föstu formi (snjócoma eða hagl) heldur en þegar rignir. Hollenskar rannsóknir hafa sýnt fram á að úr hverjum spaða veðrast 1-14 kg af örfiberefni á ári. Á 14 vindorkuverum eru 42 spaðar. Því gæti veðrun örfiberefna á þessu</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>svæði verið að á bilinu 42 – 588 kg á ári a.m.k. Á tíu árum gætu því dreifst yfir nágrenni vindorkuveranna frá tæpu hálfu tonni upp í tæp sex tonn af eitruðum örfiberefnum. Nú er úrkoma í formi snjókomu og hagls mun algengari í uppsveitum Borgarfjarðar en í lágsvæitum Hollands. Því er ekki óeðlilegt að álykta sem svo að veðrun örfiberefna af spöðum vindorkuvera verði meiri á Grjóthálsi en almennt gerist í Hollandi. Það ætti því að vera einn af þeim þáttum, sem lögð verði þung áhersla á í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vindorkuvers á Grjóthálsi, að leggja mat á það magn örfiberefna sem mun dreifast um næsta nágrenni vindorkuversgarðsins, hve vítt munu þau dreifast og hvaða áhrif geta þau haft á stöðu Norðurár sem eina af stærri og þekktari laxveiðilám landsins.</p>	
<p>Guðrún Sigurjónsdóttir</p> <p>Ég geri miklar athugasemdir við örplast sem tærist af vindmylluspöðunum og fýkur um nágrennið. Ríkjandi vindátt er frá Hafþórsstöðum til okkar. Við erum með landbúnað og óttumst örplast í landbúnaðarafurðum okkar líkt og er í nágrennalöndum okkar þar sem mjólkinn er orðin menguð af örplasti. Sama má segja um að örplast berist út í Norðurá og þar með í laxinn svo og í vatnsból en öll vatnsból á nærliggjandi jörðum eru einkaavatsból.</p>	
<p>Hraunbær I & II og Hvassafell I & II</p> <p>Ekki er minnst á plast mengun frá vindmyllu spöðum, sem hefur verið rannsökuð erlendis og er staðreynd. Gera þarf grein fyrir stærðargráðu plast mengunar og áhrif hennar á vatnafar, lífríki og á verðmætar laxveiði ár í nágrenninu</p>	
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir</p> <p>Gerð er athugasemd við að ekki skuli lagt mat á umhverfisáhrif af því örplasti sem fer út í náttúruna við tæringu á vindmylluspöðum og getur haft neikvæð áhrif á vatnsöflun nærliggjandi bæja og almennt á náttúruna í Norðurárdal.</p>	
<p>Vilhjálmur Diðriksson og Ágústa Gunnarsdóttir</p> <p>Mér hugnast ekki að gefa kúnum mínum hey eða láta þær bíta gras sem verður mengað af örtrefjum sem fjúka af spöðum vindmyllanna og tel að það sé þeim ekki til góðs.</p>	
<p>Monika Abendroth</p> <p>Með framkvæmdum á þessum stað:</p> <p>Örplastmengun frá spöðunum. Þeir eru úr trefjagleri sem dreifist út í umhverfi og valda mengun og skaða lífríki. Það þarf að endurnýja spaðana á cirka 10 ára</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>fresti, það er nánast útilokað að endurvinnna þá, þeir eru grafin í jörðu eða notaðir í landfyllingu.</p>	
<p>Kristín Helga Gunnarsdóttir</p> <p>Eyðingin og epoxy-úðun: Bisphenola-örplastið sem veldur ófrjóssemi mun eyðast út í lífríkið.</p> <p>Hér er mynd af vindmylluspaða eftir aðeins þrjú ár í notkun. Þetta slit er óumflýjanlegt þegar ysta brún spaðans snýst á allt að 290km hraða gegnum loftið. Plastið lætur smám saman undan þegar dropar og ryk skella á því með þessum hraða. Svo dreifist örplastið með vindinum um heiðar og vötn. Þá þarf að smyrja spaðana reglubundið til að endurnýja plastefnið og um leið úðunina. Hér á landi vantar alls ekki meira rafmagn og síst af öllu mengandi plast frá ljótum og háværum vindmyllum.</p> 	

5. Niðurrif, frágangur og endurvinnsla

Umsögn	Viðbrögð
<p>Arnór Orri Hermannsson Spaðarnir eru gerðir úr trefja plasti sem er hægt að endurvinna, en til þess þarf að taka þá niður og flytja erlendis. Það er eitt fyrirtæki í heiminum sem er að prófa sig áfram með það. Kostnaðurinn við að taka spaðana niður og flytja þá um borð í skip sem siglir þvert yfir hnöttinn með þá í endurvinnslu hleypur á tugum miljóna, svo ekki sé talað um mengunina sem felst í þessum fluttningum. Þar af leiðandi hafa menn brugðið á það ráð að grafa þá bara sem næst stóriðjuni og spara sér peninginn. Því allir sem eru í vindmillu stóriðju eru í því til að græða og ekkert annað.</p>	<p><i>Athugasemdir undir þessum lið eiga það sameiginlegt að snúast um niðurrif vindorkugarðs og endurvinnslu íhluta. Í kafla 3.2.7 í matsáætlun er fjallað um frágang. Í umhverfismatsskýrslu verður frekari umfjöllun um frágang, tengt niðurrifi og endurnýtingu efnis, en eins og staðan er í dag er unnt að endurnýta meirihluta vindmylluspaða. Einnig má geta þess að EU stefnir á að banna urðun á spöðum árið 2025².</i></p> <p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um byggingarefni vindmylla og mögulegt niðurbrot þeirra.</i></p>
<p>Gunnlaugur Auðunn Júlíusson</p> <p>9. Reynsla af rekstri vindorkuvera í nágrannalöndum Íslands er að fjárhagsleg og tæknileg ending þeirra er almennt um 12-15 ár. Að þeim rekstartíma loknum eru þeir annað hvort úreltir eða úr sér gengnir nema hvortveggja sé. Í mati á umhverfisáhrifum vindorkuversgarðs á Grjóthálsi þarf að liggja fyrir hvað verður gert við mannvirkin þegar ekki er lengur fjárhagslega eða tæknilega hagkvæmt að nýta þau.</p> <ol style="list-style-type: none"> Hver ber ábyrgð á að taka mannvirkin niður og hver ber kostnað af því? Hvernig er hægt að tryggja að það sé eigandi vindorkuveranna sem ber ábyrgð á þeim framkvæmdum? Hvernig er hægt að tryggja að hægt verði að finna út að loknum notkunartíma vindorkuveranna hver sé eigandi þeirra sbr. reynsluna um skráningu eignarhalds í Noregi á þarlandum vindorkuverum? Hvernig er hægt að tryggja að rekstraraðili (eigandi) vindorkuveranna verði ekki settur í gjaldþrot þegar komið er lokum rekstartíma þeirra? Hvernig er hægt að tryggja að kostnaður við niðurrif vindorkuvera á Grjóthálsi lendi ekki á skattgreiðendum, annað hvort skattgreiðendum í Borgarbyggð eða skattgreiðendum á landsvísu? 	<p><i>Líftími vindmylla er 25-30 ár. Stundum hefur eldri túrbínur verið skipt út eftir 12-15 ár vegna mikilla tæknibreytinga/-framfara en þær yfirleitt seldar áfram til annarra staða/landa til nýtingar þar.</i></p> <p><i>Niðurrif vindorkugarðs er bundið í rekstrarleyfi orkuversins. Eigandi mun sjá um reksturs vindorkugarðs og bera ábyrgð á niðurrifi hans þegar að því kemur. Framkvæmdaraðili mun fara eftir þeim reglum sem settar verða í leyfi yfirvalda.</i></p> <p><i>Fjallað verður um frágang í umhverfismatsskýrslu. Unnið verður að frágangi svæðis í samráði við þar til bæra sérfræðinga og verður unnin sérstök frágangsaætlun fyrir verkefnið. Það felur m.a. í sér umfjöllun um frágang námusvæða.</i></p>

² https://environment.ec.europa.eu/topics/waste-and-recycling/implementation-waste-framework-directive_en
https://environment.ec.europa.eu/topics/waste-and-recycling/landfill-waste_en


Umsögn	Viðbrögð
<p>Hulda Guðmundsdóttir</p> <p>Við mat á umhverfisáhrifum vindorkuvera Hrójóna ehf á Grjóthálsi þarf skýrt að liggja fyrir hvað verður gert við mannvirkin þegar ekki er lengur fjárhagslega eða tæknilega hagkvæmt að nýta þau og hver beri ábyrgð og kostnað af niðurrífi. Þekkt er erlendis að slíkur kostnaður hafi lent á almennum skattgreiðendum og bara sá möguleiki er fullkomlega óásættanlegur í íslensku samhengi. Í raun og veru ætti ekki að taka í mál að verkefni á borð við það sem matsáætlunin um vindorkuver á Grjóthálsi birtir, komi til framkvæmda. Það er of stórt, óljóst og áhættusamt, hvernig sem á það er lítið. Reynsla annarra þjóða af þessari stóriðju er víti til varnaðar, ef ráðamenn landsins vilja taka ábyrga afstöðu.</p>	
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir</p> <p>Gerð er athugasemd við að ekki skuli metið hvernig staðið verði að niðurtöku vindorkugarðsins í því tilviki ef að eigandi/rekstraraðili verði ógjaldfær og hvort að einhverjar tryggingar verði lagðar fram í þeim efnum.</p>	
<p>Málfríður Kristjánisdóttir</p> <p>Frágangur á röskuðum svæðum. Gera þarf grein fyrir hvernig ætlað er að varðveita yfirborðslag jarðvegs til að nýta frágang. Svæðið er í yfir 200m hæð og endurheimt gróðurs verður mjög hæg. Þá þarf að koma fram hvernig framkvæmdaaðilar hyggjast koma í veg fyrir uppblástur og gróðureyðingu á stærra svæði þar sem þarna er mjög vindasamt.</p> <p>Í mati á umhverfisáhrifum þarf að koma fram hvernig fyrirhugað er að farga ónýtum og úreltum vindmylluspöðum.</p>	

6. Fugla og dýralíf

Umsögn	Viðbrögð
<p>Arnór Orri Hermannsson</p> <p>Í Noregi og Svíþjóð er fugladráp þessara skaðræðis spaða mikil plága í Noregi drepast til að mynda um 200 hafernir ár hvert í vindmillum.</p>	<p><i>Samkvæmt fuglaathugun er ekkert virkt arnaróðal í 10 km rás né algengar farleiðir arna. Fjallað verður nánar um áhrif á fuglalíf í umhverfismatskýrslu og þar á meðal upplýsingar sem liggja fyrir um farleiðir arna.</i></p>
<p>Hraunbær I & II og Hvassafell I & II</p> <p>Það er nokkuð algengt að sjá til Hafarna við Norðurá sérstaklega á haustin og frameftir vetri, þetta á einnig við um Þverá. Örninn virðist sækja í seiði eða lax sem er að drepast eftir hrygningu og er því auðveld bráð Arnarins. Kennileiti</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>vísar til að Haförn hafi alla tíð verið á svæðinu, Arnarbæli er þekkt kennileiti við Hreimstaði, oftast stytt í Bæli, og Arnarklettur er í Grábrókarhrauni.</p>	
<p>Erla Guðný Helgadóttir</p> <p>Heiðarnar sjálfar eru stórt og víðáttumikið búsvæði fyrir fugla- og dýralíf og þar finnst raunveruleg kyrrð við stöðuvötn og hamraborgir.</p>	<p><i>Í kafla 5.6.2 í matsáætlun er lýst þeim athugunum sem unnið hefur verið að varðandi fuglalíf, en greint verður nánar frá niðurstöðum í umhverfismatsskýrslu. Niðurstöður sýna að þéttleiki mófugla í varpi er mjög lítil og einnig er lítið um vatnafugla.</i></p>
<p>Farkostur ehf. og Lövenskjöld ehf.</p> <p>3... í 4. gr. laga nr. 111/2021 er skýrt kveðið á um að í umhverfismati skuli meta áhrif framkvæmdar á vatn (1. mgr. c liður) og líffræðilega fjölbreytni (1. mgr. b liður) þ.m.t. laxfiska í ám í næsta nágrenni við fyrirhugaða framkvæmd.</p> <p>Án umfjöllunar um þessa þætti verður ekki séð að umhverfismatið innihaldi þær athuganir sem sanngjarnt má telja sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021 svo unnt sé að taka afstöðu til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.</p>	<p><i>Í kafla 5.4.2 segir að metin verði möguleg áhrif mengandi efna á yfirborðsvatn og möguleg áhrif framkvæmda á rennsli yfirborðsvatns.</i></p> <p><i>Ekki er talið áhrifa muni gæta á laxfiska og því er ekki fjallað um það í matsáætlun.</i></p>
<p>Guðmundur Ebenezer Guðjónsson</p> <p>Þjóðleið er yfir Grjóthálsinn og verða hestar að komast hana og þessir spaðar skapa það mikinn hávaða að það fer ekki saman. Hætta á að hafarnir sem við sem búum þarna sjáum með reglulegu millibili deyjji við að fara í spaðana. Alveg eins gæti mikil fjöldi álfta sem eru alltaf hjá okkur á vorin farið í þá (aðrir fuglar skipta væntanlega ekki máli því þeir eru ekki friðaðir).</p>	<p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um niðurstöður viðamikillar fuglarannsóknar á svæðinu. Þar kemur m.a. fram að ekkert virkt arnaróðal er í 10 km radíus né algengar farleiðir arna. Helst er árekstrarhætta fyrir heiðlóu en árekstrarhætta er þó óveruleg miðað við stofnstærð.</i></p> <p><i>Þjóðleið yfir Grjótháls verður opin fyrir umferð eftir sem áður og er ekki gert ráð fyrir að vindmyllur hafi neikvæð áhrif á hesta.</i></p>
<p>Guðrún Jónsdóttir</p> <p>Á svæðinu er landbúnaður með tilheyrandi fæðuframléiðslu. Vindorkuver með tilheyrandi raski mun hafa gríðarlega neikvæð áhrif á allar nytjar fyrir búpening. Æ færri svæði á Íslandi teljast vera griðland villts dýralífs, þar á meðal fugla. Þar ber landið ábyrgð á heimsvísu. Uppsetning vindorkuvers á áður óbyggðu svæði skerðir slík gæði svo um munar.</p>	<p><i>Innan framkvæmdasvæðis er ekki til staðar landbúnaður með fæðuframléiðslu. Engin rök eru fyrir því, né ástæða til að ætla að vindorkugarður hafi áhrif á nytjar fyrir búpening.</i></p>
<p>Iðunn Hauksdóttir</p> <p>Íslendingar bera ábyrgð á verndun mófugla hér á landi samkvæmt alþjóðasamningnum eins og t.d. samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río) og AEWA samningnum um verndar farfugla og votlendisfugla. Við skipulag og landnotkun skal einnig tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög. Vindmyllur og öll þau mengun sem þeim fylgir skaða búsvæði fugla og annara dýra.</p> <p>Á þessu græða fáir en mikið. Mikill óhugur er að hugsa til þess hvað þetta mál er langt gengið.</p>	<p><i>Í kafla 5.6.2 í matsáætlun er lýst þeim athugunum sem unnið hefur verið að varðandi fuglalíf, en greint verður nánar frá niðurstöðum í umhverfismatsskýrslu. Niðurstöður sýna að þéttleiki mófugla í varpi er mjög lítil og einnig er lítið um vatnafugla.</i></p>

Umsögn	Viðbrögð
<p>Kapall hf – Magnea Björg Skúladóttir Þá hefur verið byggt upp fiskveiðivatn á Grjóthálsi sem er í sameign með öðrum jörðum í Norðurárdal og Þverárhlið. Mikið og afar fjölbreytt fuglalíf er á jörðinni og hafa þar hafnir vetursetu, mófuglar varpsvæði á Grjóthálsi og himbrimar alla tíð verið við Hólmavatn. Þá nýtur jörðin laxveiðihlunninda í Norðurá sem eru rekstri jarðarinnar mikilvæg fjárhagslega. Skarðshamrar er landmikil jörð en stór hluti hennar tilheyrir því svæði er nefnist Grjótháls. Vegna þessa er jörðin best til þess fallin að vera nýtt undir hrossabúskap og er beitarnandi á Grjóthálsi ágætlega til þess fallið. Landið hefur því að hluta til verið nýtt sem slíkt. Þá er mikil umferð ferðamanna um Grjótháls, ekki síst gangandi og á hestum.</p>	
<p>Kristín Ingólfssdóttir og Einar Sigurðsson Sá texti sem fjallar um fuglalíf í matsáætlun er í grófri mótsögn við upplifun okkar af fuglalífi undanfarin 25 ár í Þverárhlið, á Grjóthálsi og við Rauðabergsvatn.</p>	<p><i>Fjallað verður nánar um fuglaathuganir í umhverfismatsskýrslu.</i></p>
<p>Sigríður Bjarnadóttir Hér á Helgavatni og nærliggjandi bæjum sést reglulega til arna og virðast þeir fara um allt svæðið. Vindmylluspaðar er stórhættulegt öllu fuglalífi sem er ríkt hér í kring. Eins er talað um að rjúpur séu ekki á þessu svæði sem er alger fásinna. Veit það persónulega að þarna er töluvert af fugli og þarna fá menn yfileitt eitthvað þegar farið er til veiða. En hitt er annað mál að þegar svona skýrsla er keypt er auðvelt að loka augunum og segja að ekkert sé um fugl.</p>	
<p>Sigríður Guðbjartsdóttir og Diðrik Vilhjálmsson Hér á Helgavatni og nærliggjandi bæjum sést reglulega til arna og virðast þeir fara um allt svæðið. Vindmylluspaðar er stórhættulegt öllu fuglalífi sem er ríkt hér í kring. Eins er talað um að rjúpur séu ekki á þessu svæði sem er alger fásinna. Veit það persónulega að þarna er töluvert af fugli og þarna fá menn yfileitt eitthvað þegar farið er til veiða. En hitt er annað mál að þegar svona skýrsla er keypt er auðvelt að loka augunum og segja að ekkert sé um fugl .</p>	
<p>Sigurður Jónar Gíslason og Margrét Guðjónsdóttir Þau áhrif sem vindmyllurnar munu hafa á fuglalíf á svæðinu, Sérstaklega álfir, fálka, smyrta og síðast en ekki síst örninn, en þeir virðast vera að hasla sér völl á svæðinu.</p>	
<p>Monika Abendroth Með framkvæmdum á þessum stað: Fugladauði</p>	
<p>Kristín Helga Gunnarsdóttir</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Íslenski haförninn-Vesturlandið er stóra búsvæðið. Við búum á Galapagos norðursins og eigum að standa vörð um fugla- og náttúrulíf, heiðalandið og stærstu ótrufluðu víðerni Evrópu. Hér er kort af vef náttúrufræðistofnunar Íslands sem sýnir ferðir ungra hafarna haustið 2022. Það er merkilegt að sjá hve víða þeir hafa farið á þessu tveggja mánaða tímabili þótt Vesturlandið og Vestfirðirnir séu þeirra stóru ferðasvæði. Þau svæði sem vindorkurisarnir ásælast nú harðast fyrir vindorkuverin eru á aðal umferðarsvæði arnarins - Hvalfjörður, Borgarfjörður, Dalabyggð, Reykhólasveit. Arnarvarpið 2022 var lélegt í samanburði við mörg undanfarin ár. Maðurinn þrengir æ meir að náttúrunni. Við ættum að vera að gefa í en ekki eftir í land- og náttúruvernd.</p> 	
<p>Málfríður Kristjánsdóttir Mótvægisáðgerðum vegna breytinga á líffræðilegum fjölbreytileika. Samantekt úr 84 rannsóknum um áhrif vindmylla á dýralíf greinir að 67% spendýrafæra sog í 5 – 15 km fjarlægð frá vindmyllum og 63% fugla yfirgefa búsvæði sitt. Sérstaklega eru rjúpur (hænsnfuglar), vatnafuglar og uglur viðkvæmar.</p> <p>Á Grjóthálsi og í Norðurárdal eru rjúpur algengar, á vötnum og tjörnum í grennd við fyrirhugað vindvirkjanasvæði eru endur og himbrimi. Þá eru uglur og ernir á sveimi eftir dalnum. Þær athuganir sem gerðar hafa verið á fuglalífi á svæðinu ná aðeins til um 4 ferkílómetra svæðis en áhrif vindmylla á fuglalíf eru</p>	<p>Áhrif vindorkuvera á fugla eru almennt talin af fernum toga: áflug, hindrun flugleiða, búsvæðatap og forðun. Í umhverfismatsskýrslu verðu fjallað um áhrif á fuglalíf.</p> <p>Ekki verður fjallað um áhrif á hreindýr í umhverfismatsskýrslu.</p>

Umsögn	Viðbrögð
mun víðtækari. Þar sem lágtíðni hefur mikil áhrif á hreindýr þarf að kanna hvaða áhrif hún hefur á kýr þar sem kúabúskapur er á nokkrum jörðum innan 10km radíuss.	

7. Ísing

Umsögn	Viðbrögð
<p>Arnór Orrí Hermannsson Í Noregi og Svíþjóð er frostið einnig erfitt fyrir þessa stóriðju, og til að halda vindmillunum þar klaka fríum þá eru þær hitaðar upp með dísel rafstöðum í marga mánuði.</p>	<p>Á þessu stigi er hægt að staðfesta að vindmyllur verða búnar afísingarbúnaði. Að auki hægja vindmyllur sjálfkrafa á sér ef ís tekur að myndast, sem dregur úr áhættu á ískasti. Sett verður upp viðvörðunarskilti til vegfarenda varðandi þessa áhættu. Einnig verður sett upp rauntíma vefsíða þar sem áhætta af ískasti er metin og geta vegfarendur hlaðið niður QR kóða sem verður á skiltum á rekstrartíma.</p>
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir Gerð er athugasemd við að ekki skuli metin áætluð hætta af ískasti frá vindmyllunum eins og farið er fram á í fyrri ákvörðun Skipulagsstofnunar.</p>	<p>Ekki verða notaðar dísel rafstöðvar í þessu tilliti.</p>

8. Efnistaka

Nr. 12 - Umsögn	Viðbrögð
<p>Bjarki Vilhjálmsson og Þuríður Inga Svo er ekki nóg með að hafa herna eitthver 100 metra há mannvirkji gnæfandi fyrir manni, þá eru áform að hefja námugróft til að geta veitt efni sem þarf til í þessa framkvæmd að stærð 63.800 fm námur samanlagt eða 63,8 hektara sem fara undir þær það er alveg gífurlega stórt landsvæði þegar allt er lagt saman, en stærðasta náman á vera 28.000 fm eða 28 hektara það væri svipað og grjótsbóndinn myndi grafa upp öll sín tún og hefja þar námugróft, og þegar maður horfir þar yfir finnst mér það allavega ekkert lítið landsvæði sem stendur til að grafa upp, verður varla lítið eftir af óröskuð landsvæði þarna uppfrá.</p>	<p>Í kafla 3.2.5 er fjallað um áætlaða efnispörf og efnistöku v. verkefnisins. Umfang svæða sem afmörkuð hafa verið nema um 62.800 m². Einn hektari jafngildir 10.000 m² þannig að heildar umfang verður um 6,3 ha og er áætlað að sú efnistaka verði að öllu leyti innan afmörkun framkvæmdasvæðis.</p>
<p>Gunnlaugur Auðunn Júlíusson Það er öllum ljóst að hinar gríðarlegu framkvæmdir, sem óhjákvæmilegar eru á Grjóthálsi vegna uppbyggingu fyrirhugaðra vindorkuvera, munu hafa einar og sér áhrif á nánasta umhverfi sitt. Þar má t.d. nefna vegaframkvæmdir vegna flutninga á efni og tækjum. Spáðar vindorkuvera, af þeirri stærð sem hér um ræðir, eru um 80 metra langir. Hver lengdarmetri í þeim er um 250 kg þungur</p>	<p>Fjallað verður nánar um jarðrask í umhverfismatsskýrslu. Líkt og fram kemur matsáætlun þá verða notaðar bergfestur undir undirstöðuna þar sem grundunaraðstæður eru hagstæðar. Með því þarf ekki eins mikið af steypu í undirstöðuna og minna jarðrask.</p>

Nr. 12 - Umsögn	Viðbrögð
<p>eða um 20 tonn samtals. Þeir verða fluttir í heilu lagi frá löndunarhöfn á byggingarstað á sérútbúnum flutningatrailerum. Slík tæki þurfa sérhannaða og séruppbyggða vegi vegna lengdar tækjanna og þunga þeirra. Þar duga engir línuslóðar eða grófir traktoravegir. Því munu gríðarmiklar jarðvegsframkvæmdir verða óhjákvæmilegir á Grjóthálsi vegna nauðsynlegrar vegalagningar og uppgraftrar vegna fótstykki vindorkuveranna. Uppgröftur úr hverri undirstöðu gæti numið allt að 5.000 rúmmetrum fyrir hvert vindorkuver miðað við þær upplýsingar sem koma fram í skýrslunni eða 65.000 – 70.000 m³ samtals. Eru þá ótalið annað jarðrask s.s. sprengingar og jarðvegsflutningar vegna vegagerðar, gerðar vinnusvæða og annarar nauðsynlegrar aðstöðu.</p>	
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Ingu Jónu Friðgeirsdóttur Gerð er athugasemd við að ekki skuli gert sérstakt mat á áhrifum námugraftar á náttúru og mannlíf í dalnum og að gengið skuli út frá því sem vísu að ekki verði farið niður fyrir grunnvatnsstöðu við námugróftinn. Ekki er fjallað um hversu lengi undirbúningsframkvæmdin standi með tilheyrandi sprengingum og raski.</p>	<p><i>Mat á áhrifum efnistöku verður hluti af umfjöllun í umhverfismatsskýrslu. Eins verður gerð grein fyrir umstangi og óþægindum á framkvæmdatíma.</i></p> <p><i>Ekki er á þessu stigi hægt að ganga út frá því vísu að efnistaka nái ekki grunnvatnsstöðu, enda er það orðalag ekki notað.</i></p>
<p>Sigríður Bjarnadóttir</p> <ol style="list-style-type: none"> Allar upplýsingar í matsáætluninni eru mjög almennt orðaðar, en ekki komið með nákvæmar upplýsingar. 3.2.5. Efnisþörf fyrirhugaðrar framkvæmdar felst í steypu og stáli í grunna vindmyllanna auk fyllingarefna fyrir vegi og vinnuþlön. Gert er ráð fyrir að jarðgrunnsathuganir leiði í ljós áætlun á efnisþörf fyrir undirstöður (gerð og umfang), vegi, vinnuþlön, innviði og mannvirki á framkvæmdasvæðinu. <p>3 Heildarsvæði vegna framkvæmdarinnar er hvergi getið. Það þarf t.d. að reikna með þeim svæðum þar sem allar 5 grjótnámurnar eru. Þær eru að sjálfsögðu ekki á því svæði sem áætlað er að verði undir orkuverinu sjálfu.</p>	<p><i>Í matsáætlun er ekki fjallað á ítarlegan hátt um framkvæmdina og umhverfismat hennar, heldur er framkvæmdin skilgreind og þess getið hvernig staðið verði að umhverfismati hennar. Af þeim sökum er um almennt orðalag að ræða en þó þannig að ljóst sé umfang framkvæmdasvæðis og helstu framkvæmdaþátta.</i></p>

9. Laxveiði

Nr. 12 - Umsögn	Viðbrögð
<p>Bjarki Vilhjálmsson og Þuríður Inga</p> <p>Ekki nóg með hvað mér finnst um þetta, þá er hér ein af betri laxveiði ám á landinu og höfum við að aðrir sveitungar tekjur af því. Þá er ásynnd eitthvað sem fólk sem kemur frá útlöndum að hér til að veiða og njóta náttúruna sem við höfum uppá að bjóða, og ekki bætir svona mannvirkji hana eða allavega teljum við ekki svo.</p>	<p><i>Athugasemdir undir þessum lið er öllum beint að meintum áhrifum vindorkugarðs á laxveiði í laxám sem liggja sitthvoru megin við Grjótháls. Eins og fram kemur á mynd 5.1 í matsáætlun voru þrjár myndatökustaðir valdir við laxveiðiár sitthvoru megin við hálsinn, tveir frá veiðihúsum og einn frá veiðistað. Þannig verða í umhverfismatsskýrslu metin sjónræn áhrif frá þessum stöðum. Einnig verður hluti af samfélagsathugun spurningakönnun á meðal íbúa og ferðapjónustuaðila og má gera ráð fyrir að þar beri á góma sú</i></p>

Nr. 12 - Umsögn	Viðbrögð
<p>Gunnlaugur Auðunn Júlíusson</p> <p>Eins og kemur fram á forsiðumynd skýrslunnar þá mun fyrirhugaður vindorkugarður vera staðsettur þannig á Grjóthálsi að það hallar frá garðinum niður að Norðurá. Norðurá er eins og flestum, sem málið varðar ætti að vera kunnugt, ein af stóru laxveiðiám Borgarfjarðar og þar með landsins. Í Norðurá eru 170 merktir veiðistaðir og meðalveiði síðustu 10 ára eru um 2000 laxar. Því ætti að liggja í augum uppi að fjalla þarf sérstaklega um möguleg umhverfisáhrif á hina verðmætu og vel þekktu laxveiðiá Norðurá í skýrslu um „Mat á umhverfisáhrifum“ vegna uppbyggingu fjölda vindorkuvera á Grjóthálsi.</p>	<p><i>útvíst og ferðapjónusta sem stunduð er á svæðinu í dag þ.á.m. laxveiði. Greint verður frá niðurstöðum þessara athugana í umhverfismatsskýrslu.</i></p> <p><i>Benda má á að þjóðvegur 1 liggur að hluta meðfram Norðurá, sem virðist ekki hafa þau áhrif sem boðuð eru í hluta þessara athugasemda hvað varðar truflun. Einnig má benda á að vindorka fyrirfinnst nálægt laxveiðiám erlendis og verður unnt að vísa til þeirrar reynslu í umhverfismatsskýrslu.</i></p>
<p>Guðmundur Ebenezer Guðjónsson</p> <p>Þá er verið að skapa sjónmengun og eyðileggja hljóðvist í mörg hundruð milljóna túrisma sem skapar störf og tekjur inn í samfélagið í sveitinni hjá veiðimönnum í Þverá og Norðurá.</p>	
<p>Guðrún Jónsdóttir</p> <p>Þjóðvegur nr. 1 liggur eftir Norðurárdal og þaðan yrðu vindmyllur afar vel sjáanlegar með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á náttúruupplifun. Norðurá er ein vinsælasta veiðiá landsins og af henni hafa margir tekjur, beinar og óbeinar. Þangað kemur fólk til að njóta friðsældar náttúrunnar. Ljóst er að margir munu hugsa sig um tvisvar áður en veiðileyfi verða keypt við hlið vindorkuvers. Norðurárdalurinn býr yfir einstakri náttúrufegurð og hefur verið líkt við sjálfa Þingvelli. Hugmyndir um vindorkuver á slíkum stað hljóta að byggja á einkahagsmunum og gróðasjónarmiði en geta aldrei grundvallast á almannahagsmunum.</p> <p>Náttúra Íslands er einstök og á sér æ fleiri unnendur. Vegin á vogaskálum lífsgæða komandi kynslóða vegur hún þungt. Það getur aldrei talist góð framtíðarsýn að skaða umhverfið á grundvelli peningalegra stundrahagsmuna einnar kynslóðar.</p>	
<p>Hulda Guðmundsdóttir</p> <p>Er unnt að samþykkja vindorkuver í nágrenni við Norðurá? Gera verður kröfu um að fjallað verði um hvort svo sé og þá hvernig, í umhverfismati.</p>	
<p>Kristín Ingólfssdóttir og Einar Sigurðsson</p> <p>Augljóst er að um eðlisbreytingar á héraðinu öllu yrði að ræða. Í húfi eru miklir hagsmunir sem tengjast öðrum atvinnugreinum og möguleikum til uppbyggingar annarra greina, þar á meðal Stangveiði. Þessum fyrirætlunum er stefnt gegn hagsmunum bænda sem eiga og hafa tekjur af tveimur af stærstu laxveiðiám á Íslandi. Þær myndu missa stóran hluta af aðdráttarafli sínu, að bjóða uppá náttúruupplifun í því sem næst óspilltri náttúru.</p>	

Nr. 12 - Umsögn	Viðbrögð
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir</p> <p>Gerð er athugasemd við að matsáætlunin ná ekki til áhrifa á laxveiði í Norðurá og þá upplifun veiðimanna að vera við veiðar inni á iðnaðarsvæði í stað ósnortinnar náttúru.</p> <p>Gerð er athugasemd við að ekki verður fjallað um áhrif af vindmyllugarðinum á lífríki Norðurár en telja má líklegt að framkvæmdin geti haft talsverð áhrif á t.d. laxastofna árinna.</p>	
<p>Sigríður Bjarnadóttir</p> <p>Þegar rætt er um ferðapjónustu virðist alveg skautað framhjá laxveiði, en sitt hvoru megin við fyrirhugaðar framkvæmdir eru stórar laxveiðiár. Þetta eru dýrar ár sem ríkir ferðamenn sækja og skila talsverðum fjárhæðum í sveitirnar hvort sem það er í gegnum leigu á ánum eða atvinnu í kringum þjónustuna. Að setja stóryðju í bakgarðinn hjá veiðiám sem eru að selja náttúru og kyrrð gæti haft umtalsverð áhrif á verðlagningu slíkra áa með tilheyrandi tekjumissi fyrir samfélagið.</p>	
<p>Veiðifélag Norðurár</p> <p>Veiðifélag Norðurár mótmælir harðlega öllum áformum um stóriðju í vindorku á áhrifasvæði árinna. Áin er heimsþekkt náttúruperla í miðju friðlýstra náttúruminja. Enda talin ein fegursta laxveiðiá Evrópu sem enn fósstrar hinn einstaka villta lax úr Norður-Atlantshafi allt frá upptökum á Holtavörðuheiði til sjávar.</p> <p>Áin hefur í á aðra öld verið viðkvæmt og náttúrutengt ferðapjónustusvæði. Að breyta umhverfi Norðurár í iðnaðarsvæði undir orkuver og nærliggjandi landsvæðum í áhrifasvæði fyrir stóriðju myndi stórskaða náttúrutengda atvinnustarfssemi Norðurár og gjörbylta þeirri upplifun sem við og gestir okkar njóta við þessa einstöku veiðiperlu. Slík stóriðja hefði áhrif á náttúru, lífríki, útsýn, ásýnd og orðspor Norðurár.</p> <p>Bent er á að fjarlægð frá myllunum að ánni og vinsælum veiðistöðum s.s. Hafþórsstaðahyl er aðeins nokkur hundruð metrar. Það er ekki upplifunin sem veiðimenn sækjast eftir sem koma til að veiða.</p> <p>Hlutverk Veiðifélags Norðurár er að standa vörð um þá hagsmuni og um náttúrulegt umhverfi árinna.</p> <p>Veiðifélag Norðurár áskilur sér rétt til bótakröfu verði farið af stað í einhverjar þær vindorkuversframkvæmdir sem gætu skaðað lífríki árinna og sem munu valda umbjóðendum okkar fjárhagslegu tjóni. Einnig áskiljum við okkur rétt til frekari skoðana á síðari stigum ef þetta mál fer lengra í kerfinu.</p>	
<p>Vilhjálmur Diðriksson og Ágústa Gunnarsdóttur</p>	

Nr. 12 - Umsögn	Viðbrögð
<p>Ekki get ég ímyndað mér að laxveiðimenn vilji koma hér og veiða í skugga, hljóðmengun, ljósmengun og plastmengunar af vindmyllum.</p>	
<p>Kristín Helga Gunnarsdóttir</p> <p>Aðalfundur veiðifélags Norðurár mótmælir einróma. "Aðalfundur veiðifélags Norðurár mótmælir harðlega öllum áformum um stóriðju í vindorku á áhrifsvæði árinna. Áin er heimspekkt náttúruverla í miðju friðlýstra náttúruminja. Enda talin ein fegursta laxveiðiá Evrópu sem enn fósstrar hinn einstaka villta lax úr Norður-Atlantshafi allt frá upptökum á Holtavörðuheidi til sjávar" segir í tilkynningunni.</p>	

10. Grjóthálsvegur/ferðaleiðir/innviðir

Umsögn	Viðbrögð
<p>Bjarki Vilhjálmsson og Þuríður Inga</p> <p>Svo er þarna yfir eða grjóthálsvegurinn, og sá vegur hefur verið nýttur til útvisstar, gengið, hjólað, keyrt og riðið yfir. Þar t.d merkt reiðleið og hefur það verið kannað hvernig það gæti haft áhrif á þá hestamenn sem nýta sér þessa leið þarna. Þarna er gömul þjóðleið yfir. og er þá ekki bannað að loka henni, jafnvel á meðan stórar vinnuvélar eru að þjóta þarna framm og til baka ?</p>	<p><i>Athugasemdir undir þessum lið beinast fyrst og fremst að innviðum á svæðinu þ.e. vegakerfi og raforkukerfi. Einnig er getið um flutninga vindmylluhluta um vegina.</i></p> <p><i>Varðandi Grjóthálsveg, sem er gamall línuvegur sem liggur yfir hálsinn, þá mun hann verða nýttur á rekstartíma vindorkugarðs sem aðkomuvegur og á framkvæmdatíma sem flutningsleið með vindmylluhluta og aðföng framkvæmdar. Nýting vegarins á rekstartíma kemur ekki í veg fyrir að sá vegur getur nýst áfram af vegfarendum. Verið getur að koma þurfi til einhverra lokana á meðan á framkvæmdum stendur, en slíkt yrði þá auglýst með góðum fyrirvara og stæði yfir tímabundið.</i></p> <p><i>Í kafla 3.2.4 í matsáætlun kemur fram að framkvæmdaraðili geri ráð fyrir að þörf sé á styrkingu og aðlögun á malarvegum til þess að flutningur aðfanga sé öruggur um veginn.</i></p> <p><i>Í sama kafla kemur einnig fram: "Fjallað verður nánar um löndunarstað og flutning að svæði í umhverfismatskýrslu, flutningaleið lýst og hvaða kröfur eru gerðar til núverandi samgöngumannvirkja vegna flutninga. Ef þörf er á breytingum á samgöngumannvirkjum verður fjallað um möguleg umhverfisáhrif þeirra breytinga." Að auki verður gerð grein fyrir flutningabílum sem notaðir verða undir vindmylluhluta.</i></p> <p><i>Hluti af undirbúningi vindorkugarða er ítarleg greining á flutningsleið sem unnin er í samráði við veghaldara (Vegagerðina) þar sem fram koma nánari</i></p>
<p>Gunnlaugur Auðunn Júlíusson</p> <p>Það er öllum ljóst að hinar gríðarlegu framkvæmdir, sem óhjákvæmilegar eru á Grjóthálsi vegna uppbyggingu fyrirhugaðra vindorkuvera, munu hafa einar og sér áhrif á nánasta umhverfi sitt. Þar má t.d. nefna vegaf framkvæmdir vegna flutninga á efni og tækjum. Spaðar vindorkuvera, af þeirri stærð sem hér um ræðir, eru um 80 metra langir. Hver lengdarmetri í þeim er um 250 kg þungur eða um 20 tonn samtals. Þeir verða fluttir í heilu lagi frá löndunarhöfn á byggingarstað á sérútbúnum flutningatrailerum. Slík tæki þurfa sérhannaða og séruppbyggða vegi vegna lengdar tækjanna og þunga þeirra. Þar duga engir línuslóðar eða grófir traktoravegir. Því munu gríðarmiklar jarðvegsframkvæmdir verða óhjákvæmilegir á Grjóthálsi vegna nauðsynlegrar vegalagningar og uppgraftrar vegna fótstykka vindorkuveranna. Uppgröftur úr hverri undirstöðu gæti numið allt að 5.000 rúmmetrum fyrir hvert vindorkuver miðað við þær upplýsingar sem koma fram í skýrslunni eða 65.000 – 70.000 m³ samtals. Eru þá ótalið annað jarðrask s.s. sprengingar og jarðvegsflutningar vegna vegagerðar, gerðar vinnusvæða og annarar nauðsynlegrar aðstöðu.</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Hulda Guðmundsdóttir</p> <p>Fyrirhuguð vindorkuver krefjast gríðarlegra vegaframkvæmda með tilheyrandi ofboðslegu jarðraski. Þá verður að styrkja opinberu þjóðvegina, þar sem um gríðarlega þungaflutninga um þá verður að ræða frá uppskipunarhöfn. Þekkt er að vegakerfið á Íslandi ber ekki þá óhemju þungaflutninga sem sjá má að verkefninu fylgir. Gera verður kröfu um að fjallað verði með ítarlegum hætti um jarðvegsframkvæmdir, vegarlagningu og þjóðvegastyrkingu og hver greiði þann þátt, í umhverfismati.</p>	<p><i>upplýsingar um tímasetningar á flutningum, umfang, lokanir o.s.frv.</i></p>
<p>Kapall hf – Magnea Björg Skúladóttir</p> <p>Að mati landeiganda, þá er fyrirséð að gríðarlegt rask muni fylgja þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á staðnum. Ljóst er að uppsetning á vindmyllum sem þessum mun fela í sér flutninga á þungum hlutum um vegi sem þola engan veginn slíka þungaflutninga. Þá er ljóst að leggjast þarf í miklar vegaframkvæmdir á svæðinu, ef verkefnið verður að veruleika. Slíkar framkvæmdir munu hafa í för með sér mikil neikvæð áhrif á náttúru svæðisins og alla ásýnd. Ljóst er að leggja þarf í umfangsmiklar framkvæmdir við raforku- og línumannvirki á staðnum, enda er ljóst að Hróttatungulína I, sem liggur við fyrirhugað framkvæmdasvæði er fulllestað og verður líklega ekki notuð til raforkuflutnings frá virkjuninni.</p>	
<p>Sigríður Bjarnadóttir</p> <p>Það kemur ekki fram hvaða fjölda stórvirkra vinnuvéla munu vinna á svæðinu á meðan uppsetning raforkuversins er í gangi. Við svona stóra framkvæmd þarf stærstu krana og vinnuvélar sem til eru í landinu og jafnvel þarf að flytja einhver tæki inn til að ráða við stærð á þessari tegund raforkuvera. Það er óhjákvæmilegt að þessi framkvæmd, ef af verður, kemur til að valda miklu ónæði og raski langt út fyrir það svæði sem næst er þessum tveimur jörðum sem standa að þessu..</p> <p>Aðföng: Það er óhjákvæmilegt að, til að flytja þau tæki og tól sem þarf vegna framkvæmdarinnar, fylgir mikið álag á vegi og brýr, fyrir utan þá mengun sem hætta er á að fylgi akstri á nokkrum þúsundum ferða steypubíla, vörubíla, flutningabíla o.fl.</p> <p>Þessu fylgir s.s. mikil mengun og það þarf að taka saman heildar kolefnisspor sem fylgir framkvæmdinni.</p> <p>Skv. athugasemdum frá Vegagerðinni þurfa að koma upplýsingar sem verða umferðaröryggi í nálægð framkvæmdasvæðis við vegi, sjónræn truflun vegfarenda, ískast og möguleika á ókyrrð í lofti sem getur haft áhrif á umferðaröryggi.</p> <p>Þá þarf að koma fram hvernig á að koma íhlutum (farmi) á leiðarenda. Þá er m.a. átt við burð vega og brúa, ásamt áætlun um fyrirhugaða breikkun vega</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>og vegamóta vegna flutninganna. Leggja þarf fram ferla sem sýna breiddarþörf ökutækja, t.d. í vegamótum. Stofnunin þarf að skoða borð þeirra búa sem fara þarf um og athuga hvort flutningur sé mögulegur</p> <p>Rétt er að taka fram að mögulegt tjón á innviðum Vegagerðarinnar sem verður af flutningunum verður á kostnað framkvæmdaraðila.</p>	
<p>Sigríður Guðbjartsdóttir og Diðrik Vilhjálmsson</p> <p>Athugasemdir við kafla 1.2 í matsáætlun "af hverju Grjótháls"</p> <p>Góðir innviðir til staðs: Það er hvorki vegir né brýr til að ráða við flutninga vegna undirbúnings og aðflutninga.</p>	
<p>Málfríður Kristjánsdóttir</p> <p>Kostnaði vegna aukinnar umferðar. Samanber kafla 3.2.4. er gert ráð fyrir að flutningsleið þeirra hluta sem þarf til byggingar orkuversins fari um þjóðveg 1. Í matsáætlun þarf að koma fram hvaðan steypa í undirstöðu kemur. Það má áætla að það þurfi 30000-40000 rúmmetra af steypu fyrir framkvæmdina þá þarf 4000-6000 steypubíla til að aka henni eftir þjóðveginum auk annarra flutninga vegna vindvirkjunar. Þá þarf einnig að koma fram hvar er fyrirhugað að þvera Norðurá eða hvort byggja þarf nýja brú. Þetta er einkaframkvæmd og í umsög Vegagerðar þarf að koma fram áætlaður viðbótarkostnaður vegna aukins álags á vegakerfið sem skattgreiðendur borga.</p>	
<p>Guðmundur Ebenezers Guðjónsson</p> <p>Ekki er hægt að samþykkja þessa framkvæmd enda er alls óvíst hvort hægt verði að tengja þennan garð inná landsnetlínur þar sem er ekki búið að skipuleggja þær.</p>	<p><i>Eftirfarandi segir um tengingu við flutningsnetið í kafla 3.2.6 í matsáætlun: "Fyrirhugað er að safna raforku frá vindmyllum með jarðstrengjum og tengjast inn á Hrutartangalínu 1 með nýju tengivirki. Hrutatangalína 1 er 132 kV byggðarlína sem liggur yfir Grjótháls í gegnum jarðirnar Hafþórsstaði og Sigmundarstaði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, einnig er áformað að fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 muni liggja um sömu slóðir."</i></p>
<p>Hraunbær I & II og Hvassafell I & II</p> <p>Það er sérkennilegt að tala um notkunn á 132 kV byggðalínunni, hún er 49 ára gömul og Landsnet segir henni ekki treystandi því þurfi að byggja nýja 220 kV línu. Staðsetning á háspennulínunum, spennni- og tengivirkjum þarf að liggja fyrir svo hægt verði að leggja heildstætt mat á umhverfisáhrif vegna raforkuversins.</p>	<p><i>Athugasemdir kalla ekki á viðbót við þá umfjöllun.</i></p>

11. Áhrif á nálæga byggð

Umsögn	Viðbrögð
<p>Bjarki Vilhjálmsson og Þuríður Inga</p>	<p><i>Þessi liður athugasemda fjallar um áhrif á nærsamfélag. Áhyggjur eru m.a. settar fram um að verðgildi fasteigna á svæðinu minnki með tilkomu</i></p>

Umsögn	Viðbrögð
<p>Svo er eigin hérna svolíttill sumarhúsa byggð eða um 30 hús, sem að fólk hefur haft fyrir því að kaupa/leiga og byggja upp til þess að fá a njóta þeirra gífurlega fallegu nátturu sem við höfum uppá á bjóða. Ég tel að hafa vindmyllur hér myndi fæla fleiri sumarbústaða eigendur frá þessu svæði og mun það hafa áhrif á lóða verð/leigu. Við leggjumst allfarið á móti þessum áformum.</p>	<p>vindorkugarðs á Grjóthálsi.</p> <p><i>Ekki er ástæða til að ætla að virði eigna á svæðinu minnki með tilkomu vindorku, en sá þáttur er ekki hluti af umhverfismati verkefnisins. Unnir verða útreikningar á hljóðstigi og borið saman við reglugerðarmörk. Miðað við hávaða frá vindmyllum almennt og útbreiðslu hávaða, er mjög ólíklegt að breytingar verði á hljóðstigi í nálægri byggð.</i></p>
<p>Farkostur ehf. og Lövenskjöld ehf.</p> <p>Í kafla 1.3 í matsáætlun segir að „Uppbygging vindorkugarðs hefur einnig í för með sér auknar skatttekjur án aukinna útgjalda.“. Þessari fullyrðingu er mótmælt sem rangri þar sem ljóst má vera að fasteignir og hlunnindi á nærliggjandi svæði munu falla í verði vegna nálægðar við iðnaðarsvæðið sem framkvæmdir snýst um að koma á fót. Því munu sveitungar framkvæmdaðila í raun greiða dýru verði fyrir framkvæmdina.</p>	<p><i>Bifröst er skilgreind sem þéttbýli í aðalskipulagi Borgarbyggðar og er í um 8 km fjarlægð frá fyrirhuguðum vindorkugarði. Unnar verða ásýndarmyndir sem gefa til kynna áhrif úr þeirri fjarlægð t.d. frá Grábrók í 7,3 km fjarlægð og Bröttubrekkum austur í 6,7 km fjarlægð.</i></p> <p><i>Eins og fram kemur í kafla 5.8.2 verður könnun á meðal notenda svæðisins s.s. íbúa, sumarhúseignenda, útivistarfólks og ferðamanna sem verður grundvöllur fyrir mati á áhrifum á samfélag útivist og ferðamenn. Settar verða fram mótvægisáðgerðir í samræmi við niðurstöðu umhverfismats.</i></p>
<p>Georg Magnússon og Steinunn Júlía Steinarsdóttir</p> <p>Við ábúendur og eigendur Norðtungu 3 mótmælum öllum áformum um uppsetningu vindmylla á Grjóthálsi. Við teljum að slík framkvæmd komi til með að rýra lífsgæði og áframhaldandi búsetu meðal annars vegna þess að : Sjónmengun verður mikil. Hávaða mengun verður mikil. Órplast mun dreyfast yfir nágrennið. Fasteigna verð mun lækka. Gera má ráð fyrir því að eignir verði óseljanlegar af fyrrnefndum ástæðum. Við áskiljum okkur allan rétt til bóta gagnvart sveitarfélaginu.</p>	
<p>Kapall hf – Magnea Björg Skúladóttir</p> <p>Í matsáætlun er tekið fram að Grjótháls sé fjarri þéttbýli. Það er þó ekki rétt þar sem Bifröst, sem skilgreint er í aðalskipulagi Borgarbyggðar sem þéttbýli, er í um 8km fjarlægð úr lofti og um 12km akstursfjarlægð. Bifröst hefur verið síðustu ár um 200 manna samfélag en húsakostur þar ber töluvert meiri fjölda. Því er beint til framkvæmdaðila að láta fram rannsóknir á áhrifum vindorkuverisins á þéttbýli Bifrastar og nágrennis.</p>	
<p>Kapall hf – Magnea Björg Skúladóttir</p> <p>Ljóst er að ljós-, sjón- og hljóðmengun mun hljótast af vindorkuverinu og mun það hafa ótvíræð áhrif á lífsgæði íbúa og dýra á svæðinu. Matsáætlun verður að gera grein fyrir því hver raunveruleg áhrif verða og hvernig framkvæmdaraðili sér fyrir sér að bæta það tjón sem landeigendur í nærumhverfi verða fyrir, gangi áform eftir.</p>	
<p>Erla Guðný Helgadóttir</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Í dalnum öllum, upp að Holtavörðuheidi, er búið í sátt við umhverfið, fólk stundar ýmis konar búskap, háskólaþorpið við Bifröst er mikilvægur kjarni í miðri náttúruparadís og í dalnum er fjöldinn allur af sumarhúsum þar sem fólk sækir í kyrrð og náttúrufegurð. Að breyta paradís í iðnaðarsvæði yrði stórslys fyrir náttúruna og mannlífið í dalnum.</p>	
<p>Kapall hf – Magnea Björg Skúladóttir</p> <p>Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu rýra verðgildi fasteigna í Norðurárdal, Þverárhlið og miklu víðar verulega, þar sem ósnortin náttúra verður ekki lengur það aðdráttarafl sem hún er í dag og hefur verið um aldir. Þá munu fyrirhugaðar framkvæmdir skerða möguleika eiganda jarða í Norðurárdal til að nýta jarðirnar undir sumarbústaðabyggð og til ferðamennsku.</p> <p>Fyrir hönd eiganda Kapals hf. er því framangreindum breytingum á skipulagi harðlega mótmælt og skorað á framkvæmdaraðila og alla þá sem hafa með málið að segja, að falla frá fyrirhuguðum framkvæmdum og uppsetningu á vindorkuveri á jörðunum Hafþórsstöðum og Sigmundarstöðum.</p>	
<p>Hrafnhildur Sverrisdóttir</p> <p>Landslagið sem um ræðir er einstakt og fallet. Á áhrifasvæði vindorkuvirkjunarinnar er er að finna fjölbreytt landslag og vistkerfi, menningarmínjar frá landnámi, og einstakt samfélag. Virkjanaframkvæmd á þessu svæði er það framandi, að hún eyðileggur landslagið, vistkerfið og samfélagið sjálft. Gerð er krafa um að ekki verði heimiluð vindorkuver í byggð, eins og gert er ráð fyrir á Grjóthálsi. Gerð er krafa um vonduð og heiðarleg vinnubrögð við mat á umhverfisáhrifum, þar sem hagsmunir raunverulegra hagsmunaaðila (þ.e. íbúa og fasteignaeigenda í sveitunum í kring) verði metnir.</p> <p>Hrafnhildur Sverrisdóttir arkitekt FAÍ náttúruunnandi móðir komandi kynslóða fyrrum heimasæta í Hvammi.</p>	
<p>Hraunbær I & II og Hvassafell I & II</p> <p>Í áætlunni er minst á tekjumöguleika fyrir sveitafélagið, það getur varla talist umhverfis þáttur, frekar mætti kalla þetta einhliða áróður fyrir framkvæmdinni. Fyrst farið er út í tal um tekjur er nausynlegt að meta á hinni hliðinni til mótvægi tekju tap sveitafélagsins ef af framkvæmdinni verður. Jarða- og eignaverð hefur nú þegar lækkar á svæðinu vegna fyrirhugaðra raforkuvera og mun gera það enn frekar ef af framkvæmdum verður. Það mun á endanum leiða til lægri fasteignagjalda á svæðinu. Klárlega mun fólk ekki sækjast eftir sumarbústaðalandi í nágrenninu, þar koma því ekki ný fasteignagjöld. Laxveiði tekjur gætu hæglega lækkað, veiðisvæði í nágrenni við raforkuverið verða</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>varla eftirsótt. Erfitt verður fyrir nágretta svæðisins að koma upp ferðapjónustu, þar eru tækifæri og tekjumöguleikar eyðilagðir. Raforkuver á Grjóthálsi eyðileggur flesta þróunarmöguleika svæðisins sem með réttu má kalla eigna upptöku.</p>	
<p>Kristín Ingólfssdóttir og Einar Sigurðsson</p> <p>Sala/Leiga á sumarbústaðalóðum og þjónusta þessu tengd. Ljóst er að þessi áform eru ekki til þess fallin að laða fólk á svæðið sem vill stuðla að uppbyggingu með sumarbústöðum sér til yndisauka í óspilltri náttúru. Lundur er skógræktarjörð þar sem þegar hefur verið plantað nytja- og yndisskógi og í bígerð er verndun náttúrulegra birkiskóga. Í undirbúningi hefur verið að gera Rauðabergsvatn á Grjóthálsi að ákjósanlegu veiðivatni með því að bæta þar hrygningarmöguleika. Það verkefni er nú vitaskuld í uppnámi þar sem framangreind tillaga gerir ráð fyrir að reisa stóriðju skammt frá vatninu. Á Lundi er nýlokið byggingu íbúðarhúss og uppbyggingu sem ráðist var í með það fyrir augum að auka nýtingu jarðarinnar og hefja þar fasta búsetu 50 árum eftir að jörðin fór í eyði. Hugmyndir um að reisa orkuver í næsta nágrenni hefur þegar leitt til breytinga á þessum fyrirætlunum vegna óvissunnar sem af þeim stafa. Við teljum að mál þetta hafi þegar skaðað hagsmuni íbúa og landeigenda í sveitarfélaginu. Bent er á að málið gæti leitt til víðtækrar skaðabótaskyldu.</p>	
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir</p> <p>Gerð er athugasemd við að ekki skuli metin áhrif framkvæmdarinnar á jarðaverð í nágrenni við vindorkugarðinn og þau ruðningsáhrif sem framkvæmdin mun hafa á aðra uppbyggingu á svæðinu.</p> <p>Gerð er athugasemd við að ekki skuli metin þau neikvæðu hagrænu áhrif sem stafa af óvissu vegna þessara yfirvofandi framkvæmda þ.m.t. vegna annarrar uppbyggingar sem frestast þar til ljóst verðir hvort að af verði af uppbyggingu vindorkugarðsins.</p>	
<p>Sigríður Guðbjartsdóttir og Diðrik Vilhjálmsson</p> <p>Athugasemd við kafla 1.2 í matsáætlun "af hverju grjótháls"</p> <p>Svæðið er fjarri þéttbýli: Bifröst er þéttbýliskjarni ekki langt frá fyrirhuguðum framkvæmdarstað, einnig er sveitin í blómlegri byggð með ýmsan rekstur. Að búa í dreifbýli fylgir margar áskoranir, en það er náttúran og friðsældin sem maður leitast að og að setja Vindmyllustóriðju fyrir utan gluggan hjá manni brýtur þær forsendur.</p>	
<p>Sigurður Jónas Gíslason og Margrét Guðjónsdóttir</p> <p>Lítill sem enginn ávinningur fyrir sveitarfélagið. Fasteigna- og jarðarverð mun lækka á svæðinu og jafnvel verða með öllu óseljanlegt. Sem húsbýggjendur</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>á íbúðarhúsi á Hamrakoti, lóð byggð úr landi Hamra í Þverárhlíð, gerum við þá kröfu á sveitastjórn Borgarbyggðar að hún muni bæta okkur það tjón sem við verðum fyrir ef að þessum framkvæmdum verður, því allar forsendur fyrir húsbýggingu okkar, ásamt ásjáð umhverfis verða ekki þær sömu og lagt var af stað með fyrir nokkrum árum.</p> <p>Því gerum við þá kröfu að Borgarbyggð kaupi af okkur Hamrakot, hús og land ef að þessum framkvæmdum verður ásamt því að áskilja okkur allan rétt til frekari skaðabóta.</p>	
<p>Vilhjálmur Diðriksson og Ágústa Gunnarsdóttir</p> <p>Samningar standa yfir um sölu á jarðarluta úr landi Hamra, þar sem stendur til að reisa hestabúgarð með gistiþjónustu. Hræddur er ég um að það verði lítið spennandi að reyna að bjóða uppá hestaferðir í óspilltri náttúru einnar fegurstu sveitar landsins undir dyn vindmyllnanna. Í landi Hermundastaða eru áætlanir um að gera deiliskipulag um sumarhúsaahverfi sem gætu verið 30 til 40 sumarhúsalóðir. Þær áætlanir munu trúlega ekki ganga upp verði reistur vindmyllugarður rúmum kílómetra frá í beinni loftlínu.</p>	
<p>Málfríður Kristjánsdóttir</p> <p>Áhrif á íbúa í kafla 1.2 í matsáætluninni er ranglega sagt að svæðið sé fjarri þéttbýli. Háskólinn á Bifröst er innan 10km fjarlægðar frá fyrirhuguðu orkuveri. Þar eru samtals 214 íbúðaeignir þar af 115 þeirra í raðhúsum og 99 í minni einingum fyrir námsmenn eða hótélrekstur. Fjöldi sumarhúsa er í nágrenninu auk skólabygginga. Þá er ferðapjónusta í Hraunsnefi auk bújarða í byggð báðum megin við Grjótháls.</p> <p>Í umhverfismati þarf að koma fram lækkun fasteignaverðs í nágrenni fyrirhugaðs vindorkuvers og hver greiðir bætur sem farið verður fram á vegna afleiðinga fyrirhugaðrar framkvæmdar.</p> <p>Þá þarf að meta hvort framkvæmdin er fórnarkostnaðarins virði vegna þeirra áhrifa sem hún hefur á náttúru, búskap, dýr og menn.</p>	
<p>Kristín Helga Gunnarsdóttir</p> <p>Hvernig Norðmenn voru blektir til að byggja vindorkuver</p> <p>Norski orkuráðgjafinn Sveinulf Vagene skrifar um reynslu Norðmanna af byggingu vindorkuvera. Þar í landi hafa svæði sem jafnast á við 84 þúsund fótboltavelli verið lögð undir slíka starfsemi. Ef við gætum lært af mistökum annarra þjóða.... Vopnaðir dýnamítí frá Bjerkreimsklynga vindorkuverinu í Rogalandi í Noregi. Takið eftir að vegurinn liggur upp á hæsta tind fjallsins fyrir miðju myndarinnar. Vindmyllur eru settar efst í fjöllin og hæðirnar þar sem sprengt er fyrir söfnunarsvæði sem jafnast á við hálfan fótboltavöll. Norsk rannsókn sem náði yfir 12 ára tímabil og 250.000 eignir sýnir að verð fasteigna lækkar verulega þegar vindorkuverð rísa í sjónamáli.</p>	

12. Landslag og óbyggð víðerni/ ósnortið land

Umsögn	Viðbrögð
<p>Davíð Þór Skúlason</p> <p>Ef að þessari framkvæmd yrði þá yrði það heilmikil aðför að ósnortinni náttúru Íslands sem er okkar helsta söluvara.</p>	<p><i>Eins og fjallað er um í kafla 5.1 verða áhrif á landslag metin og hluti þess að gera grein fyrir óbyggðum víðernum í nágrenni framkvæmdar og leggja mat á möguleg áhrif vindorkugarðsins á þessi svæði. Þess má þó geta, eins og fram kemur í matsáætlun, að háspennulína Landsnets liggur nú þegar um svæðið ásamt línuvegi. Landsnet áformar uppbyggingu nýrrar háspennulínu, Holtavörðuheidarlínu 1, og á einn af þeim valkostum sem eru til skoðunar að fara um Grjótháls.</i></p>
<p>Eiður Ólason</p> <p>Grjóthálsinn er að mestu ósnortið land og mjög verðmætt sem slíkt. Mikil sjónmengun verður af þessum fyrirhuguðu vindmyllum og samræmast þær illa í landslagi sem býr yfir miklum fjölbreytileika og er einstakt.</p>	<p><i>Eins og fram kemur í kafla 5.8.2 í matsáætlun verður unnin skrifborðsathugun á samfélagsáhrifum en einnig könnun á meðal notenda svæðisins s.s. íbúa, sumarhúsaeygenda, útivistarfólks og ferðamanna. Tilgangur samfélagsathugunar verður að leggja mat á:</i></p>
<p>Erla Guðný Helgadóttir</p> <p>Það er ljóst að slík eyðilegging á algjörlega ósnortnu heiðarlandi hefðu neikvæð áhrif á ásýnd Norðurárdals og Borgarfjarðar í heild sinni, víðerni Vesturhálandis Íslands, fugla- og dýralíf, náttúruupplifun á svæðinu og ekki síst afkomu, lífsgæði og daglegt líf heimafélks. Norðurárdalur er frægur fyrir náttúrufegurð, á heimsvísu jafnvel. Þar eru friðlýst náttúruvætti og náttúruvinjar, Baula sjálf gnæfir yfir dalnum og um hann rennur Norðurá sem er ein frægasta laxveiðiá landsins og náttúruperla ein og sér. Grábrók, birkiskógar og nútímahraunið Grábrókarhraun fylla neðri dalinn og setja ævintýralegan svip á umhverfið. Í dalnum öllum, upp að Holtavörðuheidi, er búið í sátt við umhverfið, fólk stundar ýmis konar búskap, háskólaþorpið við Bifröst er mikilvægur kjarni í miðri náttúru paradís og í dalnum er fjöldinn allur af sumarhúsum þar sem fólk sækir í kyrrð og náttúrufegurð. Að breyta paradís í iðnaðarsvæði yrði stórslys fyrir náttúruna og mannlífið í dalnum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> > <i>Hver líkleg áhrif vindorkugarðsins verða á samfélag á svæðinu bæði á framkvæmda- og rekstrartíma. Það felur í sér tímabundin áhrif á framkvæmdatíma og varanleg áhrif á rekstrartíma.</i> > <i>Hvort vindorkugarður hefur áhrif á framtíðarskipulag sveitarfélagsins og/eða landnýtingu aðila og hvort takmarkanir verða á núverandi landnotkun.</i>
<p>Kapall hf – Magnea Björg Skúladóttir</p> <p>Að öðru leyti hafa landeigendur lagt metnað sinn í að halda í ósnortna náttúru jarðarinnar og er það í samræmi við landnýtingu nágrannajarða. Virðisauki jarðarinnar Skarðshamra felst fyrst og síðast í þeirri ósnortna náttúru sem finna má á Grjóthálsi og laxveiðiánni Norðurá sem oft hefur verið kölluð drottning laxveiðiáa á Íslandi. Vindorkuver á Grjóthálsi samræmist ekki á neinn hátt þeirri atvinnuþróun sem hefur verið á svæðinu og þjónar ekki tilgangi sem virðissköpun, hvorki fyrir nærsamfélagið né sveitarfélagið Borgarbyggð.</p>	<p><i>Gildi og aðráttarafla svæðisins með tilliti til ferðaþjónustu og útivistar.</i></p>
<p>Monika Abendroth</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Með framkvæmdum á þessum stað:</p> <p>Verður gróflega farið inn á ósnortið og viðáttamikið heiðarland / vatnasvið eyðilaggt.</p>	
<p>Kristín Helga Gunnarsdóttir</p> <p>Af hverju Grjótháls?</p> <p>1.2 2 Fyrirhugað framkvæmdasvæði innan jarða Hafþórsstaða og Sigmundarstaða á Grjóthálsi er talið henta vel til framleiðslu vindorku og eru eftirfarandi megin þættir ráðandi í þeirri afstöðu: ✓ Vindaðstæður til að reisa og starfrækja vindmyllur á svæðinu eru mjög hentugar. ✓ Einfalt er að tengjast raforkuflutningskerfi Landsnets. ✓ Góðir innviðir eru til staðar vegna undirbúnings og aðflutninga. ✓ Svæðið er fjarri þéttbýli. "</p> <p>Af hverju alls ekki Grjótháls?</p> <p>1.2. Fyrirhugað framkvæmdasvæði innan jarða Hafþórsstaða og Sigmundarstaða á Grjóthálsi er hluti af heiðalandi sem er heildstæð náttúruperla sem tilheyrir fjölmörgum öðrum jörðum. Á Grjóthálsi er festi falinna silungavatna, berjaland og gamlar gönguslóðir á milli sveita sem eru dýrmæti fyrir komandi kynslóðir. Þarna uppi er mikil náttúrufegurð, fjallasýn til allra átta í Borgarfirði, og Baulutindur og hennar friðlýsta umhverfi vakir yfir Grjóthálsinum og rammur hann inn. Þeir sem til þekkja og hafa raunverulega varið tíma í þessu einstaka heiðalandi vita best hve kvöldkyrrt og fagurt er á hálsinum við vötnin sjö og mýrar og tjarnir. Þangað leitar mófuglinn og þar eru heimkynni himbrima, álfta og heiðagæsa. Hálsinn iðar af lífi, fugl og fiskur og umfram allt háfjallakýrrð, svo skammt frá mannabyggð. Vegurinn yfir Grjótháls er svo sýnishorn af fjallvegum fortíðar. Hann verndar líka og gerir þannig hálsinn að einstökum griðastað.</p> <p>Af hverju alls ekki þessi sveit?</p> <p>Norðurárdalur er að stórum hluta á náttúruminjaskrá. Grábrókargígur eru friðlýst náttúruvætti. Grábrókarhraun og Hreðavatn teljast til náttúruminja, hraunið norðan hreppamarka allt norður að Bjarnadalsá og Norðurá sjálf ásamt Hrauney og fossinum Glanna eru náttúruminjar. Áin er heimsþekkt perla allt frá upptökum á Holtavörðuheiði, enda ein fegursta laxveiðiá Evrópu sem enn varðveitir hinn einstaka villta lax úr Norður Atlantshafi. Allt Hreðavatn telst einnig til náttúruminja og suðurhlíðar Setmúla á milli Kiðár og Brekkuár. Brekkuárgil, Hestabrekka og Þrimilsdalur eru einstök svæði sökum setlaga og heildarmynd Norðurárdals er sterk náttúrumynd Borgarfjarðarhéraðs.</p> <p>Ef kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn ætla ekki að virða vilja íbúa en selja náttúru og samfélag til að rétta af sjóði sveitarfélagsins væri nærtækara að setja stóriðjuna í bakgarðinn. Það blæs líka hressilega undir Hafnarfjalli.</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Monika Abendroth</p> <p>Þróunaráætlun sameinuðu þjóðanna af COP 15, sem lauk 19. Desember 2022</p> <p>" Liffræðilegur fjölbreytileiki er samtengdur, samtvinnnaður og óskiptanlegur við mannlíf á jörðunni. Samfélög okkar og hagkerfi okkar eru háð heilbrigðum og virkum vistkerfum. Það verður engin sjálfbær þróun án liffræðilegs fjölbreytileika. Það getur ekki verið stöðugt eða heilbrigt loftslag án liffræðilegs fjölbreytileika.</p> <p>Ein hættulegasta blekking er sú þegar fólk þelur sig hafa val um hvort við varðveittum náttúruna eða ekki, því sannleikurinn er sá, að við höfum enga val, auk þess gerum við það ekki.</p> <p>Achim Steiner framkvæmdastjóri COP 15 , 7.-19.12 .2022</p> <p>Getur þessi framkvæmd á Grjóthálsi samræmist á nokkurn hátt við þróunaráætlun sameinuðu þjóðanna , sem Ísland er aðili í ?</p> <p>Viderni Íslands eru mikilvægur hluti af okkar náttúrunni og þeirra ímynd, sem við stöndum fyrir.</p> <p>Á Grjóthálsi er:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. litið snortið heiðarland 2. viðkvæmt vatnasvið 3. heimamenn 4. viðkomustaðir ferðamanna 5. viðkomustaðir stangaveiðimenn 	
<p>Landvernd</p> <p>Verndargildi. Landvernd fer þess á leit að við umhverfismat verði lögð rík áhersla á að beina rannsóknum með heildstæðum hætti að þeim gríðarlegu áhrifum sem vindorkumannvirki af þessu tagi munu valda. Þá nægir ekki að líta aðeins til viðkvæmra vistgerða og lífríkis heldur hvaða áhrif iðnaðarsvæðið og vindorkuverið muni hafa á umhverfi Norðurárdals. Hverjum má ljóst vera af reyngslu nágrannaþjóða á borð við Noreg að áhrifa slíkra mannvirkja á lítt snertar heiðarlendur sem bera við himinn fela í sér nýjar og stórkostlegar áskoranir sem geta haft afdrifaríkar og mjög neikvæðar afleiðingar á önnur svæði í mikilli fjarlægð frá vindorkuverum. Áhrif á snjóhvíta 50 – 60 m langa vindorkuspaða sem eru á sífelldri hreyfingu ræna og trufla ásýnd langt út fyrir það svæði sem vindorkuver eru staðsett. Norðurárdalur er á náttúruminjaskrá að stórum hluta. Grábrókargígur eru friðlýst náttúruvætti. Ljóst má vera að upplifun innan náttúruverndarsvæða með ásýnd á áformað vindorkuver mun gerbreyta upplifun þeirra sem sækja slíka staði heim. Niðurstaðan getur því ekki orðið önnur en sú en að vindorkuver á Grjóthálsi mun gjaldfella stórlega</p>	<p><i>Eins og fram kemur í kafla 5.1.2 verður unnin ítarlegri flokkun á landslagi fyrir áhrifasvæði framkvæmdar en sú sem fyrir liggur á landsvísu og verður svæðið þá flokkað í landslagsheildir. Greining verður gerð á landslaginu sem hefur það að markmiði að varpa ljósi á helstu landslagseinkenni svæðisins, meta verndargildi og viðkvæmni skilgreindra landslagsheilda og hve mikil áhrif fyrirhuguð framkvæmd gæti haft á sjónræna þætti, upplifunargildi og gæði landslagsheilda. Svæðið verður skoðað á vettvangi og ljósmyndir teknar sem stýðja við greiningu landslags og til að meta sýnileikaáhrif og áhrif á landslagsheildir.</i></p>

Umsögn	Viðbrögð
<p>Þau verndarsvæði eru til staðar á svæðinu. Þá teljast Grábrókarhraun og Hreðavatn til náttúruminja og hraunið norðan hreppamarka allt norður að Bjarnadalssá og Norðurá sjálf ásamt Hraunsey og fossinum Glanna sem eru náttúruminjar. Áin er heimsþekkt perla allt frá upptökum á Holtavörðuheiði, enda ein fegursta laxveiðiá Evrópu sem enn varðveitir hinn einstaka villta lax úr Norður Atlantshafi. Þá er fjallafegurð Norðurárdals í raun einkennismynd og ímynd Vesturlands þar sem Hvassafell, Grjótháls, Litla Baula, Hvammsmúli og dýrmætar villtar heiðar ramma inn Baulutind sem gnæfir yfir Grábrókarhrauni á náttúruminjaskrá. Þá er ótalið heiðalandið upp af Borgarfirði, Mýrum, Dalasýslu og Hrítafirði. Það er einstakt á heimsvísu. Flest Evrópulönd hafa misst allt heiðaland undir mannvirki og samfellt heiðaland í Evrópu er afar sjaldgæft. Heiðalöndin viðfeðmu á Íslandi geyma náttúru, fjölbreytt vatnasvið og fuglalíf sem er einstakt á veraldarvísu og Borgfirðingar hafa þar stóru verndarhlutverki að gegna. Erlendir ferðamenn sækja svæðið í auknum mæli til að upplifa heiðalandið, víðernið ósnortið, lyngið, þúfurarnar, vötnin á hálsu og heiðum. Grjótháls státar líka af einstökum veiðivötnum: fögrum fjallavötnum sem í raun teljast til óbyggða svo örskammt frá mannabyggð. Handan við Grjóthálsinn er Þverárhlið og laxveiðiárnar Þverá og Kjarrá, þekktar veiðiperlur í héraði. Að setja vindorkuvirkjun á Grjótháls jafnast á við að setja upp viðlíka virkjun á barm Almannaá á sjálfum Þingvöllum. Ef áætlanir þessar ganga svo langt að ákveðið verður að ráðast í umhverfismat þá er grundvallaratriði að vindorkumannvirki og áhrif þeirra og áskoranir verði vegin og metinn með hliðsjón af áður óþekktum neikvæðum umhverfisáhrifum sem fylgja. Þar verða viðkomandi rannsóknaraðilar, þar til bærir sérfræðingar að vega og meta hvort þeir kjósi að fórna verndargildi, þessa svæðis og annarra svæða í Norðurárdal og Þverárhlið og gerbreyta um leið upplifun og ímynd sveitarfélagsins í átt að grófgerðri iðnaðarstarfsemi í miðri náttúruferlu Norðurárdals og Þverárhliðar.</p>	

13. Samfélag – Ferðaþjónusta og útivist

Umsögn	Viðbrögð
<p>Farkostur ehf. og Lövenskjöld ehf.</p> <p>Í matsáætluninni er ekki gerð nægileg grein fyrir mati á samfélagslegum áhrifum framkvæmdarinnar, þ.m.t. ferðaþjónustu og útivist. Gerð er athugasemd við þetta og tekið fram að vísindalegar aðferðir eru til staðar til að meta áhrif af þessu tagi með sama hætti og önnur umhverfisáhrif. Ekki er nægilegt að meta slík áhrif án gagnaöflunar eins og gert virðist ráð fyrir í matsáætlun.</p>	<p><i>Þessi liður athugasemda fjallar um möguleg áhrif vindorkugarðs á samfélag og þá sérstaklega ferðaþjónustu og útivist.</i></p> <p><i>Eðli matsáætlunar er ekki að fjalla ítarlega um grunnástand mismunandi umhverfisþátta heldur greina þær upplýsingar sem til eru og vísa til þess hvort og hvaða upplýsingum þarf að afla til þess að gera grein fyrir og meta áhrif á viðkomandi umhverfisþátt. Í matsáætlun er því ekki lagt fram mat á umhverfisþáttum, heldur einungis áætlun um slíkt.</i></p>
<p>Gunnlaugur Auðunn Júlíusdóttir</p>	<p><i>Eins og fram kemur í kafla 5.8.2 verður, auk skrifborðsathugunar, könnun á</i></p>

Umsögn	Viðbrögð
<p>12. Undirritaður hefur um nokkurra missera skeið unnið við leiðsögn erlends ferðafólks á Íslandi. Á þeim tíma hefur gefist tækifæri til að setja sig inn í hvað það er sem erlent ferðafólk sækist eftir að upplifa í ferð sinni til landsins. Það er mjög einfalt að draga það saman á þann veg að það er í öllum meginatriðum óspillt og sérstök náttúra landsins sem erlent ferðafólk sækist eftir að upplifa.</p> <p>Oft heyrst erlent ferðafólk segja þegar það ferðast um landið og dáist að því sem fyrir augu ber: „Og svo hafið þið engin vindorkuver!!“.</p> <p>Nú liggur það fyrir að ferðaþjónusta hefur þróast í að vera einn af meginatvinnuvegum þjóðarinnar. Ferðir erlends ferðafólks til landsins og um landið eru því mjög mikilvægar fyrir þjóðarbúið í heild sinni.</p> <p>Í ljósi þeirrar gríðarlegu ásóknar fjölda erlendra fyrirtækja í að reisa vindorkuver um allt land þá ætti það að liggja í augum uppi að nauðsynlegt er að kortleggja viðhorf erlends ferðafólks til slíkrar þróunar. Gangi fyrirhuguð uppbygging vindorkuvera eftir eins og hún lítur út um þessar mundir, hvaða áhrif myndi það hafa á áhuga erlends ferðafólks að sækja landið heim?</p> <p>Ef áætlanir um uppbyggingu a.m.k. 1000 vindorkuvera um land allt gengi eftir myndi það hafa áhrif á mikilvægi ferðaþjónustunnar á þjóðarbúið.</p> <p>Hér er um slíkt stórmál að ræða að það má kalla undarlegt að þessi hlið umræðunnar um uppbyggingu vindorkuvera skuli ekki hafa verið tekin til umfjöllunar á formlegan og skipulegan hátt.</p> <p>Virðingarfyllst Gunnlaugur Auðunn Júlíusson, hagfræðingur og leiðsögumaður Rauðagerði 36,108 Reykjavík</p>	<p><i>meðal notenda svæðisins s.s. íbúa, sumarhúseigenda, útivistarfólks og ferðamanna sem verður grundvöllur fyrir mati á áhrifum á samfélag útivist og ferðamenn. Settar verða fram mótvægisáðgerðir í samræmi við niðurstöðu umhverfismats.</i></p>
<p>Guðmundur Ebenezers Guðjónsson</p> <p>Þá er verið að skapa sjónmengun og eyðileggja hljóðvist í mörg hundruð milljóna túrisma sem skapar störf og tekjur inn í samfélagið í sveitinni hjá veiðimönnum í Þverá og Norðurá.</p>	
<p>Guðrún Jónsdóttir og Davíð Aðalsteinsson</p> <p>Sagt er í matsáætlun að tilkoma vindorkuvers á Grjóthálsi geti valdið hliðaráhrifum í formi atvinnu og atvinnutekna. Einnig er vísað í Aðalskipulag Borgarbyggðar þar sem segir að stefnt sé að fjölbreyttu atvinnulífi í sveitarfélaginu sem byggist meðal annars á ferðaþjónustu, landbúnaði og nýtingu laxveiðiáa.</p> <p>Ekki er neitt sem bendir til aukinnar atvinnu eða atvinnutekna vegna vindorkuversins, nema þá mögulega áhrifa á byggingartíma. Þvert á móti er líklegt að tilkoma orkuversins dragi úr fjölbreytileika atvinnulífs í sveitarfélaginu, dragi þróttinn úr þeim ferðaþjónustufyrirtækjum sem verða fyrir áhrifum auk þess mögulega að gjaldfella virði laxveiðiáa á svæðinu. Það veður furðu að laxveiðiárnar tvær eru ekki nefndar sem mikilvægir ferðamannastaðir á áhrifasvæði orkuversins. Að öllum líkindum eru árnar tvær hvað mikilvægastar í ferðamennsku á áhrifasvæði orkuversins þegar haft er í huga efnahagslegt mikilvægi þeirra fyrir íbúa nærsamfélagsins.</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Í matsáætlun er minnst á að nýta megi könnun á viðhorfi ferðapjónustuaðila og útivistariðkenda sem unnin var fyrir Rammaáætlun 4 (bls 27). Í þeirri könnun töldu margir viðmælendur að sjónræn áhrif vindorkuversins yrðu mikil. Bent skal á að í viðkomandi könnun var ekki gerð tilraun til þess að meta áhrif t.d. á ferðapjónustu sem tengist laxveiði. Ferðapjónusta sem tengist laxveiði er afar mikilvæg landeigendum og því þarf að meta möguleg áhrif orkuversins á hana. Það vekur athygli að laxveiðifólk er ekki tiltekið sérstaklega í matsáætlun þrátt fyrir mikilvægi þess háttar ferðapjónustu á áhrifasvæði orkuversins.</p> <p>Ekki er nægilegt að vinna „skrifborðsathugun“ á samfélagsáhrifum eins og sagt er í matsáætlun og óásættanlegt er að megináhersla sé á þá þætti sem framkvæmdaaðilar telja jákvæð áhrif orkuversins. Ráðast þarf í raunverulega rannsókn á félagshagfræðilegum kostnaði framkvæmdarinnar þar sem metin eru meðal annars raunveruleg efnahagsleg áhrif vegna áhrifa á ferðapjónustu þ.m.t. laxveiði, áhrif á fölbreytileika atvinnu á áhrifasvæði, áhrif á virði jarða á áhrifasvæðinu sem og samfélagsleg áhrif af því að ráðast í framkvæmd sem mætir eins mikilli mótstöðu og raun ber vitni. Meta þarf einnig áhrif framkvæmda á aukinn kostnað tengdum uppbyggingu og notkun innviða samfélagsins.</p> <p>Vindorkuver á Grjóthálsi mun spilla grónum heiðum og ásýnd fjalla Borgarbyggðar. Líklegt er að félagshagfræðleg áhrif vindorkuversins verði verulega neikvæð fyrir nærsamfélag orkuversins með Tilheyrandi neikvæðum áhrifum á búsetu, fölbreytileika atvinnulífs og samheldni samfélagsins. Áskilnaður Undirritaðir landeigendur á Arnbjargarlæk áskilja sér mögulegan bótarétt á hendur þeim sem ábyrgð bera á undirbúningi og eða byggingu fyrirhugaðs vindorkuvers hvort heldur fyrirtækjum eða opinberum aðilum svo sem Borgarbyggð, vegna neikvæðra áhrifa á verðmat laxveiðiárinnar þverár og jarðarinnar í heild. Þá áskilja undirritaðir landeigendur sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli vindorkugarðs á Grjóthálsi og á öðrum vettvangi.</p>	
<p>Guðrún Sigurjónsdóttir</p> <p>Í matsáætlun er talað um að orkuframleiðsla sem þessi eigi að vera í sátt við náttúru og samfélag. Ferðapjónustan sem við reukum á Svartagili felst í útleigu sumarhúsa. Við fáum ekki séð að ferðapjónusta og vindorkuver eigi vel saman og gerum athugasemd við að þessi framkvæmd er ekki í sátt við samfélagið. Jafnframt mun slíkt vindorkuver hafa veruleg neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem fara um þessa sveit en hér liggur þjóðvegurinn í gegn og kemur vindorkuverið til með að vera mjög áberandi séð frá þjóðvegi nr. 1 enda örstutt milli þjóðveggar og myllna.</p>	
<p>Hraunbær I & II og Hvassafell I & II</p> <p>Áform um byggingu vind- raforkuvers á Grjóthálsi eru í algjörrri ósátt við íbúa, húsa- og landeigendur og ferðapjónustu í uppsveitum Borgarfjarðar. Það er von</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>okkar að þessi stórkallalegu áform raungerist ekki, það yrði meiriháttar umhverfisslys með tilheyrðand verulegum óafturkræfum skaða fyrir náttúru, mannlíf og ferðaþjónustu á svæðinu.</p> <p>Fyrir hönd Hrafnabrekku ehf eiganda Hraunbæjar í Norðurárdal Sigurður Leópoldson 290657 3189 Margrét Leópoldsdóttir 210267 3609 Jóhanna Leópoldsdóttir 030556 5859 Eigendur Hraunbæjar II í Norðurárdal Sigurður Leópoldsson 290657 3189 Hafdís Hrönn Ottósdóttir 090757 7419 Eigendur Hvassafells II Magnús Leópoldsson 230846 2439 Árný Helgadóttir 170257 3599 Eigandi Hvassafells I Davíð Magnússon 310356 5739</p>	
<p>Kapall hf. – Magnea Björg Skúladóttir Umsagnaraðili er Kapall hf., eigandi jarðarinnar Skarðshamrar í Norðurárdal. Skarðshamrar eiga landamerki við Hafþórsstaði og er áætlað skv. fyrirbyggjandi matsáætlun að vindorkuverið liggja upp við þau landamerki. Í dag er stundaður hrossabúskapur og skógrækt á jörðinni og er þar bæði full búseta og frístundabúseta. Jörðin er sjálfbær um heitt vatn og neysluvatn og liggja verðmæti hennar að miklu leyti í þeirri auðlind. Kapall hf. hefur fjárfest gríðarlega í bætingu húsakosts á jörðinni og miðar sú uppbygging að rekstri ferðaþjónustu og viðburðahalds og eru áform um nýtingu heits vatns í þá atvinnustarfsemi sömuleiðis.</p>	
<p>Kristín Ingólfssdóttir og Einar Sigurðsson Árið 2021 voru kynnt áform um uppsetningu allt að 6 vindmylla á þessum jörðum sem hver um sig yrði 150 metrar á hæð. Samkvæmt matsáætlun frá mars 2024 hefur umfang þessara fyrirætlana vaxið gríðarlega, vindmillur eiga nú að vera allt að 14 talsins og hæð þeirra aukin í 180 metra. Með því að skipa risavöxnum mannvirkjum niður á Grjótháls væri verið að veða að hagsmunum og velferð íbúa, umhverfis og atvinnumöguleikum héraðsins. Verið væri að skerða stórkostlega nýtingarmöguleika og notagildi allra eigna á stóru svæði í kringum þessa stóriðju. Það er vissulega mikilvægt að skoða möguleika á vindorkunýtingu á Íslandi, en það skýtur skökku við að setja slík mannvirki niður í miðju landbúnaðar-, stangveiði-, ferðaþjónustu- og skógræktarsvæði. Ísland á næga virkjanakosti fjarri mannabyggð. Með því að greiða þessum breytingum leið væri verið að taka stefnumótandi ákvörðun. Heimild til byggingar stóriðju af þessu tagi hlyti að gilda fyrir jarðir vítt og breytt um sveitarfélagið vegna almennrar meginreglu stjórnsýsluréttar um jafnræði. Ferðaþjónusta í Borgarbyggð byggir að mestu á náttúrufegurð svæðisins og kyrrð. Mikil uppbygging hefur verið í ferðaþjónustu á undanförunum árum. Ljóst er að áhrif orkuvers á framtíðaráform um frekari uppbyggingu yrðu afar neikvæð enda mikil samkeppni milli ferðaþjónustusvæða á Íslandi.</p>	
<p>Laufey Valsteinsdóttir Svæðið er í landbúnaðar- og frístundanotkun og hafa landeigendur auk þess talsverðar tekjur af laxveiði í ám. Þá eru að óbreyttu miklir, og að mörgu leyti</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>ónýttir, möguleikar á frekari ferðaþjónustustarfsemi á svæðinu. Við blasir að gríðarlegt óafturkræft tjón vofir yfir nálægu svæði ef fram heldur sem framkvæmdaraðilar stefna að. Ljóst er af takmarkaðri umfjöllun matsáætlunarinnar og framkomnum umsögnum við hana og um málefnið á öðrum vettvangi, að framkvæmdaraðilar eru fullupplýstir þar um.</p>	
<p>Sigríður Bjarnadóttir Á fundi í Borgarnesi þar sem kynnt voru áform um nokkur vind-raforkuver, kom í ljós að eftir að slík raforkuver eru komin, þá þarf ekki nema 1-2 menn til að sinna viðhaldi þeirra. Til að setja upp raforkuverið sjálft, verður að öllum líkindum fluttur inn sérhæfður mannskapur. Kranar, gröfur, jarðýtur, vörubílar, steypubílar og flutningabílar með sérstaka og sérsmíaða aftanívagna, koma mjög ólíklega úr Borgarbyggð.</p> <p>Tekjur sveitafélagsins af framkvæmdinni verða því að öllum líkindum ekki miklar. Þá má nefna að fasteignir munu falla í verði og þar með lækka fasteignagjöld á svæðinu. Við og líklega fleiri munum áskilja okkur rétt til að krefja sveitafélagið bóta vegna þess tjóns sem við gætum orðið fyrir, ef af þessu verður.</p>	
<p>Sigríður Bjarnadóttir Við sem höfum valið okkur að búa fjarri þéttbýli erum orðin langþreytt á hinum ýmsa kostnaði sem því tilheyrir (landsbyggðarskattar), lakari þjónustu og árásum á náttúru, hvort það sé yfirtaka á landi eða virkjanaáform. Við skiljum þörfina fyrir aukinni raforku, en við Íslendingar eigum endalausa möguleika á að framleiða græna orku, en vindmyllur hafa sýnt sig að þær eru ekki græn orka þó slíkt hafi verið haldið fram áður. Ábúendur næst þessari fyrirhugaðri stóriðju mega eiga von á snarlækkun á söluverði fasteigna sinna. Sama gildir um sumarbústaðaeigendur, þó hér sé ekki stór þyrping þeirra, eru margar litlar blómlegar sumarbústaðabyggðir.</p> <p>Við skorum á að allar frekari framkvæmdaráætlanir verði stöðvaðar, svo byggðin hér geti haldið áfram að blómstra og þurfi ekki að bera skaða af stóriðjuframkvæmdum sem valda óafturkræfum skaða á náttúru okkar.</p>	
<p>Kristín Helga Gunnarsdóttir Það er fólk í sveitinni að gera annað. Fólk með aðra drauma og önnur áform. Til dæmis: Hótel og veitingarekstur, Laxveiði, golf og afþreying, matvælaræktun, landgræðsla fyrir fjölbreytta ferðaþjónustu framtíðar, háskóli og menntasetur og skógrækt. Norðurá, Kjarrá og Þverá beggja vegna Grjóthálsins eru meðal þekktustu veiðiáa Evrópu og heimkynni villta laxastofnsins.</p>	
<p>Hraunbær I & II og Hvassafell I & II Því er haldið fram í matsáætluninni að enginn ferðaþjónusta sé í ofanverðum Norðurárdal, þetta er rangt. Í fyrsta lagi er ferðaþjónusta ekki staðbundið fyrirbæri, ferðamenn eru á ferð og flugi. Allur Norðurárdalur, Þverárhlið, fjöllin</p>	

Orðalag í matsáætlun er m.a. eftirfarandi: " Samkvæmt kortlagningu Samtaka Sveitarfélaga á Vesturlandi (Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi, 2019) er lítið um ferðaþjónustustarfsemi í framdali Norðurárdals og sama gildir efst í Þverárhlið handan við Grjótháls. Sveitahótelíð Hraunsnef er í um

Umsögn	Viðbrögð
<p>og hálsarnir allt um kring eru áhrifa- og útivistasvæði ferðamanna á ferðalagi á bílum, á hestum, gangandi eða hjólandi, ferðamanna sem gista eða kaupa veitingar neðar í dalnum og allra íbúa Borgarfjarðar. Í öðrulagi þá er laxveiði ferðabjónusta, tvær af bestu laxveiði ám landsins eru á báðar hendur við Grjótháls, vindorkuver með tilheyrandi hljóð- og sjónmengun hjálpar ekki við að selja veiðileyfi.</p>	<p>5 km fjarlægð frá jarðarmörkum Hafþórsstaða. Í niðurdal Norðurár, í um 7-8 km fjarlægð, eru einnig Grábrók, Bifröst og Hreðavatn ásamt öðrum þekktum áningarstöðum."</p>
<p>Málfríður Kristjánsdóttir Skatttekjur sveitarfélagsins að framkvæmd lokinni. Í kafla 1.3 er því haldið fram að uppbygging vindorkugarðs/vers hafi í för með sér auknar skatttekjur án aukinna útgjalda. Gera þarf nánari grein fyrir þessari fullyrðingu og hvernig framkvæmdin styður við atvinnuuppbyggingu í héraðinu að framkvæmd lokinni. Einu tekjur sveitarfélagsins virðast vera fasteignagjöld af 3000 fermetra safnstöð og 250 fermetra tengivirki.</p>	<p>Öll mannvirki þ.á.m. vindmyllur bera fasteignagjöld til sveitarfélagsins. Framkvæmdaraðili ber kostnað á uppsetningu vindorkugarðs og styrkingu malarveggar upp að svæði. Fjallað verður nánar um þennan þátt í umhverfismatskýrslu.</p>

14. Forsendur raforkuframleiðslu og raforkuþörf

Umsögn	Viðbrögð
<p>Erla Guðný Helgadóttir</p> <p>Vindorkuframleiðsla á Íslandi er ekki nauðsynleg til orkuskipta. Hér ríkir upplýsingaóreiða um orkumál og okkar stærsta vandamál er orkusóun og dreifing enda framleiðum við meiri raforku en nokkur annar í heiminum miðað við höfðatölu. Líklega er þetta ekki einungis upplýsingaóreiða, heldur hrein græðgi. Á meðan ekki er til heildstæð stefnumótun stjórnvalda um vindorkunýtingu á Íslandi sem miðar að sjálfbærni, samfélags- og náttúruvernd til lengri tíma, þá er glórulaust að stefna á slíkar framkvæmdir. Það er augljóst að þarna eru hagsmunir fárra einstaklinga og erlendra stórfyrirtækja í fyrirrúmi, ekki almannahagsmunir Íslendinga og hvað þá vilji nærsamfélagsins sem endar með risavaxnar vindmyllur í bakgarðinum</p>	<p>Eins og fram kemur í kafla 3.1 um tilgang og markmið framkvæmda þá er með vindorkugarði á Grjóthálsi m.a. verið að bregðast við aukinni raforkuþörf á Íslandi, en samkvæmt skýrslu um afl- og orkujöfnuð fyrir árin 2019-2023³ eru líkur á að notkunin muni aukast hraðar eftir árið 2021 en aukning á nýju uppsettu afli virkjana.</p> <p>Mikil framleiðsla á raforku er í dag á Íslandi, en stór hluti er bundinn í langtímasamningum.</p> <p>Hvað varðar jöfnunarorku þá er mikil þróun hérlendis og erlendis í að hámarka nýtingu breytilegrar orkuframleiðslu s.s. frá sól og vindi enda miklir hagsmunir í húfi að það takist vel. M.a. er beitt tækninýjungum, markaðslausnum og breytingum á flutningskerfi og eldri orkuvinnslu. Hér á landi er þannig nýbúið að stofna tvo virka markaði með orku. Þá eru hafnar miklar fjárfestingar til að auka getu Landsnets til flutnings orku m.a. um Grjótháls. Kynnt hefur verið vetnisframleiðsla á Grundartanga sem nýtt getur breytilega orku mun betur en margir aðrir notendur. Landsvirkjun vinnur að aflaukningu eldri virkjana til að auka magn og sveigjanleika jöfnunarorku. ON</p>
<p>Guðrún Jónsdóttir og Davíð Aðalsteinsson</p> <p>Vísað er í kafla 3.1 Tilgangur og markmið, að vindorkuveri á Grjóthálsi sé ætlað að mæta aukinni eftirspurn eftir raforku. Ekki er á þessum tímapunkti ljóst hvaða eftirspurn vindorkuver á Grjóthálsi mun mæta, en bent skal á að ekki liggur fyrir að vindorkuverið muni nýtast í orkuskipti innanlands né</p>	

³ <https://www.landsnet.is/library/Skrar/utgefna-skyrslur/Orku--og-afljofnudur/Afl%20%20og%20orkuj%C3%B6fnu%C3%B0ur%202019-2023.pdf>

Umsögn	Viðbrögð
<p>atvinnuuppbyggingu í héraði. Einnig er ljóst að þar sem vindorkuverið skortir tengingu við stýranlegt jöfnunarafl, svo sem með tengingu við vatnsaflsvirkjun. Samkvæmt Landsvirkjun er geta Landsvirkjunar til að „jafna vindafl annarra fyrirtækja afar takmörkuð“ eða aðeins allt að 30MW.</p>	<p>hefur kynnt hugmyndir að sk. Batterívirgjun á Skeiðum, stórstígar framfarir eru í rafhlöðum og þannig mætti áfram telja. Samspil orkuframleiðslu á Grjóthálsi við flutningskerfið, framleiðendur jöfnunarorku og orkukaupendur ræðst í þeim samningum sem Hrjónur munu gera við Landsnet og orkukaupendur en er ekki til umfjöllunar í umhverfismati enda stöðugum breytingum háð.</p>
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir</p> <p>Í kafla 3.1. í matsáætluninni er staðhæft að með vindorkugarði á Grjóthálsi sé verið að bregðast við aukinni raforkuþörf á Íslandi. Gerð er athugasemd við að ekki komi fram í hvað eigi að nýta þá óstöðugu raforku sem framleiða á í vindorkugarðinum. Verður raforkan nýtt til framleiðslu á rafeldsneyti sem að mestu verður flutt úr landi?</p> <p>Gerð er athugasemd við að ekki er lagt mat hversu mikið uppsett afl þarf af stöðugum orkugjöfum þ.m.t. frá vatnsaflsvirkjunum til sveiflujöfnunar á þeirri óstöðugu orku sem ætlunin er að framleiða í vindorkugarðinum.</p>	
<p>Páll Hrannar Hermannsson</p> <p>Í Evrópu er vindorkuverum ætlað að draga úr notkun og leysa af hólmi kolaorkuver, gasorkuver og kjarnorkuver. Við eigum mun betri kosti til orkuframleiðslu en aðrar þjóðir Evrópu. Hér er nóg af vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum sem framleiða nægt magn raforku þó að umhverfis- og orkumálaráðherra segi annað. En við erum aftur á móti með of lítið og úrsérgengið dreifikerfi, sem annar ekki núverandi framleiðslu á raforku. Lausnin liggur því í augum uppi, við þurfum öflugri byggðarlínu.</p>	
<p>Farkostur ehf. og Lövenskjöld ehf.</p> <p>5. Í kafla 1.3 í matsáætlun segir að „Uppbygging vindorkugarðs hefur einnig í för með sér auknar skatttekjur án aukinna útgjalda.“ Þessari fullyrðingu er mótmælt sem rangri þar sem ljóst má vera að fasteignir og hlunnindi á nærliggjandi svæði munu falla í verði vegna nálægðar við iðnaðarsvæðið sem framkvæmdir snýst um að koma á fót. Því munu sveitingar framkvæmdaáðila í raun greiða dýru verði fyrir framkvæmdina.</p> <p>Í matsáætlun er ekki vikið að mati á áhrifum framkvæmdarinnar á efnisleg verðmæti eins og áskilið er í d lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 111/2021. Vísindalegar aðferðir eru til staðar til að meta áhrif af þessu tagi með sama hætti og önnur umhverfisáhrif. Gerð er athugasemd við þetta og bent á fyrirsjáanleg og veruleg áhrif framkvæmdarinnar á efnisleg verðmæti á aðliggjandi fasteignum, þ.m.t. veiðiréttindi í Norðurá.</p>	<p>Í athugasemd er það tekið sem sjálfgefið að fasteignir og hlunnindi á nærliggjandi svæði munu falla í verði vegna nálægðar við iðnaðarsvæðið. Ekki eru settar fram neinar heimildir sem styðja slíka fullyrðingu. Vindmyllur hafa verið reistar mjög víða um allan heim á undanförunum áratugum og oft nær byggð en í tilviki Grjótháls. Eins og fram kemur í kafla 5.7.2 í matsáætlun verður í umhverfismatsskýrslu fjallað um eftirfarandi, í þeirri athugun sem unnin verður:</p> <ul style="list-style-type: none"> > Hver líkleg áhrif vindorkugarðsins verða á samfélag á svæðinu bæði á framkvæmda- og rekstrartíma. Það felur í sér tímabundin áhrif á framkvæmdatíma og varanleg áhrif á rekstrartíma. > Hvort vindorkugarður hefur áhrif á framtíðarskipulag sveitarfélagsins og/eða landnýtingu aðila og hvort takmarkanir verða á núverandi landnotkun. <p>Gildi og aðdráttarafl svæðisins með tilliti til ferðaþjónustu og útivistar.</p>

Umsögn	Viðbrögð
<p>Án umfjöllunar um þennan þátt verður ekki séð að umhverfismatið innihaldi þær athuganir sem sanngjarnt má telja sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021 svo unnt sé að taka afstöðu til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.</p>	<p><i>Í tilviki vindorkugarðs á Grjóthálsi þá mun uppsetning vindmylla ekki skerða veiðiár á svæðinu. Vindmyllur verða sýnilegar frá ýmsum stöðum og þar á meðal frá einhverjum veiðistöðum. Fjallað verður um ásýndaráhrif í umhverfismatsskýrslu. Að auki verður unnin könnun á meðal notenda svæðisins s.s. íbúa, sumarhúseigenda, útivistarfólks og ferðamanna sem verður grundvöllur fyrir mati á áhrifum á samfélag útivist og ferðamenn.</i></p>
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir</p> <p>Gerð er athugasemd við að ekki skuli gerð grein fyrir af hverju áætlanir stóðust ekki hagkvæmnismat og hverju valdi að núverandi áform séu líklegri til að skila arðsemi.</p>	<p><i>Hærrí vextir alþjóðlega gera auknar kröfur um hagkvæmni frá því sem áður var. Aukin framleiðsla án þess að stækka svæðið né fjölga vindmyllum umtalsvert eykur hagkvæmni. Það tækifæri skapast vegna aukinnar flutningsgetu Landsnets með tilkomu Holtavörðulínu 1.</i></p>
<p>Kristín Helga Gunnarsdóttir</p> <p>Svikamyllur og sveitin situr eftir með skaðann</p> <p>Ný könnun á vindorku í Svíþjóð, sem beinist að því hvernig vindorkuver í landinu standa sig fjárhagslega, sýnir að vindorkan er allt annað en arðbær iðnaður. Þátturinn „Kaldar staðreyndir“ hjá TV4 hefur fengið aðgang að hluta af upplýsingum í gagnagrunni sænskra vindorkufyrirtækja sem fræðimenn í Jönköping tóku saman. Upplýsingarnar sýna, að stór hluti vindmylla landsins er í eigu fyrirtækja sem eru á barmi gjaldþrots. Christian Sandström, lektor, hjá alþjóða viðskiptaháskólanum í Jönköping segir við TV4: „Almennt séð á stór hluti iðnaðarins við fjárhagsvanda að etja.“</p> <p>Yfir 1000 vindmyllur í gjaldþrota fyrirtækjum</p> <p>Gagnagrunnurinn inniheldur upplýsingar um öll helstu vindorkufyrirtækin í Svíþjóð frá árinu 2010 og af all sum 5200 vindmyllum landsins eru um 3500 í gagnagrunninum. Að sögn Christian Sandström er talið að minnsta kosti 1000 vindmyllur séu í gjaldþrota vindorkuverum. Ein ástæðan fyrir minni arðsemi er sögð vera hröð stækkun samfara því, að raforkuverð lækkar þegar mörg vindorkuverð framleiða rafmagn samtímis.</p> <p>Kínverska ríkið hirðir peninga</p> <p>Samkvæmt TV4 á kínverska ríkið, gegnum dótturfyrirtæki, vindorkufyrirtækið Markbygden rétt fyrir utan Piteå. Fyrirtækið er eitt hið stærsta sinnar tegundar með 179 vindorkuver í Svíþjóð. Nýlega sótti fyrirtækið um greiðslustöðvun en rannsakendur TV4 komust að því að fyrirtækið hafði flutt háar fjárhæðir áður til eignarfélagins North pole vindkraft holding AB.</p> <p>Það er ekki orkuskortur í landinu en það ríkir orkuóreiða og orkusóun</p> <p>Íslensk samfélag þarf heilstæða stefnu og sýn í raforkumálum – almenningur getur ekki hlaupið endalaust á milli matsáætlana til að bútabjarga náttúru og samfélögum. Það þarf þjóðarsátt um forgangsröðun orkukosta- sátt um</p>	<p><i>Það er rétt að eldri vindorkugarðar í Evrópu byggðust upp á niðurgreiðslum, grænum skírteinum og öðrum opinberum stuðningi. Hin síðari ár hafa vindorkugarðar hins vegar verið reistir í nágrannalöndum okkar á markaðsforsendum. Þannig eru vindmyllurnar í þessu verkefni um 8 sinnum öflugri en þær sem reistar voru í Búrfelli fyrir áratug og kostnaður á orkueiningu hefur lækkað mjög. Sveitarfélögin njóta verulegra skatttekna af fasteignagjöldum alveg óháð afkomu rekstursins og þannig ávinningur nærsamfélagsins tryggður.</i></p>

Umsögn	Viðbrögð
<p>náttúru- og mannvernd sem gengur út á grænvöxt til framtíðar en ekki óendanlegan og óseðjandi hagvöxt. Áður en hlaupið er á eftir öllum skýrslum einkafyrirtækja sem ásælast orkuauðlindir Íslands þarf að endurskoða raforkuframléiðslu, sölu og raforkunotkun í landinu í ljósi nýrra tíma á landsvísi og heimsvísi. Í stað þess að elta skyndigróðadraumana erlendrar stórfyrirtækja og húskarla þeirra sem hafa enga staðbundna samfélagshagsmuni og enga samfélagsvitun eða náttúruverndarábyrgð, hvorki heima hjá sér né í öðrum löndum.</p>	

15. Framkvæmd umhverfismats-samræmi við skipulag og áætlanir

Umsögn	Viðbrögð
<p>Farkostur ehf. og Lövenskjöld ehf.</p> <p>1. Lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ganga út frá því að umhverfisáhrif áætlana, þar sem mörkuð er stefna fyrir leyfisveitingar til framkvæmda, skuli metin sjálfstætt samkvæmt III. kafla laganna áður en til mats á umhverfisáhrifum tiltekinnar framkvæmdar kemur samkvæmt IV. kafla þeirra. Frá framangreindu er gerð sú undantekning í lögum nr. 111/2021 að heimilt er samkvæmt 9. og 10. gr. laganna að sameina skýrslugerð og kynningu vegna mats á umhverfisáhrifum undirliggjandi áætlana og framkvæmda samkvæmt þeim. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir því í lögnum að fram fari mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar án þess að fram fari áður, eða í það minnsta samhliða, mat á umhverfisáhrifum þeirra áætlana sem marka stefnu um leyfisveitingu fyrir framkvæmd.</p> <p>Framkvæmd af því tagi sem hér er um að ræða er, eins og fram kemur í fyrirliggjandi matsáætlun, háð leyfum sem aftur byggjast á og þurfa að samrýmast þeirri stefnu og þeim áætlunum sem gerðar hafa verið m.a. samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, raforkulögum nr. 65/2003, lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og skipulagslögum nr. 123/2010. Um er að ræða áætlanir sem eftir atvikum sæta sem slíkar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt III. kafla laga nr. 111/2021.</p> <p>Af fyrirliggjandi matsáætlun verður ekki ráðið að gert sé ráð fyrir hlutaðeigandi framkvæmd, eða að hún samrýmist þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið, í gildandi áætlunum um orkunýtingu og skipulag hlutaðeigandi landsvæðis. Enn síður verður ráðið að fyrir liggji mat á umhverfisáhrifum áætlana sem geri ráð fyrir, eða a.m.k. heimili, hina fyrirhuguðu framkvæmd.</p>	<p><i>Í III. kafla laganna er ekkert sem segir að umhverfisáhrif áætlana skuli metin áður en umhverfismat framkvæmda er unnið, þó vissulega væri það æskilegra að umhverfismat áætlunar lægi fyrir. Mörg fordæmi eru fyrir því að vinnulag hefur verið með þessu móti, enda getur breyting eða endurskoðun á skipulagi verið tímafrekt ferli. Hafa ber í huga að í umhverfismati framkvæmda er verið að meta umhverfisáhrif tiltekinnar framkvæmdar með meiri nákvæmni en gert er á skipulagsstigi og geta upplýsingar úr framkvæmdamati nýst við skipulagsgerð og stefnumótun sveitarfélagsins. Umhverfismat framkvæmda og álit Skipulagsstofnunar eru gögn sem nýstast svo sveitarfélaginu við útgáfu framkvæmdaleyfis, verði það stefna sveitarfélagsins.</i></p> <p><i>Unnið er að endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar en við þá vinnu er vindorka eitt af viðfangsefnum. Hluti af þeirri vinnu er gerð umhverfismats áætlana. Eins og fram kemur í kafla 2.2 þarf að gera breytingar á landnýtingu á Grjóthálsi vegna vindorkugarðs þannig að landbúnaðarsvæði verði breytt í iðnaðarsvæði á afmörkuðum hluta.</i></p> <p><i>Þessi valkostur er til skoðunar í 5.áfanga Rammaáætlunar.</i></p>

Umsögn	Viðbrögð
<p>Ekki verður séð að mat á umhverfisáhrifum einstakrar framkvæmdar, sem unnið er án þess að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum undirliggjandi áætlana sem framkvæmdin þarf 2 / 3 að byggjast á og vera í samræmi við, og án þess að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sé samþætt mati á umhverfisáhrifum hlutaðeigandi áætlana, geti orðið lögmætur grundvöllur framkvæmdar, enda hefur því matsferli sem gert er ráð fyrir í lögum nr. 111/2021 í því tilviki ekki verið fylgt.</p> <p>Vakin er athygli á framangreindu og þeirri spurningu beint til framkvæmdaraðila og Skipulagsstofnunar á þessu stigi hvort mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sé tímabært og þá hvort slíkt mat geti farið fram án þess að það verði samþætt mati á umhverfisáhrifum þeirrar áætlunargerðar, þ.m.t. skipulagsbreytinga, sem fyrirhuguð framkvæmd kallar óhjákvæmilega á.</p>	
<p>Guðrún Jónsdóttir Þess má geta að vindorkuverið hefur verið stækkað frá fyrri áformum, vindmöstrin hækkuð til muna og fjölgað. Leyfi liggja ekki fyrir og skipulag ekki heldur, en til að leyfa svona stórfamkvæmd þyrfti að breyta landnotkun úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði. Ljóst er að náttúrutap yrði mikið og óafturkræft.</p>	
<p>Hrafnhildur Sverrisdóttir Samkvæmt skipulagsreglugerð eiga svæði fyrir vindmyllur að þessari stærðargráðu vera skilgreind í aðalskipulagi sem iðnaðarsvæði. f. Iðnaðarsvæði (I). Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. Það er rangt við að skilgreina umrætt svæði á þennan hátt. Þetta á ekki heima í byggð eða í fallegu landslagi.</p> <p>Bent er á að í kafla 4.4 er talað um samlegðaráhrif við fleiri vindorkuverkefni á sama landsvæði. Undirrituð er einnig á móti vindorkuveri í Hvammi (Múli). Hvorug þessara uppbygginga hafa farið í gegnum aðalskipulagsbreytingu né opinberlega fengið vilyrði. Vel getur verið að einhverjar ákvarðanir, sem ekki þola dagsins ljós, hafi verið samþykktar í reykfylltum bakherbergjum sveitarstjórnar.</p>	
<p>Guðrún Jónsdóttir og Davíð Aðalsteinsson Fyrirhugað vindorkuver stríðir gegn núgildandi Landskipulagsstefnu. Vindorkuverið mun ekki stuðla að auknum lífsgæðum fólks í sveitarfélaginu og þá alls ekki þeirra sem búa í nábýli við vindorkuverið. Einnig er ljóst að vindorkuverið mun ekki rísa í sátt við náttúru og samfélag þar sem andstaða við orkuverið er mikil í héraðinu.</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Guðrún Jónsdóttir og Davíð Aðalsteinsson Fyrirhugað vindorkuver stríðir einnig gegn núgildandi Aðalskipulagi Borgarbyggðar þar sem eins og áður sagði er óhugsandi að viðkomandi orkuver muni rísa í sátt við náttúru og samfélag. Framkvæmdin mun raska hverfisvernduðum flóum sem og hafa áhrif á hverfisverndaða birkiskóga og kjarr. Það mun hafa neikvæð áhrif á fölbreytta nýtingu bújarða í nærsamfélagi orkuversins svo sem frístundabyggð og ferðaþjónustu sem t.d. tengist laxveiði.</p>	
<p>Landvernd Skipulag og aðrar áætlanir Landvernd lýsir furðu á að fyrirtækið skuli hrinda af stað framlagningu matsáætlunar í ljósi þess að ekkert liggur fyrir um hvort vindorka verð leyfð í skipulagi á viðkomandi svæði. Með skírskotun til Landskipulagsstefnu þá liggur fyrir að Landskipulagsstefna hefur enn ekki verið uppfærð á alþingi og staðfest en þar í drögum er einmitt kafli um nýtingu vindorku eða ekki. Þar eru sveitarfélög hvött til að ákveða hvort og þá hvar eigi að leyfa nýtingu vindorku innan þeirra skipulagssvæða. Í þessu stigi máls liggur ekkert fyrir um hvenær uppfærsla á Landskipulagi með vindorkukafla verði staðfest. Auk þess og ekki síður liggur alls ekki fyrir í aðalskipulagi Borgarbyggðar sem er í vinnslu hvort íbúar sveitarfélagsins og sveitarstjórn vilji yfir höfuð leyfa nokkra uppbyggingu vindorku í sveitarfélaginu. Í ljósi þessa er framlagning þessarar matsáætlunar algjörlega ótímabær og sýnir um leið að vindorkuiðnaðurinn sýnir stjórnsýslu á öllum stigum máls afar takmarkaða virðingu. Á sama tíma og vitnað er til í matsáætlun að nýtt Aðalskipulag Borgarbyggðar sé í vinnslu þar sem á að fjalla sérstaklega um vindorku, þá er vitnað til Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010 – 2022 með skírskotun til réttlætningar með eftirfarandi hætti “og mælt til þess að við hönnun mannvirkja sé lögð áhersla á að þau falli vel að náttúrulegu umhverfi” Árið 2010 voru vindorkuhugmyndir ekki til staðar og því á engan hátt hægt að sækja í viðmið sem ekki hæfa úr skipulagi sem tekur ekki sérstaklega á vindorku. Rammaáætlun Í matsáætlun segir að mælt hafi verið með vindorkugarði á Grjóthálsi í nýtingarflokk rammaáætlunar. Rétt er að minna á að enn liggja engar skipulagsheimildir til grundvallar vindorkuveri á Grjóthálsi enda hafa hvorki verið mótaðar lög eða reglur á alþingi um iðnaðarstarfsemi að þessu tagi auk þess sem að Landskipulag hefur ekki verið staðfest og eða aðalskipulag viðkomandi sveitarfélags sem á eftir að taka afstöðu til vindorku. Það að verkefnið á Grjóthálsi hafi að verkefnið tekið til skoðunar af faghópum rammaáætlunar eins og önnur 10 vindorkuverkefni segir ekkert til um hvort verkefnið verði flokkað í nýtingarflokk og að auki segir nýtingarflokkur ekkert um að það eigi að virkja enda umhverfismat allt eftir.</p>	
<p>Kristín Helga Gunnarsdóttir 2. Skipulag og aðrar áætlanir 2.1 „Landsskipulagsstefna 2015–2026. Skipulag í dreifbýli skal stuðla að því að fjölbreytt nýting lands til framtíðar sé í sátt við náttúru og landslag. Gefinn er kostur á nýtingu orkulinda í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefur skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>raforku sem tryggir örugga afhendingu raforku. Í landsskipulagsstefnu er því beint til sveitarfélaga að taka afstöðu til þess við skipulagsgerð hvort möguleiki sé á orkuframleiðslu í dreifbýli með vindorku, í sátt við náttúru og samfélag.”</p> <p>2. Skipulag samfélags og náttúru og áætlanir annarra</p> <p>2,1 Nýting erlendra stórfyrirtækja og eigenda jarðanna tveggja sem hér um ræðir telst seint í sátt við náttúru og landslag. Nægir að skoða samanburðarmyndir við Hallgrímskirkjuturn. Jarðrask í kringum framkvæmdir við byggingu fjórtán slíkra risamannvirkja er óafturkræft með tilheyrandi vegagerð og tugþúsunda tonna steypuverki. Og allt snýst þetta svo um að einkaframtakið komist stystu leið að dreifikerfi í eigu þjóðar sem á líka að greiða fyrir flutningsmannvirki og leggja til uppbótarorku þegar framleiðslugetan er stopul. Hér er engin sátt við náttúru og þaðan af síður samfélag í Borgarbyggð. Hvergi eru hér hagsmunir fjöldans og náttúru í forgrunn. Sveitarfélagi ber skylda til að standa vörð um hagsmuni og vilja íbúa en einblína ekki á erlendan skyndigróða til að rétta af bágstadda sveitasjóði. Slík stefna stríðir beinlínis gegn Landsskipulagsstefnu og það er skýlaus krafa að sveitarstjórnarfulltrúar gegni starfi sínu og gæti hagsmuna og vilja íbúa og landeigenda þegar erlend stórfyrirtæki herja á íslenskar sveitir með þessum hætti. Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur staðið með íbúum í öðrum málum og sent frá sér eftirfarandi yfirlýsingu þess efnis í öðru samhengi: „Afstaða sveitarstjórnar endurspeglar ávallt vilja íbúa sinna en sveitarfélaginu hefur borist undirskriftarlisti frá íbúum þess svæðis sem um ræðir. Hagsmunir íbúa og landeigenda í Borgarbyggð eru ávallt hagsmunir sveitarfélagsins “...</p> <p>2.2 Aðalskipulag (fyrirvari um undanþágur)</p> <p>„Innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru hverfisverndaðir flóar en samkvæmt aðalskipulagi eru framkvæmdir sem raska vatnabúskap og vistkerfi flóa undir hverfisvernd ekki heimilar nema með leyfi sveitarstjórnar. Í nágrenni svæðisins eru einnig hverfisverndaðir Birkiskógar og kjarr (Borgarbyggð, 2011).“</p> <p>Stóra spurningin sem við erum krafín um er siðferðileg: Hvað eigum við hér og nú af löndum framtíðarfólksins til ráðstöfunar og hvers erum við að gæta þessa litlu stund sem er okkar líftími.</p> <p>2.2 Aðalskipulag í þágu náttúru og framtíðar:</p> <p>Það er ástæða fyrir því að samfélag friðar svæði. Það er viðspyrna og viðnám við ásælni í ósnortin auðæfi framtíðar, lönd sem við sem lifum litla stund hér og nú, eigum í raun ekki en vökum yfir fyrir framtíðarfólkið. Þess vegna verndum við flóa, vatnabúskap og vistkerfi. Þess vegna verndum við landnámskjarr og birki. Við verndum það ekki til að blettafriða svo við eigum sýnishorn fyrir komandi kynslóðir að skoða á girtum blettum innan um stóriðju og orkuver. Heldur verndum við svo komandi kynslóðir eigi áfram heiðalandið ósnortið, samfelldu flóana og vistkerfið allt með vaðfugli, heiðagæs, himbrima og lífríki.</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Það yrði afdrifarík niðurstaða til framtíðar og fyrir framtíðina ef yfirvöld endurskilgreindu þessa sveit sem iðnaðarsvæði um ókomna tíð.</p> <p>2.3 Deiliskipulag „Vinna þarf deiliskipulag af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þegar nær dregur framkvæmdum út frá stefnum og áherslum aðalskipulags. Í deiliskipulaginu verður gerð grein fyrir svæðum sem munu koma til með að fara undir mannvirki, eins og vindmyllur, vegi og tengingu við flutningsnetið.“</p> <p>2.3 Deiliskipulag í þágu samfélags Vinna þarf deiliskipulag af fyrirhuguðum stóriðjuáformum út frá náttúru og vistkerfi og út frá áherslum í samfélagi sem fyrir er í héraði, hefðum og sögu, og ekki síst starfssemi og vilja nærsamfélagsins. Þá er einnig eðlilegt að slíkt skipulag ásamt aðalskipulagi taki mið af náttúru og lífríki og að öll slík skipulög, sem ávallt eru mannanna verk, séu unnin með tilliti til náttúru- og mannvendrar af því að náttúruvernd er mannvend. Íbúar og landeigendur í Norðurárdal og Þverárhlið geta einnig boðið uppá kynningu á skipulagssýn fyrir sveitir sínar og lönd ef áhugi er fyrir því hjá skipulagsyfirvöldum og öðrum yfirvöldum og gert grein fyrir þeim svæðum sem munu aldrei fara undir mannvirki eins og vindorkuver og tilheyrandi tengivegi við flutningsnetið.</p> <p>Stóriðjudraumar á Grjóthálsi fjalla ekki um orkuskort, loftslagsmál eða framlag til stuðnings samfélagi og umhverfi. Og ekki um hagsmuni íbúa og landeigenda.</p> <p>Bleiki fillinn í stofunni er græðgi eintaklinga. Hún er böf heimsins og byggir á skjótfengum gróða og því að eins gróði sé óhjákvæmilega annars tap. Í þessu tilfelli er erlend stórfyrirtæki með íslenska húskarla komist í peningaáskrift af raforkuneti almennings, fáu uppbótaorku frá almenningi og fyrirgreiðslu hins opinbera til þess að selja einkavædda raforku í sérlegri og nýstofnaðri raforkukauphöll.</p> <p>2.4 Rammaáætlun „Tíu vindmyllur á Grjóthálsi, alls 50 MW, voru til mats í 4. áfanga rammaáætlunar. Í tillögudrögum verkefnisstjórnar frá 30. mars 2021 var mælt með verkefninu í nýtingarflokk, en ekki tókst að ljúka umfjöllun um rammaáætlun 4. Verkefnisstjórn 5. áfanga rammaáætlunar var skipuð í apríl 2021 til fjögurra ára og hefur tekið til starfa. Vindorkugarður á Grjóthálsi, sem kynntur er í þessari matsáætlun, er einn af þeim virkjunarkostum sem eru til skoðunar af verkefnisstjórn Rammaáætlunar í 5.áfanga.</p> <p>2.4 Rammaáætlun Það er hvorki forsvaranlegt né faglegt að raða einu einasta vindorkuveri í orkunýtingaflokk á meðan ekki er til heildræn stefna um nýtingu vindorku í landinu. Eðlilegast er að hugmyndir um vindorkuver verði settar í biðflokk á</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>meðan sú vinna fer fram. Alþingi verður að taka af allan vafa um gildissvæði laga um orkunýtingu og náttúruvernd þegar kemur að vindorkuverum. Það eru nóturleg vinnubrögð að opinber stofnun krefji almenning hvað eftir annað um skýrslur og skoðanir á sturluðum og öfgakenndum áætlunum allskynns erlendra og innlendra lukkuriddara þegar enginn heildræn stefna í málaflokknum liggur fyrir með lagasetningu.</p>	
<p>Guðrún Sigurjónsdóttir Ég lýsi furðu minni með að málið sé komið jafnlagt í undirbúningi og raun ber vitni án þess að um þessa atvinnugrein gildi nokkrar leikreglur.</p> <p>Ég lýsi því jafnframt yfir að slíkt vindorkuver muni hafa veruleg neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem fara um landið en ekki síst draga úr eftirspurn eftir afþreyingu á svæðinu, draga úr eftirspurn eftir jörðum í samfélaginu og jafnframt muni verð á þeim hrapa. Þetta geri ég athugasemd við.</p> <p>Jafnframt lýsi ég því yfir að við munum krefjast skaðabóta ef eitthvað það verður ákveðið sem rýrir gildi jarða okkar (Glitstaða og Svartagils) eða mengar þær á einn eða annan hátt.</p>	<p><i>Vindorka fellur undir lög um rammaáætlun og er þessi valkostur til umfjöllunar þar. Framkvæmdin fellur einnig undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sem er þetta ferli sem hér er til umfjöllunar. Landnýting fyrir uppbyggingu vindorku fellur einnig undir skipulagslög. Þannig er ríkulegur lagarammi fyrir hendi á Íslandi fyrir verkefni af þessu tagi.</i></p>
<p>Hraunbær I & II og Hvassafell I & II Við mat á umhverfisáhrifum er grundvallar atriði að stærð og umfang allra þátta tengdum byggingu og rekstri raforkuvers liggja fyrir. Matsáætlun þarf og á að vera fagleg og sett fram á hlutlaustan hátt, en það er því miður ekki raunin með þá matsáætlun sem hér er til umfjöllunar. Matsáætlunin lýsir Grjótháls raforkuverinu í mjög grófum dráttum og þær fáu tölur sem settar eru fram eru margar hverjar með miklu vikmáli. Einnig vantar nánast allar samantektir á tölulegum stærðum (fyrir utan jarðefni) sem eru mikilvægar grunn upplýsingar til að meta umhverfis áhrif. Að hluta eru áróðurkendar jafnvel villandi upplýsingar settar fram og mikilvægum upplýsingum sleppt. T.d. á að miða umhverfismatið við 10 vindmyllur eða 40% meira umfang þ.e. 14 vindmyllur? Það er mjög margt óljóst varðandi þessa fyrirætlun t.d. hverjir eru eða verða framkvæmda aðiljar, ætlar eignalaus félagið Hrójónar að selja verkefni þegar og ef tekst að koma því eitthvað áleiðis? Framkvæmda aðiljar hverjir sem þeir eru þurfa að ákveða sig varðand umfang verkefnisins og leggja fram tölulegar stærðargráður yfir alla verkþætti, það er ekki hlutverk umhverfismatsins að forhanna og safna gögnum varðandi verkið sjálft. Þessi matsáætlun er ótæk því á að hafna henni og óska eftir endurbótum og ýtarlegri upplýsingum.</p>	<p><i>Matsáætlun er unnin í samræmi við lög og reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Nákvæmari upplýsingar um framkvæmdina verða birtar í umhverfismatskýrslu.</i></p>
<p>Laufey Valsteinsdóttir Matsáætlunin ber með sér að vera mjög ábótavant um þau atriði sem fjalla á um í slíkri áætlun samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda. Um þau atriði er meðal annars efnislega fjallað í mörgum þeirra umsagna sem birst hafa undanfarnar vikur við áætlunina á vefsvæði Skipulagsstofnunar. Að því leyti vísast til þeirra og fyrri athugasemda okkar og annarra vegna málefnisins eftir því sem við á. Einnig til athugasemda Skipulagsstofnunar vegna matsáætlunar framkvæmdaraðila á árinu 2020 sem</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>ekki hefur nema að afar takmörkuðu leyti verið sinnt að bæta úr, þrátt fyrir stóráukið umfang hinna ráðgerðu framkvæmda. Þannig ætti matsáætlunin ekki að geta orðið grunnur að frekari málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 111/2021, eða að lágmarki þykir sýnt að bæta þurfi stórlega úr svo að af því geti orðið. Þá inniheldur matsáætlunin einnig innbyrðis ósamræmi upplýsinga, þar er afar lítið gert úr mjög veigamiklum atriðum, öll kynning þar er ófullnægjandi og hæpnum og/eða villandi upplýsingar bornar á borð í fjölmörgum tilvikum. Auk þess ber áætlunin með sér að framkvæmdaraðili leitist sem fyrr við að stytta sér leið um vandaða málsmeðferð, þar með talið með viðhlítandi kynningum sem fyrrgreind löggjöf og önnur gerir ráð fyrir, og einboðið væri að viðhafa í ljósi gríðarlegs umfangs hinna óafturkræfu iðnaðarframkvæmda í viðkvæmu umhverfi. Matsáætlunin er enn fremur ekki í samræmi við landsskipulagsstefnu 2015-2016, aðalskipulag Borgarbyggðar, deiliskipulag svæðisins, rammaáætlun og réttindi annarra en framkvæmdaraðila og landeigenda á Hafþórsstöðum og Sigmundarstöðum. Sömu leiðis er ýmist órökstutt eða með ófullnægjandi hætti hvernig bætt verður úr þeirri aðstöðu, sem og á grunni hvaða röksemda tilskilinn leyfa fyrir starfseminu verður aflað. Þá er alls óvíst um hagkvæmni hinna ráðgerðu framkvæmda í mörgu tilliti og um ábyrgð á framkvæmdum ef út af bregður.</p>	
<p>Hraunbær I & II og Hvassafell I & II Gera verður athugasemd við að orðið vindorkugarður er notað í matsáætlunni. Þetta orð er ekki til í íslensku samkvæmt Nútímamálsorðabók. Hér er augljóslega verið að reyna að skapa jákvæð hugrenningar tengsl. Garður er samkvæmt sömu orðabók ræktað svæði (t.d. kringum hús) með runnum, blómum og trjám, eða þykkur veggur hlaðinn úr steini og/eða torfi.</p>	
<p>Hulda Guðmundsdóttir Verkefnið er gjörbreytt frá fyrri matsáætlun. Það hefur allt að þrefaldast að umfangi og afkastagetu. Slík grundvallarbreyting er ekki „smávægileg breyting“. Gera verður kröfu um að umhverfismat fjalli um endanlega útfærslu og alla þætti verkefnisins en sé ekki opin ávisun á stækkunarmöguleika orkuversins.</p>	<p><i>Þessi matsáætlun lýsir þeirri framkvæmd sem fjallað verður um í umhverfismatskýrslu.</i></p>
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir Matsáætlunin gengur í berhögg við þau sjónarmið sem m.a. koma fram í tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, um að vindorkugarðar skulu settir upp á þegar röskuðum svæðum sem er alls ekki í tilfelli vindorkugarðs á Grjóthálsi þar sem engin orkuver eru til staðar. Gerð er athugasemd við að þeirri stefnumörkun skuli ekki fylgt.</p>	<p><i>Staðsetning vindorkugarðs er í fullu samræmi við áherslur þingsályktunarinnar þar sem Grjótháls er þegar raskað landbúnaðarsvæði og um virkjunarsvæðið liggur í dag bæði vegur og háspennulína og unnið er að undirbúningi annarrar háspennulínu um sama svæði. Framkvæmdasvæðið er þess vegna einmitt þegar raskað svæði og í nánd við háspennulínur eins og kemur einnig fram í stefnuyfirlýsingum stjórnvalda.</i></p>

16. Rannsóknir og athuganir

Umsögn	Viðbrögð
<p>Farkostur ehf. og Lövenskjöld ehf.</p> <p>2. Af tímalínu í töflu 1.1. má ráða að athuganir og rannsóknir ásamt endanlegri umhverfismatsskýrslu verði lokið á þriggja mánaða tímabili frá maí til ágúst 2024. Þessi stutti tími vekur athygli og er vafalaust ekki nægur til að framkvæma nauðsynlegar athuganir með vönduðum hætti.</p>	<p><i>Eins og fram kemur í matsáætlun er vettvangsathugunum vegna náttúrufars og fornleifa lokið á framkvæmdasvæðinu, enda hefur umfang framkvæmdasvæðis ekki breyst frá samþykktari matsáætlun fyrir fyrri áform.</i></p>

17. Eignarhald

Umsögn	Viðbrögð
<p>Gunnlaugur Auðunn Júlíusson</p> <p>1. Fram kemur að framkvæmdaraðili og ábyrgðaraðili verkefnisins sé Hrjónur ehf. Það eitt og sér segir ekki neitt um eignaraðila verkefnisins. Nauðsynlegt er að skýrt sé í opinberum skýrslum um verkefnið, hverjir séu eigendur verkefnisins og hvert sé heimilisfesti þess. Árið 2021 gerðu norsk stjórnvöld könnun á hverjir væru raunverulegir eigendur þeirra vindorkuvera sem starfrækt eru í Noregi. Niðurstaðan var að ekki tókst að finna út hverjir væru eigendur 43% þeirra. Eignarhald þeirra var horfið í blámóðu skattaparadísu hér og þar um heiminn. Reynslan frá nálægum löndum s.s. Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Írlandi, Skotlandi og Shetlandseyjum sýnir að gjarna er skipt ört um eignarhald vindorkufyrirtækja eftir að uppbyggingu er lokið í þeim tilgangi að hylja raunverulegt eignarhald og heimilisfesti þeirra.</p>	<p><i>Athugasemdir í þessum hluta snúa að eignarhaldi verkefnisins.</i></p> <p><i>Hrjónur ehf. er það fyrirtæki sem stendur að verkefninu, en eigandi þess er landeigandi að Hafþórsstöðum í Borgarbyggð. Hrjónur nutu í upphafi aðstoðar Siemens Gamesa en hefur síðan í þessu verkefni fengið til liðs við sig þýska eignastýringasjóðinn Prime Capital sem kemur að fjármögnun verkefnisins. Prime Capital fjárfestir í grænum innviðum fyrir hönd lífeyris- og tryggingafélaga. Síðasta áratuginn hefur sjóðurinn fest sig í sessi sem einn stærsti fjárfestir í endurnýjanlegri orku á Norðurlöndum. Sjóðurinn hefur staðið fyrir uppbyggingu á yfir 1GW af vindorku á landi (onshore wind), sem framleiðir meira en 3,5TWst á ári.</i></p> <p><i>Þá verður íslenskum langtímafjárfestum s.s. lífeyrissjóðum boðin aðild að fjármögnun til að mæta sjónarmiðum um innlent eignarhald. Þannig er tryggð sterk fagleg og fjárhagsleg umgjörð um verkefnið og framkvæmd þessa umhverfismats.</i></p>
<p>Gunnlaugur Auðunn Júlíusson</p> <p>11. Í upphafi var minnst á nauðsyn þess sé að skýrt liggi fyrir hver sé raunverulegur eigandi fyrirtækisins sem er ábyrgðaraðili verkefnisins. Þar sem reynslan sýnir að auðvelt er að fela eignarhald fyrirtækisins með flóknu og markvissu söluferli, þá skiptir miklu máli, með hliðsjón af framansögðu, hvernig lagt verður mat á ábyrgð fyrirtækisins hvað varðar umhverfisáhrif fyrrihugaðra framkvæmda á sitt nánasta umhverfi og hvernig er hægt að tryggja að hún sé fyrir hendi.</p>	
<p>Hrafnhildur Sverrisdóttir</p> <p>Mikilvægt er að gera grein fyrir áhrifum af rekstri og umgengni. Hvergi kemur fram hver muni reka mannvirkin, hver muni hagnast á þeim, hver ber ábyrgð á þeim, hver sér um viðhald á þeim, hver sér um förgun og frágang á landi.</p>	
<p>Hulda Guðmundsdóttir</p> <p>Hver er raunverulegur eigandi Hrjónur ehf og hvar er fyrirtækið til heimilis? Víða erlendis er þekkt að eignarhald og heimili vindorkuvera er óljóst og því</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>ómögulegt að nálgast ábyrga aðila við gjaldþrot þeirra. Ísland hefur möguleika á að læra af mistökum annarra ríkja hvað þetta varðar og því verður umhverfismat að taka þetta með í reikninginn.</p>	
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir</p> <p>Gerð er athugasemd við að ekki skuli gerð grein fyrir í matsáætlun á fjárhagslegum styrk þeirra sem standa að framkvæmdinni og hvernig staðið verði að fjármögnun og rekstri félagsins, þ.m.t. hverjir eru endanlegir eigendur. Vakin er athygli á því að eigið fé Hrójónur ehf. er í lok árs 2022 einungis kr. 331.900.</p>	
<p>Sigríður Bjarnadóttir</p> <p>Matsáætlun sem er í skipulagsgátt og er unnin af fyrirtækinu Cowi fyrir fyrirtækið Hrójónur ehf, sem var stofnað 21. desember árið 2020 og er í 100% eigu Helga Hjörvar.</p> <p>Þar segir í kafla 1.: Áformað er að reisa vindorkugarð á Grjóthálsi við Holtavörðuheidi, á jörðunum Hafþórsstöðum og Sigmundarstöðum í Borgarbyggð, með uppsett heildarafl um 66-100 MW Gert er ráð fyrir að fjöldi vindmylla verði á bilinu 10-14 vindmyllur og að afl hvers vindmyllu verði 6,6-7,2 MW. Framkvæmdarog ábyrgðaraðili verkefnisins er Hrójónur ehf.</p> <p>Þar kemur fyrsta athugasemdin. Þetta fyrirtæki Hrójónur ehf, er það í stakk búið til að standa að þessari risa stóru framkvæmd sem þarna er lýst?</p> <p>Ef um væri að ræða útboð á samsvarandi framkvæmd hjá Ríki eða Borg, myndi aldrei koma til álita að fela litlu nýstofnuðu fyrirtæki, með enga reynslu á samsvarandi framkvæmd og með kannski takmarkað fjármagn, að taka þátt í útboðinu. Það er útilokað að Hrójónur geti tekið ábyrgð á því ef eitthvað fer úrskeiðis í framkvæmdinni. Það þarf því að koma nákvæmlega hver muni bera ábyrgð ef eitthvað fer úrskeiðis.</p>	
<p>Laufey Valsteinsdóttir</p> <p>Miðað við það tjón sem vænta má af hinum ætluðu framkvæmdum, verður að telja ólíklegt að þær geti nokkurn tímann orðið arðbærar fyrir framkvæmdaraðilann eða aðra, nema að komist verði hjá ábyrgð af þeim. Af opinberum gögnum að dæma er fjárhagur einkahlutafélagsins Hrójóna ótryggur, en þrátt fyrir það liggja engar upplýsingar fyrir um hvernig félagið eða aðilar því tengdir, eftir atvikum í formi bankaábyrgðar, muni geta staðið við þær skuldbindingar sem sýnilega munu hljóta af framkvæmdunum.</p>	

18. Breyting á framkvæmd

Umsögn	Viðbrögð
<p>Gunnlaugur Auðunn Júlíusson</p> <p>2. Fram kemur á bls. 3 að „frá fyrri matsáætlun hafa orðið breytingar á framkvæmdinni“. Hér er vægt til orða tekið. Í raun má segja að um sé að ræða algerlega nýtt verkefni miðað við það sem lagt var upp með í fyrri matsáætlun. Ef miðað er við lágmarksframleiðslu getu í fyrri matsáætlun og hámarksframleiðslu í fyrirliggjandi matsáætlun þá hefur verkefnið tífaldast að umfangi. Vindorkuverin verða fjórtán í stað tveggja og vindorkuverin hafa hækkað um nær 50% (úr 135 metrum í 180 metra).</p> <p>3. Ef miðað er við hámarksframleiðslugetu báðum matsáætlunum þá hefur verkefnið þrefaldast að umfangi og afkastagetu. Það liggur í augum uppi að um er að ræða grundvallarbreytingu á stærð og umfangi verkefnisins en ekki smávægilega breytingu eða þróun eins og látið er í veðri vaka í fyrrgreindri skýrslu. Í þessu sambandi er rétt að minna á að þau vindorkuver sem byggð eru í fyrrgreindum nágrannalöndum Íslands eru mjög oft í kringum 250 metra há og í vissum tilvikum farin að nálgast 300 metra hæð. Því er nauðsynlegt að fyrir liggja í komandi skýrslum um mat á umhverfisáhrifum hvort þær upplýsingar um hæð, fjölda og afkastagetu vindorkuvera á Grjóthálsi, sem fram koma í þeirri skýrslu sem hér er til umfjöllunar, séu endanlegar, eða hvort fyrirhuguð sé enn frekari magnaukning fyrirhugaðra framkvæmda.</p>	<p><i>Í þessum hluta athugasemda er fjallað um þær breytingar sem orðið hafa á framkvæmdinni.</i></p> <p><i>Eins og kunnugt er liggur fyrir niðurstaða Skipulagsstofnunar um matsáætlun fyrir vindmyllur á Grjóthálsi frá september 2020. Í þeirri matsáætlun er fjallað um allt að 6 vindmyllur sem yrðu allt að 150 m háar.</i></p> <p><i>Í ljósi þess að matsáætlun lá fyrir um fyrirhugað framkvæmdasvæði var leitað til Skipulagsstofnunar um hvort hægt yrði að nýta þá matsáætlun fyrir þetta verkefni, þar sem fjallað er um sama svæði. Unnið var minnisblað sem sent var til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar, og er efni þess að mestu í kafla 1.3 í þessari matsáætlun. Skipulagsstofnun taldi að vinna þyrfti nýja matsáætlun vegna umfang breytinga og er þessi matsáætlun niðurstaða þeirrar vinnu. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um sömu stærðir á vindmyllum og settar eru fram í þessari matsáætlun.</i></p> <p><i>Ekki er um misræmi að ræða í matsáætlun varðandi hæð vindmylla. Kafli 3.3.2 fjallar um valkosti og einn af þeim er 20 m hærrí vindmyllur, en þær verða bornar saman við þær sem fyrirhugaðar eru (180 m).</i></p>
<p>Málfríður Kristjánsdóttir</p> <p>Fyrirhuguð hæð og stærð vindmyllna. Í matsáætluninni þarf að ákvarða nákvæmlega hámarkshæð vindmyllna með spaða í hæstu stöðu þar sem tekið er tillit til hæðar undirstöðu frá yfirborði jarðvegs. Misræmi er í texta matsáætlunar þar sem í kafla 3.3.2 er gert ráð fyrir að vindmyllur geti orðið 20m hærrí en 180m og í töflu 3.1 er turnhæð 102.5m. Gera skal grein fyrir þvermáli eða ummáli mastranna.</p>	<p><i>Ítarlegri tölur um framkvæmdaþætti verða birtar í umhverfismatsskýrslu.</i></p> <p><i>Spurt er um að Ísland geti reynst erfitt fyrir vindmyllur vegna veðurfars. Vindmyllur ganga án vandræða við erfiðar aðstæður t.a.m. meðfram ströndu Noregs, að ekki sé talað um vindmyllur á hafi úti í Norðursjó. Vindmyllur á Grjóthálsi verða aðlagðar að staðbundnum veðurskilyrðum með ábyrgð frá vindmylluframleiðanda. Framkvæmdaraðilar vinna með þaulreyndum alþjóðlegum vindmylluframleiðendum sem bjóða aðeins þaulprófaðar og öruggar lausnir.</i></p>
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir</p> <p>Undirritaðir eigendur að Hóli sem er næsta jörð við fyrirhugaðan vindorkugarð á Grjóthálsi gera eftirfarandi athugasemdir við þá matsáætlun sem lögð hefur verið fram.</p> <p>Samkvæmt þeirri matsáætlun sem lögð hefur verið fram er um umtalsverða breytingu frá fyrri matsáætlun sem lögð var fram á í október 2019 og unnin var af VSÓ Ráðgjöf. Bæði er um að ræða mikla aukningu í uppsettu afli eða allt að 100 MW í stað 30 MW og umtalsverða fjölgun vindmylla eða allt að 14 í stað 6 auk þess sem hæð hvorrar vindmyllu er allt að 180 m í stað 150 m. Gerð er athugasemd við að Skipulagsstofnun hafi ekki talið þörf á sérstöku forsamráði eins og kveðið er á í 8. grein laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða. Engar grenndarkynningar hafa verið haldnar í tengslum við þessi gjörbreyttu áform.</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Í matsáætluninni er gengið út frá staðreyndum úr fyrri áætlunum, þrátt fyrir að um allt aðra og viðameiri framkvæmd sé að ræða. Gerð er athugasemd við að málið sé ekki unnið frá grunni.</p>	
<p>Sigríður Bjarnadóttir Athugasemdir við kafla 1.3 á matsáætlun breyting á fyrri áformum. Mun stærri og fleiri vindmyllur en þegar lagt var af stað í verkefnið er einungis til að koma fram frekari mótspyrnu við framkvæmdinar. Það sem lagt var upp með fyrir örfáum árum eru ekki taldar hagkvæmar í dag, hver segir að eftir örfá ár í viðbót verði þessi framkvæmd sem fyrirhuguð er verði ekki þá orðin óhagkvæm, en óafturkræf.</p>	
<p>Landvernd Breyting frá fyrri áformum Gert er ráð fyrir mjög viðamiklum breytingum frá fyrri áætlunum. Breytingarnar myndu hafa í för með sér enn stórfelldara inngrip inn á viðkomandi svæði. Fyrir liggur að framkvæmdaðili hyggst setja niður 180 m. háar vindmyllur í stað 135 m. í fyrri áætlunum auk þess verða vindmyllur fleiri en áður var gert ráð fyrir. Hér liggur því fyrir að umfangið og umhverfisáhrif á alla mælikvarða verða stóruakin með tilheyrandi áhrifum.</p> <p>Lýsing á áhrifum og greiningu sjónrænna áhrifa eru ekki trúverðug þ.e. að ekki muni verða meiri neikvæð sjónræn áhrif. Þá liggur hvergi fyrir hvernig staðið var að þessari greiningu á sjónrænum áhrifum, hvaða aðferðum var beitt og eða sýndar staðreyndar myndir til að auka á trúverðugleika. Komandi er inn á að mikil framþróun hafi 2 átt sér stað í vindorkuiðnaði sem hafi leitt til breyttrar áherslu fyrirtækisins. Landvernd bendir á að þrátt fyrir einhverja framþróun þá virðist lausn fyrirtækisins ekki flóknari en svo að stækka eigi vindorkumannvirkin til að fá meiri orku út úr hverju og einu þeirra. Það hefur því ekki með neinar stórkostlegar tækniframfarir að gera því augljóslega framleiða stærri vindorkuver og hærri vindmyllur meiri raforku en um leið stórauka þær á neikvæð umhverfisáhrif sem voru þó næg í fyrri áætlunum. Það sem matsáætlun þessi tekur ekki á er að því stærri og hærri sem vindorkuverin eru þá vex ekki bara ásýndar og umhverfisskaði heldur eykst um leið álag og slit á vindorkuverum til muna þar sem þau taka á sig miklu mun meiri veður. Landvernd vill benda á að miklu meiri rannsóknir þurfa að eiga sér stað á því hvort jafn gríðarlega umfangsmikil vindorkumannvirki þoli íslenskt veðurfar, sbr. ísingu, snjóá, haglé, rigningar og ofsafengin veður sem oft er að finna á heiðum uppi þar sem hitastig er oft langtímum saman að sveiflast á milli plús og mínus gráður en það er eitt af verstu og mest krefjandi aðstæðum vindorkuiðnaðarins sem hefur leitt til mjög lítillar endingar á búnaði vindorkuvera. Í niðurlagi þessa kafla er komið inn á að uppbygging vindorkugarðs hafi einvörðungu í för með sér auknar skatttekjur án aukinna útgjalda. Hér er alhæft um þætti sem fast ekki staðist í því ljósi að augljóslega mun mjög mikil uppbygging raforkuinnviða sem þarf að mæta með margvíslegum hætti einmitt vegna uppbyggingu vindorkuvera kosta neytendur raforkunnar verulegar fjárhæðir í formi flutningsgjalda raforku.</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Kristín Helga Gunnarsdóttir</p> <p>1.3 Breyting á fyrri áformum um vindorkugarð... “Síðan fyrri matsáætlun lá fyrir hafa orðið breytingar á framkvæmdinni, þær helstu eru eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vindmyllur verða fleiri en áður var ætlað eða 10-14 í stað 2-6 og aflgeta á bilinu 66-100 MW í stað 9,8-30 MW. • Vindmyllur verða hærrí en áður var ætlað eða um 180 m háar með spaða í efstu stöðu í stað 135-150 m. Í fyrri matsáætlun var fallið frá 180 m háum vindmyllum eftir greiningu á sjónrænum áhrifum. Síðan það var hefur verkefnið þróast og unnið frekar í nánari staðsetningu vindmylla innan svæðis. Greining sjónrænna áhrifa í fyrri matsáætlun miðaði við staðsetningu vindmylla á hæstu punktum á svæðinu en frekari greining hefur leitt í ljós að slíkt verður ekki raunin. ” <p>1.3 Hin umfangsmikla stækkun sturlaðra áforma um orkuver: Síðan fyrri matsáætlun lá fyrir hefur afstaða og andsstaða fólks í sveitinni alls ekki breyst gagnvart þessu skammsýna og sjálfhverfa framtaki með tilheyrandi ábyrgðarlausum og óafturkræfum náttúruspjöllum. Þó þurfum við aftur að fara af stað og tjá okkur um ennþá stærrí áform, enn meiri umturnun á náttúruperlum, enn ófgakenndari hugmyndir um umbyltingu á náttúru- og samfélagsmynd. Enn fleiri vindtúrbínur og enn hærrí og stærrí skýjakljúfar eru blaut tuska framan í samfélag og náttúruvernd. Þetta er sorgleg atлага að nærsamfélaginu. Ástæða stærrí áforma er ekki tækniþrífur heldur græðgin berskjölduð. Og svarið er ennþá: Nei, aldrei vindorkuver á Grjóthálsi.</p>	<p><i>Um er að ræða nýja matsáætlun með nýjum áformum. Einnig er í auglýsingu deiliskipulag fyrir tímabundið veðurmastur á Grjóthálsi, en á sínum tíma var talið að ekki væri heimilt að veita leyfi fyrir uppsetningu mastursins á grundvelli ákvæða um landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi. Aðalskipulagi hefur nú verið breytt að því leyti að uppsetning tímabundins masturs er leyfileg á landbúnaðarsvæðum og þar með unnt að vinna deiliskipulag fyrir mastrið.</i></p> <p><i>Borgarbyggð vinnur að heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Hluti af þeirri endurskoðun felur í sér umfjöllun og stefnumörkun um vindorku í sveitarfélaginu.</i></p>
<p>Landvernd Stjórn Landverndar hefur kynnt sér efni fyrirbyggjandi matsáætlunar. Við yfirferð málsins hlýtur Landvernd að vekja athygli á fyrri tilraunum að koma framkvæmdinni á dagskrá. Þann 16. okt. árið 2019 var lögð fram “Drög að matsáætlun” unnin af VSÓ ráðgjöf undir heitinu “Vindmyllur á Grjóthálsi”. Næstu áform um sama verkefni undir sama heiti var síðan lagt fram í mars 2020 “Tillaga að matsáætlun” á Grjóthálsi unnið sömuleiðis af verkfræðistofunni VSÓ ráðgjöf. Þann 7 mars 2023 lá fyrir kæra frá framkvæmdaðila vegna ákvörðunar byggingarfulltrúa Borgarbyggðar frá 11. nóvember 2022 um að synja heimild vegna uppsetningar rannsóknamasturs v/vindorku á Grjóthálsi í landi Sigmundarstaða. “Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda Hafþórsstaðir ehf um að felld verði úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúa Borgarbyggðar frá 11. nóvember 2022 um að synja um heimild til uppsetningar rannsóknamasturs í landi Sigmundarstaða.” https://uua.is/urleits/136-2022-rannsoknarmastur/ Í mars 2024 er síðan komin til sögunnar ný matsáætlun frá hendi sama framkvæmdaðila undir heitinu „Vindorkugarður á Grjóthálsi” að þessu sinni er framkvæmdaðili með nýtt nafn þ.e. Hafþórsstaðir hf eru nú Hrójónar ehf og ný verkfræðistofa COWI fengin að borðinu til að vinna ný og gerbreytt áform í nýrri matsáætlun. Fyrir liggur að mjög mikil andstaða var vegna fyrri áforma og gerir Landvernd því fastlega ráð fyrir að það verði enn</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>meiri andstaða nú vegna breytinga og stækkunar vindorkuversins sem kemur fram í hinni nýju matsáætlun. Landvernd vekur sérstaka athygli á vegna fyrri áætlana sem voru mun minni að umfangi þá má sjá hér frétt á rúv.is 12. júní 2021 þar sem fram kemur að hátt í 70 athugasemdir voru sendar inn gegn fyrri áformum. Sú andstaða var hins vegar ekki aðeins frá íbúum og almenningi heldur tók skipulagsnefnd Borgarbyggðar og sveitarstjórn Borgarbyggðar ákvörðun að hafna því að reist yrði vindrannsóknarmastur, og þar með vindorkuveri á Grjóthálsi a.m.k. tímabundið. Landvernd lítur svo á að ef sveitarstjórn var í vafa vegna fyrri áætlana þá hljóti núverandi áform með mun stórtækari áhrifum að vera með öllu útilokuð af hálfu sveitarfélagsins. Sjá annars hér frétt um eindregna andstöðu við fyrri áform. https://www.ruv.is/frettir/innlent/2021-06-12-mikil-andstada-gegn-vindmyllum-i-borgarbyggd.</p>	

19. Mengunarhætta

Umsögn	Viðbrögð
<p>Gunnlaugur Auðunn Júlíusson</p> <p>4. Í kafla um mat á umhverfisáhrifum, sem hefst á bls. 16 er farið yfir þau atriði sem fyrirhugað er að fjalla um mat á umhverfisáhrifum verkefnisins. Athygli vekur að ekkert er fjallað um mögulega mengunarhættu frá þeim vindorkuverum sem fyrirhugað er að reisa á Grjóthálsi og hvernig verður brugðist við henni. Að mati undirritaðs er óhjákvæmilegt að beina athyglinni að henni í umræðu um mat á umhverfisáhrifum vegna áætlana um uppbyggingu vindorkuvera á Grjóthálsi.</p>	<p><i>Athugasemdir undir þessum lið fjalla um mengunarhættu vegna olíumengunar. Einnig er vísað til annars konar mögulegrar mengunar, en viðbrögðum við slíkum athugasemdum s.s. hjóð og lýsingarmengun má sjá á öðrum stöðum í þessu skjali.</i></p> <p><i>Eins og fram kemur í kafla 5.4.2 verður gerð grein fyrir mögulegum áhrifum mengandi efna á yfirborðsvatn, jafnt á framkvæmda- sem rekstrartíma verkefnisins. Verði þörf á sérstökum viðbrögðum eða mótvægisáðgerðum verðum þeim lýst í umhverfismatskýrslu.</i></p>
<p>Gunnlaugur Auðunn Júlíusson</p> <p>8. Í vélarhúsi hvers vindorkuvers þarf að nota a.m.k. 2.000 lítra af mótrolíu. Kunnugt er erlendis frá að mótórar vindorkuvera hafa brunnið og eyðilagst af ýmsum ástæðum. Mengunarslys hafa orðið þegar mótórarir brotna og eyðileggjast á þann hátt að olían streymir niður. Að mati undirritaðs þarf í umhverfismati vegna verkefnisins að leggja mat á þá mengunarhættu sem er fyrir hendi í tengslum við uppbyggingu og rekstur garðsins og hvaða áhrif hún getur haft á næsta nágrenni s.s. á Norðurá, hina miklu borgfirsku laxveiðiá.</p>	
<p>Hraunbær I & II og Hvassafell I & II</p> <p>Meta þarf hættu á olíu mengun sem stafar af vinnuvélum og flutningabílum á framkvæmda tíma og af nokkur þúsund lítrum af olíu sem verða í spennum og mögulega á minni spennum í hverri vindmyllu. Fyrirsjáanlegt er að nokkur tonn af berum koparvír verður sett í jörð til jarðtengingar bæði við hverja vindmyllu og undir spenni- og tengivirki, mengunarhætta er af þessu fyrir nærumhverfið.</p>	

Umsögn	Viðbrögð
<p>Það eru miklar klappir á Grjóthálsi eins og nafnið bendir til, því má gera ráð fyrir að mörg tonn af sprengiefni verði notuð við framkvæmdina með tilheyrandi hávaða og truflun fyrir fólk og dýr.</p>	
<p>Hulda Guðmundsdóttir</p> <p>Hver er mengunarhættan af framkvæmdinni og hvernig verður brugðist við henni? Hér er átt við mengunarhættu á framkvæmdastigi og síðar, m.a. olíu- og fiberplast mengun vegna veðrunar á spöðum, ljós- og hljóðmengun o.m.fl. Gera verður kröfu um að ítarlega verði fjallað um mengunarhættu af verkefninu í umhverfismati.</p>	
<p>Laufey valsteinsdóttir</p> <p>Þá liggur heldur ekkert fyrir um hvernig mengun á svæðinu verður hreinsuð, sér í lagi ef áætlanir framkvæmdaaðilans ganga ekki eftir.</p>	
<p>Sigríður Bjarnadóttir</p> <p>Raforkuveri á Grjóthálsi mun fylgja, eins og hefur marg oft komið fram, mjög mikil sjónmengun, ljósamengun, plastmengun, hljóðmengun og slæm áhrif á bæði dýr og menn. Þetta eru staðreyndir sem koma ítrekað fram í viðtölum og skýrslum t.d frá Noregi. Það að einhverjum detti í hug að setja niður vind-raforkuver á þessum stað og á þessum tímum, er alveg forkastanlegt.</p>	

20. Ljósmengun

Umsögn	Viðbrögð
<p>Gunnlaugur Auðunn Júlíusson</p> <p>10. Í greinargerð um matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar uppbyggingu vindorkuvera á Grjóthálsi kemur ekki fram hvort eða á hvern hátt eigi að leggja mat á magn, tíðni eða umfang ljósmengunar frá vindorkuverunum. Nauðsynlegt er að það verði gert.</p>	<p><i>Eins og fram kemur í kafla 2.6 í matsáætlun þá verður stuðst við ákvörðun Samgöngustofu nr. 1/2019 þar sem settar eru fram lágmarkskröfur um lýsingu og merkingu hindrana utan áhrifasvæða flugvalla í því skyni draga úr áhættu á flugslysum og óhöppum tengdu flugi. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað nánar um þessa ákvörðun Samgöngustofu og hvernig fyrirhugaður vindorkugarður á Grjóthálsi fellur þar undir, þ.e. hvort þörf verði á uppsetningu flugöryggisljósa eða öðrum aðgerðum.</i></p>
<p>Hraunbær I & II og Hvassafell I & II</p> <p>Í áætlunni er lítið gert úr mögulegri ljósamengun og gefið í skín að hugsanlega þurfi ekki viðvörunarljós vegna flugumferðar. Það er ekki flókið að finna það út, það þarf viðvörunarljós þó svo að flugumferð sé lítil. Því þarf að meta umhverfis áhrif að a.m.k. 14 blikandi ljósum sem munu sjást um mest allan Borgarfjörð.</p>	<p><i>Í kafla 5.2.2 um áætlun um mat á áhrifum á ásjúnd segir eftirfarandi um lýsingu og mat á áhrifum hennar: "Að auki verður í umhverfismatsskýrslu gerð grein fyrir mögulegum áhrifum lýsingar innan vindorkugarðsins á ásjúnd og myrkurgæði. Verður það gert með því að útbúa ásjúndarmyndir að næturlagi frá völdum sjónarhornum og mat lagt á möguleg áhrif út frá þeim".</i></p>
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir</p>	

Gerð er athugasemd við að ekki skuli metin áhrif af ljósmengun frá vindmyllunum vegna viðvörunarljósa fyrir flugumferð. Vakin er athygli á því að í fyrri ákvörðun Skipulagsstofnunar nr. 202001083 er í 13. lið bls. 9, er tekið fram að gera þurfi sérstaka athugun á áhrifum lýsingar á ásýnd og myrkurgæði.

21. Landamerki

Nr. 18 - Umsögn	Viðbrögð
<p>Guðmundur Ebenezers Guðjónsson</p> <p>Við eigendur á Grjóti leggjumst alfarið á móti þessari framkvæmd og finnst hún líka mögnuð þar sem landamerki milli Grjóts Og Sigmundastaða liggja ekki fyrir með gps punktum eða samþykkt af eigendum beggja þannig að öll gögn í þessum pakka eru fölsuð eða röng. Við áréttum okkur að sækja á Borgarbyggð bætur ef þeir samþykkja gögn sem eru án samþykktra og löglegra landamerkja.</p> <p>Skiluðu umsóknaraðilar inn landamerkjum á sínum jörðum gps hnitað þynglýsta með undirskrift náganna sinna? Ef ekki þá tel ég öll mæligögn eða kort ómerk.</p>	<p><i>Framkvæmdaraðili er meðvitaður um að landamerki liggja ekki fyrir á litlum hluta framkvæmdasvæðis. Unnið hefur verið að staðfestingu landamerka um skeið og verður því framhaldið þangað til niðurstaða fæst. Við afmörkun framkvæmdasvæðis var gert ráð fyrir þessari óvissu og eru því mörk framkvæmdasvæðis innan lands jarðanna og ekki farið inn fyrir þau mörk þar sem óvissa er fyrir hendi.</i></p>
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir</p> <p>Gerð er alvarleg athugasemd við mörkun framkvæmdasvæðis, samkvæmt þeim teikningum sem lagðar eru fram í matsáætluninni, sem nær að hluta inn á land Hóls en ekki hefur verið útkljáð um legu landamerkja Hóls og Hafþórsstaða.</p> <p>Gerð er athugasemd við að svo virðist af þeim frumrannsóknnum sem gerðar hafa verið að farið hafi verið í óleyfi inn á önnur lönd sem liggja að framkvæmdasvæðinu án þess að afla tilskilinna leyfa.</p>	
<p>Kristín Helga Gunnarsdóttir</p> <p>Blekkingar og tilfæringar einkenna orðfæri og myndefni þessarar skýrslugerðar keyptu umsagnaraðilanna og má til dæmis benda á Grjótháls tengist ekki Holtavörðuheiði við jarðirnar Hafþórs og Sigmundarstaðir sem eru langt frá Holtavörðuheiði. En tilgangur slíks orðfæris er skapa hugrenningatengsl athafnasvæðis við afskekkt heiðaland og Holtavörðuheiði. Heildar ásýnd og ímynd Borgarbyggðar er víðáttumikil í nágrenni Baulu og Grábrókarhrauns og tákmynd Borgfirskar náttúrufegurðar.</p>	
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir</p> <p>Gerð er athugasemd við þá fullyrðingu sem fram kemur í kafla 3.4 um að framkvæmdir hefjist við Holtavarðarheiðarlínu 1 á árinu 2025 en ekki hefur verið samið við landeigendur um lagningu línunnar.</p>	<p><i>Í kafla 3.4 er vísað til Kerfisáætlunar Landsnets þar sem þetta kemur fram. Þegar niðurstaða um Holtavörðuheiðarlínu 1 liggur fyrir þ.á.m. um legu hennar, má gera ráð fyrir að Landsnet leiti eftir samningi við viðkomandi landeigendur.</i></p>

22. Gróðurfar

Umsögn	Viðbrögð
<p>Guðrún Jónsdóttir og Davíð Aðalsteinsson</p> <p>Á framkvæmdasvæðinu eru vistgerðir sem njóta verndar og miðað við umfang framkvæmdaáætlunar er ljóst að þeim verður raskað.</p>	<p><i>Þessi hluta athugasemda fjallar um áhrif á gróður.</i></p> <p><i>Ljóst er að rask verður á vistgerðum vegna framkvæmda. Fjallað verður um rask á vistgerðum í umhverfismatsskýrslu og hvernig reynt verður að draga úr áhrifum á vistgerðir og þá sérstaklega þær sem eru með hátt verndargildi eins og votlendisvistgerðir. Verði ekki komist hjá raski á slíkum vistgerðum verða settar fram mótvægisáðgerðir sem miða munu að því að bæta fyrir það rask sem verður.</i></p> <p><i>Greint verður frá heildarraski á vistgerðum þ.á.m. votlendisvistgerðum. Þar sem vegir innan svæðis munu þvera votlendissvæði verður greint frá hvernig unnt verði að lágmarka áhrif á votlendi við hönnun og lagningu veganna.</i></p>
<p>Kapall hf – Magnea Björg Skúladóttir</p> <p>Á Grjóthálsi er ríkjandi vistgerðin starungsmýravist sem er með mjög hátt verndargildi skv. Bernarsamningnum frá 2014. Þá er mikið um mófugl hverskonar á Grjóthálsi sem þekktur er fyrir að nýta þessa vistgerð til varps. Kapall hf. efur lagt metnað sinn í að halda þeim hluta Grjótháls sem tilheyrir landi Skarðshamra ósnortnum í þeim tilgangi að þar haldi mófugl búsvæði sínu ósnortnu.</p>	
<p>Málfríður Kristjánsdóttir</p> <p>Matsáætlun um mat á umhverfisáætlun er ófullnægjandi.</p> <p>Ger þarf nánari grein fyrir:</p> <p>Hvernig staðið verður að varðveislu votlendis milli klettabelta og greina nákvæmlega hve mikið votlendi tapast. Þá þarf að sýna með uppdráttum hvar og hvernig vegir skera votlendibelti á væðinu.</p>	

23. Hljóð og titringur

Umsögn	Viðbrögð
<p>Guðrún Jónsdóttir og Davíð Aðalsteinsson</p> <p>Til að festa vindmyllurnar þarf að bora í bergið. Ómögulegt er að segja til um hvert hljóð og titringur leiðir en draga má í efa að það hafi góð áhrif á lífríkið s.s. villta laxinn í Norðurá.</p>	<p><i>Ekki er gert ráð fyrir að þetta sé framkvæmdaþáttur sem geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og verður því ekki til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslu. Fjallað verður almennt um áhrif og ónæði á framkvæmdatíma fyrir íbúa á svæðinu og vegfarendur.</i></p>
<p>Hraunbær I & II og Hvassafell I & II</p> <p>Frá vindmyllur stafar stöðugur kvinnur þó hann sé ekki endilega hár, það er trúflandi, hljómar eins og flugvél sé stöðugt að nálgast. Reiðleiðin yfir Grjótháls verður ófær. Hestamenn þekkja það frá Búrfelli að kvinnurinn frá þeim litlu vindmyllum sem þar eru fælir hesta og gerir þá mjög órólega.</p>	<p><i>Fjallað verður um hávaða frá vindmyllum og verður megin viðmið í þeim útreikningum íslensk reglugerð um hávaða sem tekur mið af hávaða við húsvegg frá atvinnustarfsemi.</i></p> <p><i>Ekki er vitað um rannsóknir sem sýna að hestar fælist við hávaða frá vindmyllum og í Noregi eru kindur og hreindýr á beit á vindmyllusvæðum.</i></p>
<p>Kristín Ingólfsdóttir og Einar Sigurðsson</p>	

Hávaðamengun frá vindmyllum er óhjákvæmileg, stöðugur hvinur og lágtíðni hljóð. Lítt eða ókannað er hver heilsufarsleg áhrif af þessum eða öðrum áhrifaþáttum geta verið.

24. Gögn

Umsögn

Hrafnhildur Sverrisdóttir

Mikilvægt er að gögn séu heiðarleg og er sérstaklega mikilvægt að skoða hver raunverulegir hagsmunaaðilar. Þær myndir sem fram eru lagðar, eru villandi og sýna ekki raunstærðir, sýna ekki vegalagningu eða jarðrask, sýna ekki fyrirhugaðar námur, sýna ekki tengivirki, sýna ekki það jarðrask sem af svona stórrí framkvæmd verður. Ekki er heldur gerð grein fyrir starfsmannaáðstöðu fyrir verkamenn, né umhverfisáhrif af starfsemi og rekstri mannvirkis. Myndirnar sýna mjög finlegar vindmyllur. Undirrituð hefur sjálf gert svona myndir og er mjög vel læs á skala og umhverfi. Myndirnar í skýrslunni eru villandi í alla staði. Rétt væri að einnig að gera þversneiðingu af Norðurárdal og yfir í Baulu, sem sýnir umfang allra fyrirhugaðra mannvirkja sem um er rætt í áætluninni. Auk þess er mikilvægt að sýna þá dýpt sem mannvirkið nær niður í jörðina, til að sýna í raun og veru hversu stórt það er. Hljóðkort og skuggavarp er einnig mikilvægt. Skuggavarp ætti að vera gert fyrir sumarsólstöður, jafndægur og 1. desember, þegar sólin er sem lægst á lofti og dagsbirtan sem verðmætust. Þar sem framkvæmdin er rökstudd með svo kölluðum orkuskiptum, ætti að gera áætlun um útreikning á kolefnisspori undirbúnings (jarðvinnu og aðflutninga), byggingarefni, framkvæmd (hvað er notuð mikil olía í verkið, hvað eru margir verkamenn sem fluttir eru milli landa o.fl.), rekstur og starfsemi vindorkuversins, viðhald og förgun, að líftíma liðnum. Það ætti einnig að gera almenna vistferilsgreiningu (LCA). Lagt er til að kostnaður við förgun og frágang á landi verði reiknaður út í krónum. Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir að það búi fólk í núverandi Norðurárdal og Þverárhlið. Ekki er gert ráð fyrir að skoða sjónræn áhrif frá neinum sveitabæ, heldur er lögð áhersla á áhrif á ferðamenn, veiðimenn og bílstjóra. Hvernig líta þessi mannvirki út frá bæjarhlaðinu? Hvernig er fyrir börn að fara út að leika sér í hávaða og lágtíðnihljóðum frá vindorkuveri? Hvernig þrífast dýr í slíku, en bæði Norðurárdalur og Þverárhlið eru landbúnaðarsvæði. Stöðug hljóðvistarmengun getur haft skaðleg áhrif á heilsu fólks og dýra. Það er eins og matsáætlun geri ráð fyrir að allir íbúar verði fluttir í burtu og sveitirnar lagðar eyði, svo hægt verði að setja upp vindorkuver fyrir útvalda einstaklinga. Með því er einkahagsmunir teknir fram yfir hagsmuni heildarinnar, hagsmunir útvalinna aðkomumanna á kostnað núverandi íbúa og fasteignaeigendur.

Viðbrögð

Eðli matsáætlunar er að vera yfirlitskjal yfir framkvæmdaáform og kynna hvernig staðið verði að umhverfismati framkvæmdarinnar. Af þeim sökum er eðlilegt að gögn séu ekki komin á þann stað sem þau endanlega verða. Ákveðið varð að sýna myndir í matsáætlun sem gefa til kynna hvernig sýnileiki getur orðið. Í umhverfismatskýrslu verða svo birtar stærri myndir í samræmi við skoskar leiðbeiningar þess efnis sem fylgt hefur verið í öðrum verkefnum og eru þær leiðbeiningar sem Skipulagsstofnun vísar til.

Í umhverfismatskýrslu verða unnir útreikningar á hljóðvist og skuggavarp eins og rætt er í matsáætlun, og kort birt sem sýnir dreifingu þessara tveggja umhverfisþátta.

Framkvæmdaraðili mun vinna að útreikningum á kolefnisspori verkefnisins og birta niðurstöður í umhverfismatskýrslu.

Ekki er gert ráð fyrir að vinna sérstaka vistferilsgreiningar sem hluta af umhverfismati.

Þeir 16 ásýndarpunktar sem settir eru fram eiga að fanga ásýnd frá stöðum þar sem fólk býr, á leið um eða er að stunda útivist, frá 3 km fjarlægð til 40 km fjarlægðar frá fyrirhuguðum vindorkugarði.

25. Mótvægisáðgerðir

Umsögn	Viðbrögð
<p>Hrafnhildur Sverrisdóttir Í matsáætlun segir eftirfarandi: „Þegar efnistöku er lokið í námunum verður gengið frá þeim þannig að sem minnst beri á þeim og þær falli inn í landslagið.“ „Í lok framkvæmda verður gengið frá framkvæmdasvæðum eins og best verður á kosið og þannig að framkvæmdir falli eins vel að landi og mögulegt er.“ Þetta orðalag kallar á matskennda túlkun og gerir engar kröfur til framkvæmdaraðila. Hver mun meta hvað „fellur inn í landslagið“ eða að frágangur verði „eins og best verður á kosið“? Þegar búið er að eyðileggja land, þá er enginn frágangur eins og best verður á kosið. Slíkar yfirlýsingar eru innihaldslausar og leggja engar kvaðir á uppbyggingaraðila eða framkvæmdaraðila.</p>	<p><i>Fjallað verður nánar um mótvægisáðgerðir í umhverfismatsskýrslu. Þar er mögulegt að settar yrði nánari kvaðir á frágang og lýsingu á fyrirkomulagi þess.</i></p>

26. Kolefnisspor

Nr. 18 - Umsögn	Viðbrögð
<p>Hraunbær I & II og Hvassafell I & II Landnotkun undir vegi og athafna svæði er ekki tekin saman í áætlunninni. Augljóst er að styrkja og breikka þarf gamla veginn yfir Grjótháls. Einnig er stór spurning hvort 60 og 70 ára gamlar brýr yfir Norðurá og vegir í suð-austur hluta Norðurárdals þola fyrirsjáanlega gríðarlega þungaflutninga. Til að flyta til 250 þúsund tonn að jarðefnum þarf um 12-14000 ferðir flutningabíla (x 2 fram og til baka) og vegir að vera a.m.k. 6-7 metra breiðir til að bílar geti mæst. Það má gera ráð fyrir að steypumagn sé a.m.k. 30.000-40.000 m³ það gera ca. 4000-5000 ferðir uppá hálsinn eða ef á að setja upp steypustöð uppá hálsinum þarf að gera grein fyrir því og meta umhverfisáhrif og mengunar hættu. Að ofan sögðu, taka þarf saman og kolefnisspori af framkvæmdinni ásamt heildar landnotkun.</p>	<p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað nánar um flutninga og mögulegar uppfærslur vega í tengslum við flutninga og framkvæmdir.</i></p> <p><i>Unnir verða útreikningar á kolefnisspori framkvæmdarinnar og verða þeir hluti af gögnum sem kynnt verða í umhverfismatsskýrslu.</i></p>

27. Samráð og leyfi

Umsögn	Viðbrögð
<p>Guðmundur Ebenezer Guðjónsson Mótmæli því að ekki fór fram grenndarkynning á þessu og finnst mér það mjög óeðlilegt að nágrannar þurfi að láta mann vita af þessu máli.</p>	<p><i>Í þessum hluta athugasemda er fjallað um samráð og kynningu verkefnisins.</i></p> <p><i>Unnið er í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Framlagning matsáætlunar sem þessarar er fyrsta þrep verkefnisins og gefst almenningi kostur á að gera athugasemdir við áformin eins og hér er gert. Það sama á við þegar umhverfismatsskýrsla er auglýst á</i></p>
<p>Kristín Helga Gunnarsdóttir</p>	

1.4 Matsskylda framkvæmdar og leyfi

“Framkvæmdir eru jafnframt háðar eftirfarandi leyfum: Virkjunarleyfi til að reisa og reka raforkuver, framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar, byggingarleyfi frá byggingarfulltrúa Borgarbyggðar, starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands veitir um hollustuhætti og mengunarvarnir og losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þar er um að ræða starfsemi virkjunar og vinnubúða. • Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands veitir fyrir m.a. efnisnámi, steypustöð, verktakaaðstöðu og starfsmannabúðum. Leyfi Minjastofnunar Íslands, ef við á vegna fornleifa og þá er Samgöngustofu heimilt að krefjast þess að vindmyllurnar verði merktar ef þær teljast hættulegar flugumferð.”

1.4 Matsskylda framkvæmdar og leyfi

Öfgakennd rísaáform fyrir heilt sveitarfélag, eins og þau sem hér liggja fyrir, ættu fyrst og síðast að vera háð eftirfarandi: Heimildum og viljayfirlýsingum frá öllu nærsamfélaginu. Leyfi frá kjörnum þjónustufulltrúum í sveitarstjórn sem byggja eingöngu á vilja meirihluta samfélagsins og umsögnum úr nærumhverfi. Mati og meðmælum frá náttúruverndarsamtökum og fræðasamfélagi fremur en hlutdrægum verkfræðistofum sem bíða verkefnanna- en þó fyrst og síðast ættu slíkar ákvarðanir að byggja á ábyrgri stefnu stjórnvalda til framtíðar sem byggir á náttúruvernd, samfélagsvernd og sameign orkuinnviða þjóðar sem varðar ekki síst þjóðaröryggi. Baulutindur- tákmynd Borgarfjarðarhéraðs mun blasa við fyrirhugðu iðnaðarsvæði erlenda orkuversins.

1.5 Tímaáætlun matsvinnu og aðkoma almennings

“Með kynningu Skipulagsstofnunar á matsáætlun er kallað eftir athugasemdum umsagnaraðila út frá starfssviði þeirra, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil við umhverfismat framkvæmdarinnar. Þá skulu leyfisveitendur í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð. Kynning matsáætlunar er einnig ætluð almenningsi í þeim tilgangi að gera grein fyrir framkvæmdaáformum sem og til að fá fram upplýsingar og ábendingar um framkvæmdasvæðið og framkvæmdaáformin á heildina litið. Með umsögnum og athugasemdum er unnt að undirbyggja betur umfjöllun um möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfi og samfélag.”

1.5 Tímabjófnaður, lýðræðishalli og takmörkuð aðkoma almennings

Aðkoma almennings að öfgakenndum stóriðjuáformum í Norðurárdal og Þverárhlið er með þeim hætti að reglubundið í nokkur ár hefur einstaklingum og félagasamtökum verið boðið uppá að lesa langar og mis vel skrifaðar þjónustuskýrslur þar sem stóriðjuáform í heimasveitum fólks eru reiknuð, teiknuð og fegrðuð – langar söluskýrslur sem ætlaðar eru til að ýta áformum áfram í gegnum sjálfvirknikennt leyfisveitingaferli. Lýðræðishallinn er gríðarlegur þar sem einstaklingar (sem oft á tíðum eru stærstu hagsmunaaðilarnir, með eigin rekstur og lífibrauð á viðkomandi svæðum) þurfa

seinni stigum. Í reglugerð með lögunum segir um kynningu í 16.gr.

: “Skipulagsstofnun getur, ef tilefni er til, í samráði við framkvæmdaraðila ákveðið að kynna framkvæmd og umhverfismatsskýrslu á opnu húsi, kynningarfundum eða á annan hátt”.

Gera má ráð fyrir að í þessu verkefni verði haldinn opinn kynningarfundur um helstu niðurstöður.

Grenndarkynning er hluti af deiliskipulagsferli á seinni stigum, en ekki hluti af umhverfismati.

<p>Ítrekað að leggjast yfir græðgisáform utanaðkomandi afla, kynna sér í þaula og skrifa umsagnir sem hafa svo sáralítið vægi við hlið löngu skýrslugerðarinnar sem nýútskrifaðir fræðingar hanna á færribandi verkfræðistofanna eftir skólauppskriftum til þess að þjónusta fjármagnið sem greiðir launin og keyrir stofur og verk áfram. Og við lesum áfram nýjar öfgahugmyndir, hugsum, tölum, skrifum í eigin tíma og fjármagni - og þessi öfgahugmynd sem hér liggur á borðinu er mun stærri en sú sem við mótmæltum í síðustu lotu.</p>	
<p>Hafsteinn Ingi Gunnarsson Eigendur að Kvíum 1 í Þverárhlið mótmæla harðlega fyrirhuguðum áformum um vindorkugarð á Grjóthálsi með þeim rökum sem þegar hafa komið fram m.a. er varða hávaða- og sjónmengun. Ef grenndarkynna þarf litlar framkvæmdir við íbúðarhús fyrir næstu nágrönnum þar sem samþykki allra þarf að liggja fyrir hlýtur að vera gerð sú krafa að mannvirki sem gnæfa yfir heilt sveitarfélag þurfi einróma samþykki allra íbúa sem mannvirkið hefur áhrif á.</p>	

28. Vatnafar

Umsögn	Viðbrögð
<p>Óskar Baldvin Hauksson og Inga Jóna Friðgeirsdóttir Gerð er athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir að kanna áhrif á vatnasvæði utan framkvæmdasvæðis t.d. nærliggjandi vatnsból í landi Hóls.</p>	<p><i>Fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekki innan vatnsverndarsvæðis. Ekki er talið að röskun verði á vatnsverndarsvæðum utan framkvæmdasvæðis. Fjallað verður um vatnafar innan framkvæmdasvæðis í umhverfismatskýrslu og möguleg áhrif mengandi efna á yfirborðsvatns og möguleg áhrif framkvæmda á rennsli yfirborðsvatns. Settar verða fram mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum ef niðurstöður athugana gefa tilefni til.</i></p>

29. Flugöryggi

Umsögn	Viðbrögð
<p>Sigríður Guðbjartsdóttir og Diðrik Vilhjálmsson Settur þetta skorður á flugumferð t.d. í tengslum við nærliggjandi veiðihús, einnig fljúga reglulega þyrlur hér yfir á vegum Landhelgisgæslunnar í sjúkraflugi og vegna slysa.</p>	<p><i>Í kafla 2.6 í matsáætlun er fjallað um flugöryggi. Þar kemur eftirfarandi fram: "Þar sem vindmyllur eru há mannvirki þarf að skoða hvort uppsetning vindmylla hafi áhrif á flugleiðir um þetta svæði og greina möguleg áhrif í samræmi við lög nr. 60/1998, um loftferðir, og reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli. Öllu jafna er lítil flugumferð yfir Grjótháls, sem er einn þeirra þátta sem gerir staðsetninguna fýsilega fyrir vindorkugarð. Skoða þarf þessi mál í samráði við Samgöngustofu, sem hefur það hlutverk að gæta að flugöryggi. Stuðst verður m.a. við ákvörðun Samgöngustofu</i></p>

	nr. 1/2019 þar sem settar eru fram lágmarkskröfur um lýsingu og merkingu hindrana utan áhrifasvæða flugvalla í því skyni draga úr áhættu á flugslysum og óhöppum tengdu flugi. Í umhverfismatskýrslu verður fjallað nánar um þessa ákvörðun Samgöngustofu og hvernig fyrirhugaður vindorkugarður á Grjóthálsi fellur þar undir, þ.e. hvort þörf verði á uppsetningu flugöryggisljósa eða öðrum aðgerðum."
--	---

Yfirlit yfir athugasemdir félagasamtaka og almennings

Félagasamtök og almenningur	Númer athugasemda
Anna Ólafsdóttir	1
Anna Sigríður Einarsdóttir	1
Arnór Orri Hermannsson	1, 2, 3, 4, 5, 6, 7
Bjarki Vilhjálmsson & Þuríður Inga	1, 2, 4, 8, 9, 10, 11
Davíð Þór Skúlason	12
Eiður Ólason	1, 2, 12
Einar Guðbjartur G. Pálsson	1, 2, 4
Erla Guðný Helgadóttir	6, 11, 12, 14
Farkostur ehf. & Lövenskjöld ehf.	1, 2, 4, 6, 11, 13, 14, 15, 16
Georg Magnússon & Steinunn Júlía Steinarsdóttir	11
Gunnlaugur Auðunn Júlíusson	2, 3, 4, 5, 8, 9, 10, 13, 17, 18, 19, 20
Guðmundur Ebenezer Guðjónsson	2, 6, 9, 10, 13, 21, 27
Guðmundur Gíslason	1
Guðrún Jónsdóttir	1, 2, 9, 15
Guðrún Jónsdóttir & Davíð Aðalsteinsson	2, 13, 14, 15, 22, 23
Guðrún Sigurjónsdóttir	2, 4, 13, 15
Hafsteinn Ingi Gunnarsson	27
Halldór Zoéga	1

Félagasamtök og almenningur	Númer athugasemda
Hjörleifur L. Hilmarsson	1
Hrafnhildur Sverrisdóttir	1, 11, 15, 17, 24, 25
Eigendur Hraunbæjar I & II og Hvassafells I & II	2, 4, 6, 10, 11, 13, 15, 19, 20, 23, 26
Hulda Guðmundsdóttir	5, 9, 10, 15, 17, 19
Iðunn Hauksdóttir	6
Jessica Leigh Andrésdóttir	1
Júlíus Geir Gíslason	1
Kapall hf. Magnea Björg Skúladóttir	2, 6, 10, 11, 12, 13, 22
Kristín Elfa Guðnadóttir	1
Kristín Helga Gunnarsdóttir	1, 2, 4, 6, 9, 11, 12, 13, 14, 15, 18, 21, 27
Kristín Ingólfssdóttir og Einar Sigurðsson	1, 2, 6, 9, 11, 13, 23
Landvernd	12, 15, 18
Laufey Valsteinsdóttir	1, 13, 15, 17, 19
Málfríður Kristjánsdóttir	2, 3, 5, 6, 10, 11, 13, 18, 22
Monika Abendroth	2, 4, 6, 12
Óskar Baldvin Hauksson & Inga Jóna Friðgeirsdóttir	2, 4, 5, 7, 8, 9, 11, 14, 15, 17, 18, 20, 21, 28
Páll Hrannar Hermannsson	1, 14
Rósa Erlendsdóttir	1
Rósa Ívarsdóttir	1
Sigríður Bjarnadóttir	1, 2, 6, 8, 9, 10, 13, 17, 18, 19
Sigríður Guðbjartsdóttir & Diðrik Vilhjálmsson	6, 10, 11, 29
Sigurður Jónas Gíslason & Margrét Guðjónsdóttir	2, 11
Sveinn Ragnarsson	2
Veiðifélag Norðurár	1, 9

Félagasamtök og almenningur	Númer athugasemda
Vilhjálmur Diðriksson og Ágústa Gunnarsdóttir	1, 4, 9, 11